allt

ÞORGEIR AXEL ÖRLYGSSON
Á vakt á gamlárskvöld
áramót - bílar
Í MIÐJU BLAÐSINS

BESTU BÍÓMYNDIR ÁRSINS
Kvikmyndahátíðir björguðu árinu
Sin City trónir á toppnum
KVIKMYNDIR 34

ALLT Í RUSLI
Ruslatunnurnar eru aldrei jafn fullar og eftir jól
Tekið til eftir hátíðina
TILVERAN 12

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. desember 2005 — 351. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

Sjötugur á Kanarí

Stefán Hermannsson, fyrrverandi borgarverkfræðingur, heldur upp á stórafmæli í suðurhöfum.

TÍMAMÓT 26

Hilvítis hilvíti

Það eru forréttindi að fá að kynnast fólki eins og því sem byggði Grímsstaðaholtið áður fyrr, rifjar Þorvaldur Gylfason upp.

Í DAG 20

Fram úr björtustu vonum

Fyrsta plata Garðars Thors Cortes hefur selst í rúmlega 18.000 eintökum, sem þykir ekki síst merkilegt fyrir þær sakir að platan kom út fyrir aðeins sex vikum.

FÓLK 46

Garcia verður flogið til landsins

Læknir íslenska landsliðsins í handbolta mun skoða Jaliesky Garcia fljótlega eftir áramót og meta hvort hann sé leikfær á EM í Sviss. HSÍ ætlar að fljúga Garcia til landsins.

ÍÞRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG

ROFAR TIL Á NORÐAUSTURLANDI
Annars verður fremur stíf suðvestanátt með snjókomu eða éljum vestan til, skúraveðri með suðurströndinni, annars yfirleitt þurrt. Hiti 0-4 stig en frost til landsins.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Aukið eftirlit með eldri borgurum

Formaður Velferðarráðs Reykjavíkur boðar aðgerðir til að huga að aðstæðum eldri borgara. Á aðfangadag fannst 79 ára kona sem hafði verið látin á heimili sínu í Reykjavík í einhvern tíma. Nokkur slík mál hafa komið upp síðan í haust.

LÖGREGLA Eldri kona fannst látin í íbúð sinni í fjölbýlishúsi í Vesturbæ Reykjavíkur á aðfangadag. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er talið að konan, sem var fædd árið 1926, hafi verið látin í nokkurn tíma áður en hún fannst. Nágrannar konunnar kölluðu til lögreglu.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir nokkuð um að eldra fólk finnist heima hjá sér eftir að hafa verið látið í nokkurn tíma. „Ég man eftir nokkrum tilfellum frá því núna í haust," segir hann en kveðst þó ekki hafa tilfinningu fyrir því hvort þetta færist í vöxt. „Ég hef ekki samanburðinn. En ef upp koma tvö til þrjú svona tilfelli á stuttum tíma bregður fólki náttúrlega við."

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sem sæti á í heilbrigðis- og tryggingaefnd, segist telja að mál eldra fólks sem hætt sé við einangrun eigi heima hjá félagsþjónustum sveitarfélaganna. „Við í Samfylkingunni höfum talað fyrir því að auka þurfi þjónustu við aldraða þannig að félagslega kerfið fari heim til allra líkt og gert er í tilraunasveitarfélögum og kannað hvort einstaklingar þurfi á þjónustu að halda." Ásta Ragnheiður vísar þar til verkefnis sem Akureyri og fleiri bæjarfélög taka þátt í, en þá er fólk sem komið er yfir 67 ára aldur heimsótt. „Þetta er gert til að koma í veg fyrir að fólk verði einangrað, sem auðvitað er hætt við þegar ekkert eftirlit er með því hvort fólk sé með þjónustu eða ekki."

Björk Vilhelmsdóttir, formaður Velferðarráðs Reykjavíkur, telur fulla ástæðu til að huga betur að málum eldri borgara í kjölfar mála þar sem fólk hefur fundist látið heima hjá sér eftir einhvern tíma. „Við höfum þéttriðið net þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar og síðan félagsmiðstöðvar sem sinna öldruðum sérstaklega og ég held að full ástæða sé til að óska eftir betri kortlagningu aldraðra í borginni og þeirra sem eru einmana," segir hún og vísar til þess að á íbúaþingi eldri borgara í Laugardal sem haldið var í október hafi komið fram vilji eldri borgara sjálfra til að þetta yrði gert. Hún segir að auk aðkomu opinberra aðila þurfi að virkja fólk til betri nágrannavörslu.

olikr@frettabladid.is

BÍLL ALELDA Á MIÐRI MIKLUBRAUT Eldur kviknaði í gær í metangasbíl á Miklubraut við Lönguhlíð. Ökumaður bílsins náði að forða sér út áður en bíllinn varð alelda. Vel gekk að slökkva eldinn en bíllinn er talinn ónýtur. Þetta er í annað skiptið á stuttum tíma sem eldur kemur upp í metangasbíl hérlendis. Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rúmlega 13 stiga hiti var á Siglunesi um jólin og mikil rigning í Reykjavík:

Vætusömustu jól frá 1884

VEÐUR Úrkoman um jólin í ár er sú mesta síðan árið 1884, að sögn Einars Sveinbjarnarsonar, veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands. Fyrir jól hafði heildarúrkoma á höfuðborgarsvæðinu í desembermánuði verið um 120 millimetrar en um helgina rigndi niður um fimmtíu millimetrum.

Þó mikið hafi rignt í höfuðborginni í desember segir Einar það afar ólíklegt að met verði slegið þetta árið því metúrkoma á höfuðborgarsvæðinu í desember er um 180 millimetrar. Jólaveðrið var jafnframt með hlýjasta móti í ár. Mestur mældist hitinn á Siglunesi á jóladag, 13,5 stig. Þrátt fyrir mikinn hita miðað við árstíma er ekki um met að ræða því fyrir þrjátíu árum mældist fimmtán stiga hiti á Dalatanga.

Hitinn komst upp í tólf stig á Akureyri á jóladag en það er mesti hiti þar á jólum síðan 1928. Hæst fór hitinn í Reykjavík á jóladag, rúmlega tíu stig, og eru þetta samkvæmt Einari með allra hlýjustu jólum í Reykjavík þó að meiri hiti hafi mælst í desembermánuði nú síðast árin 2001 og 2002. Ástæða þessa skrýtna tíðarfars er sú að yfir landið hafa gengið hlýjar lægðir að sunnan sem færa með sér mikla vætu sem fellur helst á Suðvestur- og Vesturlandið að sögn Einars.

Einar segir að búast megi við kaldara veðri á næstunni. „Veðurlag næstu daga verður líkara því sem við eigum að venjast á þessum árstíma."

- æþe

LÍKTIST MÓÐUR TERESU Nunnusnúðurinn frægi í útstillingarskápnum á Bongo Java-kaffihúsinu í Nashville fyrir stuldinn á jóladag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Innbrot á jóladag:

Nunnusnúð stolið

BANDARÍKIN, AP Kanelsnúður, sláandi líkur móður Teresu heitinni, hvarf á jóladag úr útstillingarskáp sem hann hafði verið í síðan viðskiptavinur kaffihúss í Nashville í Tennessee kom auga á sérstakt form hans árið 1996.

Kaffihússeigandinn, Bob Berstein, uppgötvaði hvarfið er hann mætti til vinnu sinnar á annan í jólum. Fjárhirsla sem var rétt við skápinn var látin ósnert í innbrotinu. „Ég tel því miður að þarna hafi einhver verið að verki sem vildi eyðileggja snúðinn," sagði Bernstein.

Sölu á stuttermabolum með áprentaðri mynd af „nunnusnúðnum" og öðrum slíkum söluvarningi var hætt eftir að móðir Teresa skrifaði kaffihúsinu bréf þar að lútandi árið 1997. ■

Björgólfur Thor Björgólfsson:

Maður ársins í viðskiptalífinu

VIÐSKIPTI Björgólfur Thor Björgólfsson var af dómnefnd Markaðarins valinn maður ársins í viðskiptalífinu.

Björgólfur segir það heppilegt fyrir alla að dreifa áhættu og að Íslendingar eigi í meiri mæli að taka upp samstarf við erlenda fjárfesta og fjármálastofnanir. Hann segir Ísland og íslenska fjárfesta undir smásjá erlendra fjölmiðla. „Í umfjölluninni gætir mikilla alhæfinga sem ég held að myndi minnka mikið ef menn næðu að mynda fleiri tengsl," segir Björgólfur Thor.

Sjá Markaðinn / - hh

Heimafæðingar á jóladag:

Tveir drengir fæddust heima

FÓLKSFJÖLGUN Á jóladag gerðist sá óvenjulegi atburður að tvö sveinbörn fæddust í heimahúsi í Reykjavík.

Kristbjörg Magnúsdóttir ljósmóðir segist telja að heldur fleiri mæður hafi kosið að fæða heima á þessu ári en í fyrra, en heimafæðingar séu nálægt þrjátíu talsins. „Tvær sama dag eru hins vegar mjög óvenjulegt," segir hún.

Þá fæddist einnig stúlka í heimahúsi í Reykjavík á Þorláksmessu.

Börnin þrjú bætast við fyrri tölur um fæðingar um jólin og því átta börn sem fæddust á Þorláksmessu og átta á jóladag. - óká

SPURNING DAGSINS

Runólfur, er Árni Þór harður nagli?

„Vafalítið, en það er spurning hvort hann sé öryggisnagli?“

Runólfur Ólafsson er framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Búist er við því að sérfræðingar á vegum umhverfisráðs leggi til að gjald verði lagt á þá sem aka á nagladekkjum. Árni Þór Sigurðsson er formaður umhverfisráðs.

Kjaramál leikskólakennara skýrast um áramótin:

Kennarar hafa sagt upp

KJARAMÁL „Ég hef ekkert heyrt meira frá mínu fólki yfir hátíðirnar en það ætti að skýrast næstu daga og um áramótin hvort fleiri taka þessa ákvörðun,“ segir Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara.

Allnokkrir leikskólakennarar í Reykjavík hafa tilkynnt um uppsagnir sínar frá og með næstu áramótum vegna óánægju með samninga borgaryfirvalda við Eflingu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Þeir samningar þýða í stöku tilfellum að ófaglært starfsfólk á leikskólunum hefur betri kjör en fagmenntað fólk í Félagi leikskólakennara. Hafa margir fengið nóg af þeirri lítilsvirðingu sem þeir segja þetta sýna menntun leikskólakennara og ákveðið að halda á ný mið.

Björg segir að þó hún hafi ekki heyrt um fleiri sem íhugi uppsagnir geti vel verið að svo sé. „Það verður orðið ljóst um áramótin hversu margir ætla að hætta og þá líka hvar áhrifin verða mest en auðvitað auðveldar þetta ekki yfirvöldum að fá hæft fólk í störf á leikskólum.“

- aöe

LEIKSKÓLABARN AÐ LEIK Björg Bjarnadóttir segist ekki vita til þess að fleiri fagmenntaðir leikskólakennarar hafi ákveðið uppsagnir frá og með áramótum en það verði ljóst næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrrverandi ráðherra í Kína:

Lífstíðardómur fyrir spillingu

PEKING, AP Tian Fengshan, fyrrverandi ráðherra í kínversku ríkisstjórninni, hefur verið dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir stórfellda spillingu. Hann var sakfelldur fyrir að hafa þegið jafnvirði 34 milljarða króna í mútur á árunum 1995-2003 þegar hann gegndi embættum landsstjóra og ráðherra.

Tian slapp við harðari refsingu þar sem hann „játaði glæpina og iðraðist,“ að því er Xinhua-fréttastofan hermir.

Spilling er landlæg í Kína og embættismenn ráða þar lögum og lofum. Talið er að á þessu ári hafi 2.200 milljarðar króna runnið ólöglega ofan í vasa þeirra. ■

LÍKIN FJARLÆGÐ Lögregla hafði nokkurn viðbúnað vegna líkfundarins í gær og lokaði af svæði í grennd við húsið þar sem fólkið lést.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Maður og kona fundust látin:

Orsökin talin ofneysla lyfja

LÖGREGLA Maður á fimmtugsaldri og kona á fertugsaldri fundust látin í bakhúsi við Frakkastíg í Reykjavík um miðjan dag í gær. Talið er að fólkið hafi látist af of stórum skammti eiturlyfja.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir málið í rannsókn en ekkert hafi enn komið fram sem bendi til þess að um glæpsamlegt athæfi hafi verið að ræða.

- óká

Launa ráðherra og þingmanna lækki

Forsætisráðherra biður Kjaradóm um að endurskoða úrskurð sinn um launakjör ráðherra, þingmanna og forseta Íslands. Forseti Alþýðusambands Íslands segir þetta skref í rétta átt en vill að endurskoðunin nái einnig til dómara.

KJARAMÁL Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra óskaði eftir því við Kjaradóm í gær að hann tæki sem fyrst til endurskoðunar úrskurð sinn frá 19. desember um laun þjóðkjörinna fulltrúa. Beiðni forsætisráðherra nær ekki til dómara, sem einnig fengu launahækkun.

„Ég tel að það sé ekki við hæfi að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið hlutist til um kjör dómara. Við verðum að virða sjálfstæði dómstólanna,“ sagði Halldór eftir fund með forystumönnum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í gær.

Erindi forsætisráherra var sent Kjaradómi að höfðu samráði við formenn stjórnmálaflokkanna, formenn þingflokka og forseta Alþingis og segir Halldór að því hafi verið vel tekið. „Í framhaldi af þessu vænti ég þess að Kjaradómur fallist á erindi okkar og taki úrskurðinn til endurskoðunar. Hér er mikið í húfi. Það liggur fyrir að aðilar vinnumarkaðarins telja að þessi úrskurður geti valdið miklum óróa á vinnumarkaði. Þar eru undir efnahagsmál þjóðarinnar.“

Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði eftir fundinn að víst væru þetta skref í rétta átt. „Við teljum að Kjaradómur hefði í mesta lagi átt að seilast í þær breytingar sem eru að finna í launavísitölu Hagstofunnar.“

Grétar telur að ekki beri að undanskilja dómara við endurskoðun úrskurðar Kjaradóms og kveðst hafa komið þeim athugasemdum á framfæri við ráðherrana.

RÁÐHERRAR HITTU FORYSTUMENN ASÍ OG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS Í GÆR Forsætisráðherra tekur undir með aðilum vinnumarkaðarins um að úrskurður Kjaradóms valdi óróa á vinnumarkaði. „Þar eru undir efnahagsmál þjóðarinnar.“

Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir samtökin sátt við viðbrögð ríkisstjórnarinnar. „Það eru skýr skilaboð að stjórnvöld vilja sporna gegn keðjuverkun sem augljóslega hefur verið að byggjast upp undanfarnar vikur í sambandi við launabreytingar og launahækkanir,“ segir Ingimundur.

„Þetta var röng ákvörðun á röngum tíma. Hún gengur of langt í þessum hækkunum miðað við það sem er hér á ferðinni í umhverfinu, miðað við niðurstöðu vinnumarkaðarins 15. nóvember, miðað við önnur viðkvæm mál í kjarasamningum og miðað við að samningar koma aftur til endurskoðunar í nóvember á næsta ári,“ sagði Geir H. Haarde utanríkisráðherra, sem einnig sat fundinn með aðilum vinnumarkaðarins í gær.

Kjaradómur kemur saman til fundar vegna málsins strax í dag.

johannh@frettabladid.is

BENEDIKT XVI Páfi og menn hans vara við hjónaböndum kaþólikka og múslima.

MYND/AP

Viðvörun úr Páfagarði:

Giftist ekki múslimum

PÁFAGARÐUR Páfagarður hefur varað kaþólskar konur við því að giftast múslimum, að því er fram kemur á vefsíðu BBC.

Í tveimur skjölum, sem kardínálinn Stephen Hamao hefur sent frá sér, segir hann frá slæmri upplifun evrópskra kvenna sem giftast múslimum. Vandamálin stigmagnist síðan ef pörin flytji til íslamsks ríkis.

Kaþólska kirkjan hefur hingað til hvatt til aukinna samskipta milli fólks sem aðhyllist ólíka trú og því þykir tónninn í bréfi kardínálans óvenju hvass. Á þessu ári hafa tuttugu þúsund ítölsk pör, sem aðhyllast ólík trúarbrögð, verið gefin saman. ■

Byssusafnarinn frá Húsavík:

Skorti leyfi fyrir þremur byssum

LÖGREGLA Eigandi byssusafns sem lögreglan lagði hald á við húsleit í Vogum fyrir skömmu hafði ekki leyfi fyrir þremur byssanna.

Í byssusafninu voru bæði nothæfar byssur sem og ónothæfir safngripir. Byssurnar þrjár sem maðurinn hafði ekki tilskilin leyfi fyrir voru allar nothæfar. Að sögn lögreglu er málið enn í rannsókn.

Mál byssusafnarans er varðar brot á dýrafriðunarlögum á Húsavíkursvæðinu er enn í rannsókn.

- æþe

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Varamaður í almannavarnarnefnd gagnrýnir aðgerðarleysi lögreglu:

Vill banna vinsæla skotköku

FLUGELDAR Varamaður í almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins gagnrýnir yfirvöld fyrir að leyfa sölu á tilteknum tegundum flugelda. Kristján Sveinbjörnsson, sem er varamaður í nefndinni fyrir hönd Álftaness, vill banna tilteknar skotkökur, meðal annars eina þá vinsælustu á markaðnum sem nefnist Víti.

Kristján hefur meðal annars átt í bréfaskriftum við embætti Ríkislögreglustjóra og krafist aðgerða. Hann segir töluvert hafa borið á því undanfarin ár að unglingar kaupi skotkökur sem hægt sé að búta í sundur. Þannig verði þeir sér úti um 25 sprengihólka í stað einnar köku. Hann segir þessar kökur afar öflugar og er óánægður með að lögregla sýni því engan skilning að taka þær af markaði.

„Ég er aðeins að benda á að þessar ákveðnu kökur sem nefnast Víti eru, ásamt tveimur öðrum tegundum, þær verstu,“ segir Kristján. „Þær eru ekki alveg eins og aðrar því þær eru öflugri og springa öðruvísi en margar aðrar tegundir.“

Guðný Guðmundsdóttir, starfsmaður Gullborgar sem flytur inn skotkökuna Víti, segir að allar skotkökur séu svipaðar og hægt sé að rífa allar tegundir þeirra niður standi vilji til þess.

„Þetta hefur löngum verið vandamál og fylgt hverjum áramótum. Það eru alltaf einhverjir sem standa í slíku fikti og fátt annað að gera en brýna fyrir foreldrum að fylgjast með hvað unglingarnir þeirra eru að gera. Ef koma ætti í veg fyrir slíkt þyrfti að banna sölu á öllum kökum í framtíðinni.“

- aöe

AÐGÁT SKAL HÖFÐ Foreldrar eru hvattir til að brýna fyrir unglingum að fikta ekki með flugelda og skotkökur.

Ekki missa af endurgreiðslu!

Með því að skrá fjölskylduna fyrir áramót gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs!

Himinn og haf

Fjölskyldan hjá SPRON er sérstök þjónustuleið ætluð fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum, jafnt sem einstaklingum.

Fjölskylduþjónustan er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar sem heildar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda. Þeir sem eru skráðir í fjölskylduþjónustu SPRON geta bætt kjör sín enn frekar.

Ávinningur fjölskyldunnar getur orðið umtalsverður:

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar.
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðalána, yfirdráttar eða víxla til skilvísra viðskiptavina.
- 5% endurgreiðsla á öllum tryggingaiðgjöldum árlega hjá Verði Íslandstryggingu. Komi til tjóns skerðir það ekki endurgreiðslufríðindin.*
- Fyrir 80.000 króna sjálfsábyrgð á kaskótryggingu bifreiða hjá Verði Íslandstryggingu, þarf aðeins að greiða 45.000 krónur komi til tjóns.
- Tómstundastyrkir, vegleg gjöf við skráningu og fleira.

* M.v. að iðgjöld vátryggingartaka séu í skilum.

spron
– fyrir allt sem þú ert

Skráning í síma 550 1200, hjá þjónustuveri í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.12.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,54	63,84
Sterlingspund	110,31	110,85
Evra	75,36	75,78
Dönsk króna	10,099	10,159
Norsk króna	9,382	9,438
Sænsk króna	7,952	7,998
Japanskt jen	0,5427	0,5459
SDR	90,98	91,52

Gengisvísitala krónunnar
106,0396

Ólga vex í Írak á ný eftir þingkosningarnar í desember. Fjölmenn mótmæli fóru fram í Bagdad í gær:

Fjöldagröf fannst í borginni Karbala

BAGDAD, AP Fjöldagröf fannst í hinni helgu borg Karbala í Írak í gær en talið er að þar hvíli sjíar sem myrtir voru í stjórnartíð Saddams Hussein.

Gröfin fannst þar sem gatnaframkvæmdir stóðu yfir en ekki hefur verið látið uppi hversu margir eru grafnir þar. Talið er að líkin séu af fólki sem Baath-stjórnin lét myrða í hefndarskyni fyrir uppreisnir sjía í kjölfar Flóabardaga 1991.

Mannréttindasamtök álíta að í það minnsta 300.000 sjíar og Kúrdar hafi látið lífið í ofsóknum 35 ára valdatíma Baath-flokksins, flestir eftir 1980.

HVATT TIL EININGAR Göngumönnum var heitt í hamsi en þó fór allt vel fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólga hefur vaxið í landinu á ný í kjölfar þingkosninganna 15. desember og hafa tugir látist í árásum síðustu daga. Mikil óánægja er í röðum súnnía og hófsamra sjía með lyktir kosninganna og telja þeir að brögð hafi verið í tafli. Bráðabirgðaúrslit benda til að heittrúuðum sjíum og Kúrdum hafi vegnað best en þeir hópar eru sagðir vilja draga úr miðstýringu og færa sem mest sjálfstæði í héruðin. Í gær mótmæltu ríflega tíu þúsund manns kosningaúrslitunum og hvöttu til þjóðareiningar. „Nei við súnníum, nei við sjíum, já við einingu þjóðarinnar," sungu göngumenn hástöfum. - shg

ÆTTINGJAR STUDDIR Ástvinir hjúkrunarkvennanna komu saman fyrir framan líbíska sendiráðið í Sofíu og skoruðu á Moammar Gaddafi Líbíuleiðtoga að láta þær lausar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búlgarskar hjúkrunarkonur:

Lífi þeirra verður þyrmt

TRÍPÓLÍ, AP Hæstiréttur Líbíu hefur ógilt dóma yfir fimm búlgörskum hjúkrunarkonum og palestínskum lækni sem dæmd höfðu verið til dauða fyrir að sýkja fjölda barna af alnæmi að yfirlögðu ráði á tíunda áratug síðustu aldar.

Bandaríkin og Evrópusambandið hafa kallað málið tilbúning og segja að framtíðarsamband ríkjanna við Líbíu muni ráðast af niðurstöðunni.

Dómurinn var ógiltur vegna galla á málsrannsókn. Dagsetning fyrir endurupptöku hefur ekki verið ákveðin. ■

SRÍ LANKA

Tíu hermenn dóu Jarðsprengja sprakk undir bíl srílanskra hermanna á Jaffna-skaga í gær og fórust tíu þeirra í sprengingunni. Talsmaður hersins kenndi frelsissamtökum Tamíla um verknaðinn en þeir hafa undanfarin ár staðið fyrir skæruhernaði og hryðjuverkum á eynni.

PRÓFKJÖR

Gestur sækist eftir 2.-3. sæti
Gestur Kr. Gestsson hefur gefið kost á sér í prófkjör framsóknarmanna fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor og sækist eftir 2.-3. sæti á lista. Í fréttatilkynningu kveðst hann munu einbeita sér af krafti fyrir stefnu Framsóknarflokksins í borgarmálum með sérstakri áherslu á velferðarmál því hann segir óhæft að sumir borgarbúar líði raunverulegan skort, hungur og heimilisleysi á velmegunartímum.

Fagna nýjum framboðum

Björn Ingi Hrafnsson og Anna Kristinsdóttir, sem gefa kost á sér í efsta sæti framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavík, hafa efasemdir um gagnrýni Óskars Bergssonar á flokksforystu Framsóknarflokksins. Óskar tilkynnti framboð sitt til efsta sætis listans í gær. Þau þrjú keppa um fyrsta sætið.

BJÖRN INGI HRAFNSSON

ANNA KRISTINSDÓTTIR

Tekur orð Óskars ekki til sín

„Ég tek undir með Óskari að við ættum að einbeita okkur að borgarmálunum," segir Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, sem býður sig fram í efsta sæti framboðslista Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík.

Óskar Bergsson tilkynnti í gær að hann gæfi kost á sér í fyrsta sæti listans líkt og Anna Kristinsdóttir og Björn Ingi. Óskar gagnrýndi forystu Framsóknarflokksins og sagði grasrótina í flokknum vilja bjóða annan valkost en forystan vildi.

„Óskar vísaði í gær til umdeildra ákvarðana í þingflokki og í forystu flokksins. Ég sé ekki að hægt sé að beina þessu til mín sérstaklega. Ég fagna nýjum framboðum í prófkjörinu. Ég hef sjálfur hvatt til þess að menn gefi kost á sér. Á síðustu dögum hafa bæst ný nöfn í hópinn og ég fagna því."

Björn Ingi segir að prófkjör eigi að hafa tvennan tilgang. „Annars vegar að velja á framboðslistann, en hins vegar er prófkjöri ætlað að skapa stemningu og virkja menn til starfa í flokknum. Ég er þeirrar skoðunar að frambjóðendur eigi fyrst og fremst að leggja sín verk og sína persónu í dóm kjósenda en ekki vera sífellt að ræða um það hvað aðrir hafi gert til að skaprauna þeim. Nú liggur fyrir að það verður opið prófkjör í lok janúar. Óskar segist hafa mikil tengsl við grasrótina. Eigum við ekki að sjá hver niðurstaða prófkjörsins verður og þá í hverra umboði menn starfa," segir Björn Ingi Hrafnsson. - jh

Ekki sérstaklega tengd forystunni

„Það er gleðiefni að sem flestir taki þátt í þessu prófkjöri. Menn hafa verið að hafa áhyggjur af því að frambjóðendur yrðu ekki nægilega margir. Ég sé ekki að áhyggjur þurfi að hafa af því," segir Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi R-listans.

Um gagnrýni Óskars Bergssonar á flokksforystuna segir Anna að slíkt eigi fyrst og fremst að ræða innan flokksins. „Ég heyri þessa gagnrýni og eitthvað af þessu á sér stoð í raunveruleikanum. Ég held að þessi gagnrýni og umræða eigi ekki heima í baráttu frambjóðenda um skipan listans í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna," segir Anna.

Sjálf kveðst hún ekki sérstaklega tengd forystu flokksins og hafi í rauninni unnið mest með grasrót Framsóknarflokksins í Reykjavík. „Ég hef reynslu af borgarmálum og hef unnið með grasrótinni. Ef Óskar fer fram undir þeim formerkjum að hann sé fulltrúi grasrótarinnar þá er ég ekki síður fullgildur meðlimur þar."

Anna Kristinsdóttir hefur starfað í um tuttugu ár með Framsóknarflokknum, verið formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur og kjörinn borgarfulltrúi undanfarin ár.

„Það má segja að Björn Ingi hefur starfað styst okkar þriggja innan flokksins og kom inn í starfið á öðrum formerkjum, en það hefur hver sinn háttinn á. Við ættum að takast á um málefnin en ekki hvort við erum fulltrúar hinna eða þessara," segir Anna Kristinsdóttir. - jh

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

RYSJÓTT JÓLATÍÐ
Heldur var það rysjótt jólaveðrið í ár. Svo mikið að sumum stóð ekki á sama. Rigningarmagnið var þvílíkt á vestanverðu landinu að ár urðu sem margfaldar og í Borgarfirði tók upp allan snjó. En það kann þó að breytast í dag því horfur eru á snjókomu eða éljum á a.m.k. vestanverðu landinu.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Suðvestan strekkingur en allhvass nálægt hádegi. Slyddu- eða snjóél. Hiti 0-3 stig.

um hádegi »



» á morgun



Hæg breytileg átt.

» föstudagur



Vaxandi suðaustanátt með hlýindum.

Kaupmannahöfn	1°C hálfskýjað	París	1°C alskýjað	Alicante	17°C alskýjað
Ósló	-6°C hálfskýjað	Berlín	-1°C alskýjað	Mílano	2°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-1°C alskýjað	Frankfurt	0°C alskýjað	New York	10°C léttskýjað
Helsinki	-6°C alskýjað	Madrid	8°C alskýjað	San Francisco	14 °C skúrir
London	4°C hálfskýjað	Barcelona	9°C alskýjað	Orlando/Flórída	22°C hálfskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Gleðileg hvít jól

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

KJÖRKASSINN

Borðaðir þú rjúpur um jólin?

Já	18%
Nei	82%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að taka sérstakt gjald fyrir að aka á nagladekkjum í Reykjavík?

Eldur kom upp í metangasbíl í annað skipti á stuttum tíma:

Annar Citroën-bíllinn sem brennur

ELDSVOÐI Eldur kom upp í metangasbíl sem var á ferð eftir Miklubrautinni í Reykjavík gær.

Bíllinn er annar metangasbíllinn sem brennur á nokkrum mánuðum og eru þeir báðir af gerðinni Citroën Berlingo.

Brimborg er umboðsaðili Citroën og er Agli Jóhannssyni, framkvæmdastjóra Brimborgar, ekki kunnugt um að vandamál hafi komið upp annars staðar vegna þessarar tegundar. Eftir að fyrri bíllinn brann komu þrír sérfræðingar á vegum framleiðandans til landsins og rannsökuðu bílinn en niðurstöður hafa ekki enn borist Brimborg. Þó er talið að kviknað hafi í út frá rafkerfi og því telur Egill alls óvíst að brunarnir tveir tengist því á nokkurn hátt að bílarnir eru metanbílar.

Þessir tveir brunar eru þeir einu sem fyrirtækinu hefur borist fregnir af, en að sögn Egils eru um áttatíu til hundrað bílar af þessari tegund seldir árlega.

Um fimmtíu metangasbifreiðar eru í umferð á Íslandi, þar af um tuttugu af Citroën-gerð.

- æþe

SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM Vel gekk að slökkva eldinn og ekkert hættuástand skapaðist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Morðið á Gibran Tueni:

Sýrlendingur handtekinn

BEIRÚT, AP Líbönsk yfirvöld hafa Sýrlending í haldi sem grunaður er um að hafa lagt á ráðin um morðið á Gibran Tueni, þingmanni og ritstjóra, fyrr í þessum mánuði. Símtöl úr farsíma mannsins fyrir og eftir bílsprengjuárásina renna stoðum undir grun um aðild hans að málinu.

Tueni var í hópi líbanskra stjórnmálamanna sem gagnrýnt hafa sýrlensk stjórnvöld og uppskorið banatilræði fyrir vikið. Fjórtán slík tilræði hafa verið framin á árinu, hið alvarlegasta í febrúar þegar Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra, var ráðinn af dögum. ■

SLÖKKVILIÐ

Eldur í þvottavél Eldur kom upp í þvottavél í íbúð í Hafnarfirði um miðjan gærdag. Slökkvilið var kallað út en búið var að ráða niðurlögum eldsins þegar það kom á staðinn. Reykræsta þurfti íbúðina.

Hamfarirnar í desember í fyrra:

Aðgerðaáætlun endurskoðuð

HJÁLPARSTARF Alþjóða Rauði krossinn hefur gefið út endurskoðaða aðgerðaáætlun til að aðstoða fórnarlömb flóðanna við Indlandshaf á annan í jólum í fyrra sem urðu að minnsta kosti 227.000 manns að bana. Yfir 2,2 milljónir manna urðu á einhvern hátt fyrir flóðunum, sem orsökuðust af miklum neðansjávarskjálfta við Indónesíu.

Rauði krossinn hefur gefið út fimm ára áætlun sem gerir ráð fyrir að jafnvirði 100 milljarða íslenskra króna verði sett í hjálparstarf vegna flóðanna, þar sem yfir helmingur á að fara í enduruppbyggingu á húsnæði og lífsviðurværi fólks. „Áætlun þessi er unnin eftir ráðleggingum stjórnvalda í viðkomandi löndum, Sameinuðu þjóðanna og síðast en ekki síst þeirra samfélaga sem urðu fyrir barðinu á flóðunum," segir á vef Rauða krossins hér. **- óká**

VERÐHÆKKUN MÓTMÆLT Kievbúar mótmæla fyrirhugaðri verðhækkun á gasi frá Rússlandi fyrir utan rússneska sendiráðið í úkraínsku höfuðborginni í gær. Á borðanum stendur: „Gas-kúgun mun ekki virka." MYND/AP

Gassala Rússa til Úkraínu í uppnámi

Fyrirtækið Gazprom í Rússlandi hefur hótað að skrúfa fyrir alla sölu á jarðgasi til Úkraínu fallist Úkraínumenn ekki á að greiða fullt heimsmarkaðsverð. Ráðamenn í Kíev telja þetta vera pólitískar refsiaðgerðir og hóta mótaðgerðum.

ÚKRAÍNA, AP Orkumálaráðherra Úkraínu sagði í gær að bráðabirgðasamkomulag hefði náðst í deilu við rússneska jarðgas-einokunarfyrirtækið Gazprom um verð á gasi til Úkraínu. Talsmaður Gazprom þvertók hins vegar fyrir að nokkurt slíkt samkomulag hefði verið gert. Fyrirtækið hefur hótað að skrúfa fyrir alla sölu á gasi til Úkraínu um áramótin nema Úkraínumenn greiði fullt heimsmarkaðsverð fyrir það. Fram til þessa hafa Úkraínumenn notið svipaðra kjara í viðskiptum við Gazprom og Rússar sjálfir. Gazprom sér Úkraínumönnum fyrir um þriðjungi alls gass sem þeir nota.

Deilan um gasverðið endurspeglar versnandi samskipti grannríkjanna tveggja frá því Viktor Jústsjenkó komst til valda í Kíev í „appelsínugulu byltingunni" fyrir rúmu ári, en hann hefur síðan sett stefnuna á aðild að Evrópusambandinu og Atlantshafsbandalaginu.

Deilan hefur valdið áhyggjum víða um Evrópu þar sem um helmingur af öllu jarðgasi sem notað er í aðildarríkjum Evrópusambandsins kemur frá Gazprom um gasleiðslur sem liggja um Úkraínu. Úkraínski forsætisráðherrann Júrí Jekhanurov lýsti því yfir í gær að úkraínsk yfirvöld áskildu sér rétt til að taka til eigin þarfa fimmtán prósent af því gasi sem sent er vestur í gegn um landið, sem flutningsgjald.

Talsmenn Gazprom halda því fram að verðhækkunin til Úkraínu og annarra fyrrverandi Sovétlýðvelda sé þáttur í að færa rekstur fyrirtækisins til markaðsumhverfis nútímans. Núverandi ráðamenn í Kíev eru hins vegar ekki í vafa um að hin boðaða hækkun úr 50 dollurum á 1000 rúmmetra í 220-230 dollara sé hugsuð sem refsing fyrir að vilja losna undan pólitísku forræði Moskvu.

Annað útspil úkraínskra yfirvalda í deilunni er hótun um að hækka verulega leigugjald það sem rússneski Svartahafsflotinn greiðir fyrir afnot af hafnaraðstöðu í Sevastopol á Krímskaga. Rússneski varnarmálaráðherrann Sergei Ívanov varaði Úkraínustjórn við slíkri ráðstöfun. Sagði hann hana geta haft „grafalvarlegar afleiðingar". ■

Hæstaréttarlögmaður um stöðuna hjá Landmælingum ríkisins:

Ráðuneyti ber að grípa inn í

ATVINNUMÁL „Ég tel að það sé hluti af eftirlitshlutverki ráðuneytis gagnvart þeim stofnunum sem undir það heyra að það bregðist við rökstuddum kvörtunum eins og þessum," segir Ragnar Hall hæstaréttarlögmaður um erindi sem tvö stéttarfélög hafa sent umhverfisráðuneytinu vegna þeirrar stöðu sem uppi hefur verið hjá Landmælingum Íslands.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá voru tveir sálfræðingar fengnir til að gera úttekt á samskiptum yfirmanna og undirmanna Landmælinga. Tvö stéttarfélög, Félag íslenskra náttúrufræðinga og Útgarður, stóðu að framkvæmd úttektarinnar í kjölfar þess að sjö manns hættu hjá stofnuninni. Niðurstöður úttektarinnar voru meðal annars þær að hluti starfsmanna teldi sig hafa orðið að þola einelti að hálfu yfirmanna. Þegar þær lágu fyrir sendu stéttarfélögin erindi til umhverfisráðuneytisins, sem nú hefur svarað. Telur ráðuneytið sig ekki geta hlutast til um málefni þeirra starfsmanna sem hættir séu hjá stofnuninni, til að mynda um öflun meðmæla frá henni þeim til handa. **- jss**

LANDMÆLINGAR Mikill kurr hefur verið meðal starfsfólks Landmælinga Íslands á undanförnum misserum. Meðfylgjandi mynd tengist ekki efni fréttarinnar.

Jólahappdrætti

Krabbameinsfélagsins

Útdráttur 24. desember 2005

Vinningar

Birt án ábyrgðar

Suzuki Grand Vitara, 2.990.000 kr.
35369

Bifreið eða greiðsla upp í íbúð, 1.000.000 kr.
57145

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.

116	15777	31918	49648	64988	84553	100003	116411
414	17185	32169	50316	66008	85791	101769	116628
1071	17753	32347	53793	67858	86927	103079	116975
1478	18270	37215	53930	68056	86948	103682	117260
2237	18823	37671	54195	68577	89465	104666	118398
2311	20374	38746	54349	69804	89743	105282	118791
2492	20960	40326	54455	74331	90142	105855	119721
2614	21110	40431	55595	75077	90210	107204	120310
6864	21125	40435	56493	76819	91176	108331	121315
7334	22448	40854	57307	77305	91344	109348	121776
7408	22691	41003	57962	77470	92665	110335	123012
7815	22802	41571	58995	77635	92822	110620	123120
8290	25288	42138	60161	77657	93922	111297	124378
9076	25903	42352	60924	77750	94889	111564	125833
9400	25906	43427	61123	78804	95059	111655	127777
10649	27448	43662	61706	79691	96713	112581	128665
11148	29244	45851	62308	81144	97968	112614	131273
11579	29369	46051	62549	81195	97988	113326	135076
11625	30025	46883	63173	82389	98318	113614	
13843	31476	47950	64612	83643	98564	114067	
15072	31482	47960	64957	84075	98838	114863	

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning

Krabbameinsfélagið

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

www.krabb.is

Byrjað verður að greiða út vinninga 9. janúar nk.

BÍLLINN þINN ER KANNSKI EKKI EN SJÚKRABÍLL EINHVERN TÍMANN GÆTIRÐU þURFT AÐ KOMA TIL HJÁLPAR Á SLYSSTAÐ OG þÁ þARFTU AÐ HUGSA HRATT!

LEIÐBEININGAR Í SKYNDIHJÁLP ER HÆGT AÐ NÁLGAST Á ÖLLUM ESSO STÖÐVUM.

Skyndihjálp kemur okkur öllum við því við verðum að geta brugðist skjótt við ef eitthvað kemur upp á. ESSO er einn aðalstyrktaraðili Rauða krossins og hefur í samvinnu við hann unnið að því að auka þekkingu almennings á skyndihjálp. Bæklingurinn „Getur þú hjálpað... þegar á reynir" kennir undirstöðuatriðin í skyndihjálp á aðgengilegan hátt og hvetjum við alla landsmenn til að koma við á næstu ESSO stöð og verða sér út um ókeypis eintak.

Rauði kross Íslands

Esso

Fíton/SÍA

VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða brasilíski knattspyrnumaður var nýlega keyptur til Real Madrid?*

2 *Hverjir gefa kost á sér í fyrsta sæti Framsóknarflokksins í Reykjavík?*

3 *Hvað heitir forseti Póllands?*

Svörin eru á blaðsíðu 46.

Pétur Blöndal svarar forsvarsmönnum Landssambands eldri borgara:

Ósanngjarn samanburður

KJARAMÁL „Mér finnst það nokkuð ósanngjarnt að miða við árið 1988 því þá var breytt yfir í staðgreiðslukerfi og fyrstu tvö árin eftir það lækkaði frítekjumarkið vegna verðbólgu," segir Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Þar svarar hann ummælum forsvarsmanna Landssambands eldri borgara sem sögðu hann fara með fleipur þegar hann sagði að skattbyrði hefði hækkað vegna þess að laun hefðu hækkað miðað við verðlag.

„Þeir fá heppilega niðurstöðu með þessum samanburði. En það væri því réttara að miða við árið 1991 þegar ríkisstjórn Davíðs Oddsonar tók við, sem eðlilegra er að ég svari fyrir. Enda er samanburðurinn ekki jafn krassandi þá. Svo ber einnig að geta þess að greiðslur úr lífeyrissjóðum, sem eru um þriðjungur af greiðslum til öryrkja og eldri borgara, hækka í samræmi við verðlag en alls ekki í takt við laun sem hafa hækkað langt umfram verðlag síðustu tíu ár. Þetta tel ég að sé viss vandi, sem erfitt sé að eiga við og kemur niður á þessum hópum en sjálfsagt er að leita lausna á," segir Pétur.

PÉTUR BLÖNDAL Segir Landssamband eldri borgara seilast langt til að ná í hagstæðan samanburð þegar það miði við árið 1988.

Hann segir enn fremur að frá 1995 hafi laun hækkað um rúm fjörutíu prósent og því hafi skattbyrðin þyngst en launþegar beri þó meira úr býtum. - jse

Sádi-Arabar:

Vilja leyfa konum að aka

SÁDI-ARABÍA, AP Um sextíu prósent Sádi-Araba vilja leyfa konum að aka bílum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun þar í landi. Þetta er þvert á vilja þarlendra stjórnvalda en í síðustu viku sagði Bin Abdul-Aziz krónprins að ekki væri á stefnuskránni að leyfa konum að aka sjálfar.

Ekki er við því að búast að niðurstöður könnunarinnar breyti afstöðu ráðamanna.

Frelsi kvenna í Sádi-Arabíu er mjög takmarkað en þær mega hvorki kjósa né bjóða sig fram í sveitarstjórnarkosningum. Þá er þeim bannað að ræða við karlmenn sem þær þekkja ekki. ■

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Sjóðfélagafundur

Sjóðfélagafundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Skúlagötu 17, Reykjavík á 2. hæð, 28. desember 2005 og hefst kl. 16.00

Dagskrá fundarins er

· Nýjar samþykktir sjóðsins
· Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 21. nóvember 2005

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

hvitasg

Skattar lækka og falla niður um áramótin

Staðgreiðsluhlutfall skatta lækkar um áramót og eigna- og hátekjuskattur verða felldir niður. Persónuafslátturinn verður hækkaður. Skattbreytingarnar þýða tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð en launahækkanir geta vegið þar upp á móti.

SKATTABREYTINGAR Skattar lækka um áramótin og sumir skattar eru jafnvel felldir niður. Staðgreiðsluhlutfallið lækkar um rúmlega eitt prósent tekjuárið 2006, eignarskattur verður felldur niður og persónuafsláttur hækkar.

Hátekjuskattur verður lagður á í síðasta skipti á næsta ári vegna tekna árið 2005 til leiðréttingar og lækkar hann úr fjórum prósentum í tvö prósentustig vegna tekna 2005. Skattgreiðendur hafa þegar greitt hátekjuskattinn að hluta til fyrir fram svo að næsta sumar kemur leiðrétting til framkvæmda vegna skattgreiðslna fyrir tekjur ársins 2005.

Staðgreiðsluhlutfall landsmanna fer úr 37,73 prósentum í 36,72 prósent á næsta ári. Inni í því er lækkun útsvarshlutfallsins um 0,01 prósent. Eignarskatturinn verður lagður á í síðasta skipti á næsta ári vegna ársins 2005. Aðeins fimmtán prósent þeirra tekjuhæstu hafa greitt hátekjuskattinn en hann er greiddur af tekjum einstaklings umfram tæpar 4,2 milljónir á ári og tæplega 8,4 milljónir árstekjur hjóna.

STYTTIST Í FRAMTALSSKIL Mikið er að gera hjá á skrifstofu skattstjóra þegar fólk er að skila skattframtali.

Persónuafsláttur hækkar um 2,5 prósent. Við staðgreiðslu skatta á árinu 2006 verður persónuafslátturinn 348.343 krónur á ári, eða 29.029 á mánuði, en var áður 339.846 krónur yfir árið, eða 28.320 krónur á mánuði.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri segir að gert sé ráð fyrir því að skattbreytingarnar þýði um átján milljarða króna tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð en einnig þurfi að taka tillit til launabreytinga. Ef launahækkanir séu meiri en gert hafi verið ráð fyrir í útreikningi lækki skattarnir minna. Launahækkanir skili sér fljótt í auknum sköttum.

Sem dæmi um áhrif skattbreytinganna má nefna hjón með fimm milljónir í árstekjur. Staðgreiðsluhlutfallið er 37,57 prósent. Þegar persónuafslátturinn hefur verið dreginn frá er skattgreiðslan 1.530.157 krónur. Þetta er gróf áætlun og ekki tekið tillit til annarra þátta, til dæmis barnabóta.

Skattamál fyrirtækja breytast ekkert um áramótin nema að niðurfelling eignarskatts gildir líka um þau.

ghs@frettabladid.is

Á eigin vegum um hátíðarnar

Hátíðartilboð

Toyota Corolla
frá 3.571 kr. á dag

Toyota Rav4
frá 4.471 kr. á dag

Toyota Land Cruiser
frá 5.071 kr. á dag

Innifalið: 100 km á dag og CDW (kaskótrygging).
Verð miðast við 7 daga leigu.
Tilboð gildir til 15.01.2006

Sjá nánar á hertz.is

Ekkert jafnast á við að aka um frjáls í bíl frá Hertz. Ef þú átt ekki bílinn sem hentar hverju sinni þá getum við hjá Hertz bætt úr því fyrir lægra verð en þig grunar. Það er óþarfi að eiga jeppa til að komast allt sem þú vilt fara. Engar áhyggjur, bara gleðilega hátíð.

Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

Icelandair Vildarklúbbur

upplifðu ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Sölustaðir: Keflavíkurflugvöllur, Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Höfn, Egilsstaðir

ÁKVÖRÐUN ENDURSKOÐUÐ Pólski forsætisráðherrann Kazimierz Marcinkiewicz, til vinstri, tilkynnir ákvörðunina í gær með hershöfðingjann Slawomir Koziej sér við hlið. Fyrri ríkisstjórn hafði áformað að kalla hermennina heim í janúarlok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórn Póllands um þátttökuna í hernámsliðinu:

Pólskir hermenn verði áfram í Írak

PÓLLAND, AP Pólska ríkisstjórnin hefur farið fram á að forseti landsins, Lech Kaczynski, samþykki tilskipun um að pólska herliðið sem þjónað hefur í Írak verði þar í eitt ár til viðbótar en fjöldi hermanna fari úr 1.500 í 900. Frá þessu greindu talsmenn Póllandsstjórnar í gær.

Með þessu er snúið við ákvörðun sem fyrri ríkisstjórn var búin að taka um að kalla herliðið heim í ársbyrjun 2006. „Ríkisstjórnin hefur beðið forsetann að framlengja verkefni okkar í Írak," tjáði forsætisráðherrann Kazimierz Marcinkiewicz fréttamönnum eftir ríkisráðsfund í Varsjá í gær. Marcinkiewicz sagði þetta mjög erfiða ákvörðun, en vera pólsku hermannanna í Írak er mjög óvinsæl heima fyrir. Sautján pólskir hermenn hafa látið lífið við skyldustörf í Írak.

Framlenging dvalar pólska herliðsins í Írak væri George W. Bush Bandaríkjaforseta gleðiefni, en á síðustu misserum hefur mjög kvarnast úr þeim hópi þjóða sem tekið hafa þátt í hernámi Íraks við hlið bandaríska herliðsins. - aa

DEBENHAMS

útsalan hefst í dag kl. 10.00

30-50%

afsláttur af völdum vörum

Komdu og gerðu góð kaup!

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN SÍA.IS DEB 30771 12/2005

PRINSESSUR Á KANARÍ Letizia krónprinsessa af Spáni heldur á nýlega fæddri dóttur sinni og Filippusar krónprins, Leonor, í jólafríi fjölskyldunnar á Lanzarote í Kanaríeyjaklasanum í gær. MYND/AP

Fótspor frá ísöld finnast á bökkum ástralsks stöðuvatns:

Veita innsýn í líf manna á ísöld

CANBERRA, AP Steingerð fótspor sem fundist hafa á bökkum stöðuvatns í Nýja Suður-Wales í Ástralíu og talin eru tuttugu þúsund ára gömul gefa einstaka innsýn inn í líf íbúa svæðisins á þessum tíma.

Fyrstu fótsporin í Mungo-þjóðgarðinum fundust fyrir algera tilviljun árið 2003 og síðan þá hafa vísindamenn grafið upp 457 spor til viðbótar. Í síðustu viku voru svo niðurstöðurnar kynntar fræðimönnum og almenningi.

Ein fótsporin eru talin tilheyra 194 sentimetra háum karlmanni sem hljóp á tæplega þrjátíu kílómetra hraða á klukkustund á eftir óþekktri bráð og sést greinilega hvernig leðjan hefur spýst á milli tánna á honum. Hjá öðrum er jörðin bæld og er álitið að þar hafi kengúrur og emúar verið dregin eftir jörðinni.

SPOR Í SÖGUNNI Eigendur sporanna voru uppi fyrir um það bil 19.000-23.000 árum. Þegar ísöld stóð sem hæst. Þá voru á þessum slóðum frjósamar mýrar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Af einni sporaþyrpingunni má ráða að nokkrir fullorðnir einstaklingar hafi gengið beint áfram á meðan börn þeirra hlupu stefnulaust í kringum þau. „Ég vil komast að því hvert þessi spor liggja og hvað þetta fólk hafði í hyggju," sagði Steve Webb, prófessor í áströlskum fræðum við háskóla í Gold Coast City, en hann hafði veg og vanda af rannsóknunum.

- shg

Icelandair veitir styrk:

Björgunarsveit fær frítt flug

STYRKIR Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur hefur hlotnast styrkur frá Icelandair í formi ávísana á flugmiða hjá félaginu.

Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur er ein stærsta og öflugasta björgunarsveit landsins og hefur árlega sent nokkra félaga á námskeið til útlanda. „Þessi höfðinglega gjöf Icelandair er því mikil lyftistöng fyrir sveitina," segir í fréttatilkynningu flugbjörgunarsveitarinnar.

Styrkurinn kemur í stað jólakorta sem Icelandair hefur sent viðskiptavinum sínum undanfarin ár. **- sh**

Ístak sýknað í Hæstarétti:

Smiður átti að gæta sín betur

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur sýknað verktakafyrirtækið Ístak af bótakröfu smiðs sem féll milli gólfbita og niður á steinsteypt gólf. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt fyrirtækið til að greiða smiðnum tæpar 2,3 milljónir króna.

Hæstiréttur viðurkenndi að aðstæður á vinnustað mannsins hefðu verið hættulegar og betur hefði mátt standa að málum, en maðurinn þurfti að stikla á milli gólfbitanna til að komast að vegg sem hann var að einangra.

Um leið vísaði dómurinn til þess að maðurinn væri húsasmíðameistari með allnokkra reynslu af smíðastörfum. Honum átti að vera hættan ljós, segir Hæstiréttur og óþarfi af Ístaki að gefa honum sérstök fyrirmæli eða leiðbeiningar vegna hennar.

- óká

Þingmenn deila á póstflutninga við Ísafjarðardjúp:

Ráðherra segir óþarft að ræða um póstinn

BYGGÐARMÁL Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fellst ekki á ósk þriggja þingmanna í Norðvesturkjördæmi um fund með forsvarsmönnum Íslandspósts, heimamönnum við Ísafjarðardjúp og þingmönnum kjördæmisins. Óskin er tilkomin vegna væntanlegra breytinga á póstþjónustu við Ísafjarðardjúp, sem heimamenn hafa mótmælt kröftuglega og sagt að með þessum breytingum verði skorið á samgönguæðina við Ísafjörð.

Í svari Sturlu segir að ekki þurfi afskipti þingmannanna við þar sem sveitarstjórnarmenn í Súðavíkurhreppi og forsvarsmenn Íslandspósts séu að vinna að farsælli lausn á þessu máli. Þingmennirnir sem báru óskina fram eru þeir Jóhann Ársælsson, Jón Bjarnason og Sigurjón Þórðarson.

Forsaga málsins er sú að Gunnar Pétursson póstur, sem sinnt hefur íbúum við Ísafjarðardjúp með alls konar viðvikum í ferðum sínum frá Ísafirði og um bæina við Ísafjarðardjúp, fer á eftirlaun um áramótin og verða þá engar slíkar póstferðir farnar frá Ísafirði. Þess í stað fer pósturinn beint að sunnan í gám sem er við Rauðamýri.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir að nú sé verið að kanna þjónustuþörf íbúa við Djúpið og að því loknu verði leitast við að verða við þeirri þörf í samvinnu við Íslandspóst eða samgönguráðuneytið. **- jse**

LOÐNA Lítið sem ekkert hefur fundist af loðnu undanfarið en áframhaldandi leit er fyrirhuguð hjá Hafró í byrjun janúar.

Áhyggjur af loðnuleysi

Hafrannsóknastofnunin hefur fundið lítið af loðnu undanfarið. Ekki er hægt að gefa út kvóta. Loðnuleit á að hefjast að nýju strax eftir áramót.

ÚTVEGSMÁL Loðnuleit Árna Friðrikssonar, skips Hafrannsóknastofnunarinnar, er lokið þetta árið. Skipið kom inn til hafnar á Reyðarfirði um daginn úr nokkurra daga leit sem skilaði litlum árangri. Skipið á að liggja þar við bryggju til 2. janúar en þá er fyrirhugað að hefja leit að nýju.

Hjálmar Vilhjálmsson hjá nytjastofnasviði Hafrannsóknastofnunarinnar segir að henni hafi borist fregnir um daginn af því að svokallaðir leitarbátar, sem eru veiðibátar sem er úthlutað litlum kvóta sem laun fyrir sína leit, hafi verið að fiska úti af norðausturhorninu og því hafi verið haldið þangað. En þó að rannsóknir á því svæði hafi sýnt einhverja aukningu væri sú aukning alltof lítil til að hægt væri að útdeila kvóta að sögn Hjálmars. Í raun hefur svo lítið komið inn af loðnu að undanförnu að Hjálmar segir framhaldið afar tvísýnt, því eins og staðan er núna getur Hafrannsóknastofnunin ekki gefið út upphafskvóta. Skýring þess að loðnan finnst ekki telja menn að sé kaldari sjór en venjulega og mikill hafís sem er á helstu leitarmiðunum um þessar mundir.

Björgólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, segir skip frá vinnslunni ekkert hafa veitt síðan á síðustu vetrarvertíð og að þar ríki mikil óvissa um framhaldið. Það yrði auðvitað gríðarlegt áfall fyrir fyrirtækið ef loðnan finnst seint eða jafnvel alls ekki. „Það er eitthvað sem við leyfum okkur ekki að hugsa um. Við reiknum ekki með öðru en að það verði vetrarvertíð, nema að það hafi eitthvað meiriháttar gerst í hafinu en það var ekkert sem sagði til um að þessi staða gæti komið upp."

Hjálmar segir að ef fjármagn hefði verið aukið í leitirnar, eins og lagt var til á sínum tíma, væri Hafrannsóknarstofnun miklu betur í stakk búin að meta stærð loðnustofnsins. „Við skrifuðum á sínum tíma rannsóknaráætlun um vöktun til fimm ára, sem hefði kostað um 80 til 100 milljónir á ári, en þessi áætlun fór einhvers staðar ofan í skúffu og hefur ekki sést síðan þó að hún hafi verið lögð fram á hverju einasta ári síðan, en það er fyrst núna sem byrjað er að tala um að eitthvað þurfi að gera."

Hjálmar er þó bjartsýnn á að leitin glæðist á nýja árinu, því hann segir að ástandið geti í það minnsta ekki versnað. **- æþe**



Augusto Pinochet:

Nógu friskur fyrir réttarhöld

CHILE Hæstiréttur Chile hefur úrskurðað að Augusto Pinochet, fyrrverandi einræðisherra, sé nógu friskur til þess að mæta fyrir rétt vegna pólitískra morða á áttunda áratugnum. Talið er að um þrjú þúsund andstæðingar herforingjastjórnarinnar hafi verið myrtir á meðan á valdatíma hennar stóð á árunum 1973-1990.

Pinochet er einnig ákærður fyrir skattsvik en talið er að hann hafi átt um 130 leynilega bankareikninga í Bandaríkjunum þar sem tugmilljónir króna er að finna. Ef Pinochet verður fundinn sekur mun hann eflaust eyða síðustu dögum ævi sinnar á bak við lás og slá. ■

FARLAMA Áfrýjunarkröfu hins níræða fyrrverandi einræðisherra var hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afsláttur af allri jólavöru

Útsala

Gildir til áramóta

60% afsláttur

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

„ORÐRÉTT“

Það væri nú aldeilis fyndið

„Ætli það verði ekki brandarinn í fyrsta þættinum að senda út hljóðlaust Veggfóður.“

VALGERÐUR MATTHÍASDÓTTIR, STJÓRNANDI SJÓNVARPSÞÁTTARINS VEGGFÓÐURS SEM SÝNDUR VERÐUR Á STÖÐ 2 Í VETUR. FRÉTTABLAÐIÐ.

Þá stöndum við klár á því

„Árið 2006 gæti orðið síðasta ár okkar jarðneska mannkyns, því við höfum það ár ekki öruggt sem hluta af lífi okkar fyrr en vegur þess er genginn.“

RÚNAR KRISTJÁNSSON HÚSASMIÐUR Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? STEFANÍA TRAUSTADÓTTIR BÆJARSTJÓRI Á ÓLAFSFIRÐI

Vonir bundnar við árið 2006

„Ég hef það alveg bærilegt eins og Ólafsfirðingar flestir held ég um hátíðina,“ segir Stefanía Traustadóttir, bæjarstjóri á Ólafsfirði.

Ýmislegt hefur drifið á daga bæjarbúa hina síðustu daga. Aðventuhátíð var haldin með pompi og prakt nánast allan desembermánuð og gekk vel fyrir sig. „Hún tókst vel í alla staði og vakti lukku meðal bæjarbúa. Ýmislegt var þar í boði enda félagslíf hér stór hluti af menningunni.“

Þegar talið berst að yfirstandandi ári er pundið þyngra í Stefaníu. „Ólafsfirðingum hefur fækkað hlutfallslega meira á þessu ári en raunin hefur verið í nálægum sveitarfélögum en ég bind vonir við að árið 2006 verði þeirri þróun snúið við. Aðallega þar sem þá hefjast framkvæmdir vegna Héðinsfjarðarganga og í framhaldinu sú samvinna sem verður milli okkar og Siglufjarðar. Svo er ofarlega í huga mér að sameining sveitarfélaganna hér hafi verið felld í haust. Að mínu mati er nauðsynlegt fyrir smærri bæjarfélög á borð við Ólafsfjörð að sameinast þó ekki sé til annars en geta staðið undir því þjónustustigi sem fólk gerir kröfu um í dag. Það voru mér vonbrigði að ekkert varð af þeim en líst engu að síður vel á árið sem er að ganga í garð.“

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

RIGNINGIN UM JÓLIN

SIGURÐUR MARGEIR MAGNÚSSON GRÖFUMAÐUR

Í lagi

„Maður lætur tíðina ekki hafa áhrif á jólaskapið,“ segir Sigurður Margeir Magnússon, gröfumaður hjá SM verktökum ehf., spurður hvernig jólaskapið hafi verið í rigningunni miklu yfir hátíðina. „Það er nú alltaf skemmtilegra að hafa hvít jól en þau hafa nú verið rauð meira og minna undanfarin ár og maður verður bara að horfa framhjá því,“ segir hann. Margir létu regnið pirra sig en Sigurður Margeir var ekki í þeim hópi.

Starfs síns vegna er hann nokkuð hrifinn af veðráttunni þessa dagana. „Það er fínt fyrir okkur að það rigni og raunar mjög gott á meðan ekki er snjór,“ segir gröfumaðurinn Sigurður Margeir, sem grefur eins og ekkert sé meðan jörð er auð og frostlaus.

Aldrei meira rusl í Reykjavík

Starfsmenn Sorphirðu Reykjavíkurborgar voru komnir á stjá upp úr sex í gærmorgun til að tæma sorptunnur borgarbúa. Allar tunnur voru troðfullar eftir jólahátíðina og er áætlað að um 800 tonn af rusli verði ferjuð frá heimilum í urðunarstöðina í Álfsnesi milli jóla og nýárs.

ALLT Í RUSLI Starfsmenn sorphirðu Reykjavíkur höfðu í nægu að snúast í gær við að tæma tunnur borgarbúa. Áfram verður haldið fram að áramótum og er vonast til að hægt verði að tæma allar næstum fjörutíu þúsund ruslatunnur borgarinnar á þeim tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Nú eru allar tunnur fullar,“ segir Helgi Helgason, bílstjóri á einum af tíu ruslabílum borgarinnar. Hann og hans menn tóku daginn snemma í gær enda er keppt við tímann um að tæma hverja einustu ruslatunnu í Reykjavík en þær eru rétt tæplega fjörutíu þúsund.

„Færðin er í lagi og það skiptir miklu máli,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri sorphirðu Reykjavíkurborgar. „Stefnan er að ná einni umferð milli jóla og nýárs og við gerum allt til að ná því,“ segir hún og bætir við að umbúðamagnið sé gríðarlegt. „Megnið af því sem fólk ber út úr Kringlunni og Smáralind fyrir jól er umbúðir sem fara í ruslatunnuna. Fólk verður að fara að læra að flokka pappa og annað frá og koma því í endurvinnslu.“

Ekkert aukasorp er tekið frá heimilum; aðeins það sem er í tunnunum og svo í sérstökum pokum sem bera sorphirðugjald.

Tíu sorphirðubílar eru á ferð um borgina og á hverjum bíl eru um sex manns. Það er því um sextíu manna sveit sem fer sem stormsveipur um Reykjavík og tæmir þær tunnur sem á vegi hennar verða.

„Mannskapurinn er sprækur og tekur þessu með jafnaðargeði,“ segir Helgi Helgason, sem hefur langa reynslu úr faginu. Hann segir sorpmagnið fara stigvaxandi allan desembermánuð og ná hámarki eftir jólin. „Það má búast við að hver bíll flytji um áttatíu tonn af sorpi þessa daga,“ segir hann. Vanalega flytur hver bíll um 45 tonn svo sjá má að aukningin er mikil. „Nú bætast við allir hryggirnir og sósurnar og svo auðvitað jólapappírinn,“ segir Helgi og hlær. Af þessu má því áætla að um 800 tonn af sorpi verði flutt frá heimilunum í böggun hjá Sorpu og þaðan í urðun í Álfsnesi dagana milli jóla og nýárs. Til samanburðar má nefna að það tekur öflugustu togara flotans um fjórar vikur að veiða 800 tonn af þorski.

bjorn@frettabladid.is

Þakkir til starfsfólks og farþega Herjólfs

Samskip þakka farþegum og starfsfólki Herjólfs samfylgdina á undanförnum árum og óska þeim velfarnaðar í framtíðinni hvert sem leið þeirra kann að liggja.

Áfram Vestmannaeyjar

Við viljum árétta að þótt leiðir hafi skilið með Herjólfi og Samskipum að sinni verður engin önnur breyting á þjónustu Samskipa við Vestmannaeyjar. Við verðum þar áfram.

Tökum það með trukki

Landflutningar SAMSKIP

www.landflutningar.is

ARGUS / 05-0738

SVONA ERUM VIÐ
FJÖLDI ÆTTLEIÐINGA



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: FLUGELDAR

Bannað að selja börnum flugelda

Nú er innan við vika þangað til árlegt flugeldaæði rennur á landsmenn. Miðað við hina frægu höfðatölu eiga Íslendingar líklega met í fjölda keyptra flugelda á hvern einstakling og í hugum margra er sameiginleg flugeldasýning Íslendinga það skemmtilegasta við gamlárskvöld. Flugeldar geta verið varasamir enda fellur meðferð á þeim undir vopnalög.

Hvaðan eru flugeldar upprunalega?
Flugeldar voru þróuðir í Kína fyrir tæpum þúsund árum í kjölfarið á því að púður var fundið upp. Í grófum dráttum eru flugeldar hylki úr pappír með púðri í. Upphaflega var púður gert úr viðarkolum, brennisteini og saltpétri. Viðarkolin og brennisteinninn verka sem eldsneyti en saltpéturinn gefur blöndunni súrefni.

Í dag eru notuð önnur og kraftmeiri efni en notuð voru í Kína. Sterkja, sykur og efni sem unnin eru úr jarðolíu er notuð sem eldsneyti og í stað saltpéturs er notað kalíumklórat.

Hverjir mega kaupa flugelda?
Ráðherra setur ákvæði í reglugerð um sölu og meðferð flugelda og hann getur sett reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar tegundir flugelda sem geta verið hættulegar mönnum. Jafnframt getur hann kveðið á um sérstakt eftirlit í því skyni. Innflytjandinn þarf þá eftir atvikum að bera kostnað af því.

Í sjötta kafla vopnalaga er fjallað um meðferð á flugeldum. Þar kemur fram að bannað er að selja eða afhenda barni yngra en sextán ára flugelda sé þess getið í leiðbeiningum sem fylgja flugeldunum. Þá er öll sala á flugeldum til barna yngri en tólf ára bönnuð.

Hvernig komast flugeldar á loft?
Flugeldar eru yfirleitt búnir til úr tveimur aðskildum hylkjum. Annað er fullt af grófu púðri sem veldur því að flugeldurinn skýst upp í loftið, en í hinu er fíngert púður sem veldur sprengingunni þegar flugeldurinn nær vissri hæð. í Seinna hylkinu eru líka efni sem mynda liti þegar þau hitna. Kveikiþráðurinn kemur fyrst inni í hylkið með grófa púðrinu sem brennur hratt en springur ekki. Þar myndast heitt gas sem streymir út í gegnum lítið rör. Við þetta myndast mikill lyftikraftur og flugeldurinn skýst upp.

Jarðlagna-
tæknanám

Næsta jarðlagnatæknanámskeið hefst nú eftir áramót !

Námið er ætlað öllum þeim sem starfa við jarðlagnir og jarðvinnu, hvort sem þeir starfa hjá veitufyrirtækjum, sveitafélögum, símafyrirtækjum eða hjá verktökum.

Orkuveita Reykjavíkur hefur nú sett það sem skilyrði að verktakar sem vinna við lagnakerfi OR hafi starfsmenn sem lokið hafi jarðlagnatækninámi eða sambærilegu námi.

Námsgreinar eru m.a. lagnir og lagnaefni, jarðvegsfræði, tæringarfræði, efnisfræði, vélfræði, rafmagnsfræði og tölvur, ásamt almennum greinum. Samþykkt hefur verið af Menntamálaráðuneytinu að meta megi námið um sem nemur allt að 24 einingum í framhaldsskóla.

Námið er 300 kennslustundir og er kennt í þremur tveggja vikna lotum:

Lota eitt: 9.–13. janúar og 16.–20. janúar
Lota tvö: 6.–10. febrúar og 13.–17. febrúar
Lota þrjú: 6.–10. mars og 13.–17. mars

Mímir símenntun, Samorka, Orkuveita Reykjavíkur, Gatnamálastofa, Síminn, Efling-stéttarfélag, Starfsafl og Landsmennt standa saman að náminu.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Mími símenntun í síma: 580-1800
eða í tölvupóstfang: ingibjorg@mimir.is
Umsóknir þurfa að berast fyrir 3. janúar n.k.
Þátttakendafjöldi er takmarkaður.

MÍMIR SÍMENNTUN
www.mimir.is

EINN TVEIR OG PRÍR 4.143

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Stuðningur við landbúnað gæti minnkað mikið

Guðmundur B. Helgason, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, segir fyrirséð að samþykktir á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar kalli á breytingar á landbúnaðarkerfinu. Hann segir skýrast með vorinu hverjar þær kunni að verða, en býst við helmingsniðurskurði í innanlandsstuðningi við landbúnað. Úrlausn erfiðra álitamála var frestað til aprílloka á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Hong Kong. Guðmundur leiðir viðræður fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

GUÐMUNDUR B. HELGASON Guðmundur, sem er ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, fer fyrir viðræðuhópi Íslands innan G-10 samstarfsins á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þar starfa saman níu ríki, Ísland, Ísrael, Japan, Suður-Kórea, Liechtenstein, Máritíus, Noregur, Sviss og Taívan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðmundur B. Helgason ráðuneytisstjóri segir ákveðinn samhljóm með málflutningi G-10 ríkjanna og þróunarríkja á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í báðum tilvikum hugnist þjóðunum lítt frjálshyggjumálflutningur um fyrirvaralaust og algjört afnám tolla og viðskiptahindrana. G-10 er hópur þjóða sem eiga það sammerkt að flytja inn mikið magn matvæla. Guðmundur kom heim af ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Hong Kong rétt fyrir jól.

„Þetta eru stór mál og flókin og hagsmunirnir margþættir. Þess vegna gefa þau sig mjög illa að einföldum alhæfingum," segir Guðmundur og telur að undanfarið hafi í sumum málflutningi gætt forsjárhyggju í garð vanþróuðustu ríkjanna. „Kannski er það þannig að menn ættu að eyða meiri tíma í að hlusta á þessi ríki og greina þarfir þeirra frá þeirra bæjardyrum séð," segir hann og harmar gagnrýni sem fram hefur komið á samstarf Íslands innan G-10 ríkjahópsins. „Menn hafa látið að því liggja að stefna G-10 sé fátækustu ríkjunum fjandsamleg. En málflutningur G-10 um hófsamari nálganir en þessi hörðu frjálshyggjuöfl hafa boðað hafa mikinn hljómgrunn hjá fátækustu þjóðunum." Guðmundur segir fátækari ríkin telja þær leiðir að tryggja algjört og skilyrðislaust viðskiptafrelsi einungis til þess fallnar að önnur og samkeppnishæfari ríki hirði upp allan ávinning af frjálsum milliríkjaviðskiptum.

Ísland á undan öðrum
Meðal þess sem samþykkt var á fundinum í Hong Kong var að veita útflutningsvörum fátækustu þjóða heims tolla- og magntakmarkanalausan aðgang að mörkuðum iðnríkja frá og með árinu 2008. „Von manna er að þetta megi verða til að bæta hag þessara ríkja eitthvað," segir Guðmundur en bendir á að aðgangur þessara ríkja að okkar markaði hefur verið mjög greiður. Oft eru þessi ríki háð útflutningi á fáum eða jafnvel bara einni grunnafurð, svo sem sykri, ávöxtum, korni, bómull, eða einhverju þess háttar. Þessar vörur koma allar hingað til Íslands án nokkurra tolla eða ríkisafskipta." Guðmundur bendir á að G-10 hópurinn hafi barist fyrir þessum markaðsaðgangi fátækustu ríkjanna. „Bandalagið er sum sé ekki verra en svo að málflutningurinn hefur verið mjög vinsamlegur þessum fátækustu ríkjum."

Hér verður skorið niður
Nýafstaðinn fundur í Hong Kong er hluti af heildstæðri samningalotu um öll svið vöru- og þjónustuviðskipta sem ýtt var úr vör í Doha í Katar árið 2001. Fjallað er um skuldbindingar varðandi markaðsaðgang í formi tollkvóta og heimildir til að veita framleiðslutengdan og viðskiptatruflandi innanlandsstuðning.

Guðmundur segir að ljóst hafi verið fyrir fundinn að ekki næðist að staðfesta endanlega á honum reiknireglur um hversu mikið tollar ættu að lækka og hvernig. „Væntingum var því stillt í hóf," segir hann en bætir við að árangurinn hafi þó verið meiri en búist var við. „Þarna var hins vegar leikinn ákveðinn biðleikur og erfiðum álitaefnum frestað til 30. apríl á næsta ári." Hann segir áhrif á okkur hér verða meiri af því sem eftir á að semja um og stefnt sé að því að gera fyrir 30. apríl. „Náist það markmið næst sjáum við framan í þær tölulegu stærðir sem við og aðildarríkin í heild þurfa að framkvæma heimafyrir, hversu mikið tollheimildir okkar þurfa að lækka og framleiðslutengdur og viðskiptatruflandi innanlandsstuðningur. Það er er alveg ljóst að þær skuldbindingar munu hafa áhrif á landbúnaðarstefnuna hér." Hann áréttar þó að ríki muni fá aðlögunartíma að breytingunum, trúlega fimm til sex ár. „Innan G-10 er lögð áhersla á að breytingar séu formaðar og framkvæmdar með hætti sem veiti landbúnaði í þessum ríkjum tækifæri til að laga sig að þessu." Guðmundir segir ekki ósennilegt að niðurskurður á heimildum til innanlandsstuðning við landbúnað skerðist um 50 prósent.

Fyrirkomulag í skoðun
„En nákvæmlega hvernig við útfærum framkvæmd þeirra skuldbindinga liggur ekki fyrir." Guðmundur segir margt til skoðunar í þeim efnum, til dæmis fyrirkomulag beingreiðslna til kúabænda og fyrirkomulag opinberrar verðlagningar í mjólkurframleiðslu. „Samkvæmt fyrirliggjandi mjólkursamningi liggur fyrir að þegar sést á um hvaða tölur er að ræða er hægt að taka hann upp og gera nauðsynlegar breytingar."

Þá segir Guðmundur einnig koma til greina að skoða breytt fyrirkomulag styrkja, en nágrannaþjóðir okkar hafi í auknum mæli horfið frá notkun framleiðslutengdra styrkja og tekið upp svokallaða græna styrki. „Það eru þá styrkir sem eru ótengdir framleiðslu og hafa þá ekki nema hverfandi áhrif á viðskipti. Það kann að vera valkostur fyrir okkur í framtíðinni, að því marki sem stjórnvöld hvers tíma kjósa að miðla stuðningi til landbúnaðarins, hvort sem það varðar byggða-, umhverfis- eða aðra þætti sem falla undir þennan græna stuðning."

FRÉTTAVIÐTAL
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is

BYLGJAN KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT OG EB KERFI

ÁRAMÓTAVEISLA

SJÖUNDA ÁRIÐ Í RÖÐ - ANNAÐ KVÖLD, 29. DESEMBER

Í HÁSKOLABÍÓI

MIÐASALA HÓFST FYRIR JÓL - ÖRFÁIR MIÐA LAUSIR

MIÐASALA Í FULLUM GANGI Í SKÍFUNNI

TÓNLEIKARNIR HEFJAST KLUKKAN 17:00

ALLUR AÐGANGSEYRIR RENNUR BEINT TIL SKB

KERFI

CONCERT

Háskólabíó

98.9 BYLGJAN

HELSTU FRÉTTIR ÁRSINS > 2005

Fréttastjóri einn dag

Umdeildasta ráðning ársins, og það jafnvel í tvöfaldri merkingu, var eflaust ráðning Auðuns Georgs Ólafssonar í stöðu fréttastjóra Útvarps. Má segja að samfélagið hafi farið á annan endann um þriggja vikna skeið vegna þessa, en málinu lauk eins og kunnugt er með því að Auðun sagði sig frá starfinu eftir að hafa gegnt því einn dag.

Bomban sprakk hinn 8. mars þegar Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri réð Auðun Georg í starf fréttastjóra, eftir að meirihluti útvarpsráðs hafði mælt með ráðningu hans, þó svo að meðal annarra umsækjenda væru margir af reyndustu fréttamönnum landsins. Reynsla Auðuns sem fréttamanns var vægast sagt rýr í þeim samanburði. Stjórn Félags fréttamanna fór strax fram á að útvarpsstjóri drægi ákvörðun sína til baka. „Með henni teljum við að allri stétt fréttamanna sé gróflega misboðið," sagði í ályktun félagsins. Næstu daga og vikur gekk á með stóryrtum yfirlýsingum og sambykktu starfsmenn Útvarps meðal annars ítrekað vantraust á útvarpsstjóra auk þess sem fréttamenn ræddu allherjar uppsagnir. „Ástandið er engu líkt og ég man ekki eftir öðru eins, þó hef ég verið hér í hartnær þrjtíu ár," sagði Bogi Ágústsson, yfirmaður fréttasviðs.

Hápunktinum náði fréttastjóramálið hinn 2. apríl þegar Auðun Georg mætti til starfa og gerði sig sekan um að verða tvísaga um fund með formanni útvarpsráðs í fyrsta viðtali sínu við fréttastofu Útvarps. Sakaði hann fréttamann um að hafa leitt sig í gildru. „Í viðtali sem ég veitti fréttamanni Ríkisútvarpsins í dag í tilefni af því að ég hæfi störf var með lævíslegum hætti reynt að koma mér í vandræði. Það tókst, þar sem ég vildi ekki rjúfa trúnað," sagði Auðun Georg, sem lét af fréttastjórastarfinu síðar þennan sama dag. Þar með leystist hnúturinn og útvarpsstjóri réð skömmu síðar Óðin Jónsson fréttamann í starfið.

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri lét svo af störfum síðar á árinu og gerðist sendiherra í Kanada. - ssal

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Áhugi fjölmiðla á Baugsmálinu hefur verið óþrjótandi bæði hérlendis sem erlendis. Málið hefur til dæmis vakið sérstaka athygli í Danmörku og Englandi þar sem umsvif Baugs eru mikil.

Baugur fyrir rétti

Þræðirnir í margbreytilegri þjóðmálaumræðu hafa komið saman í Baugsmálinu á árinu sem nú er senn á enda. Fákeppni, réttarfar, ríkidæmi, stjórnmál, valdabrölt, fjölmiðlar og lífsmáti koma við sögu í þessu máli sem hófst fyrir meira en þremur árum og enn sér ekki fyrir endann á.

Ekkert fréttamál á árinu sem nú er að líða er landsmönnum jafn tamt á tungu og Baugsmálið svonefnda. Það hefur skekið kaffistofur og réttarkerfið, seytlað um efnahagslífið og stjórnmálin og vakið áhuga erlendra fjölmiðla. Orð og hugtök, sem tengjast málinu, hafa orðið fleyg og greypst inn í þjóðmálaumræðuna. Rætt er manna á meðal um „Baugsmiðla" og orðin „innmúraður" og „innvígður" voru vakin til lífsins í frægum tölvupóstum sem birtir voru síðla í september í Fréttablaðinu. Með ýmsum hætti hefur málið allt orðið kveikja að umræðum um valdaþræði, réttarfar og valdabrölt í stjórnmálum og viðskiptalífi. Sögusvið og persónur, sem minna á Baugsmálið, ganga aftur í reyfarakenndum skáldsögum.

Ekki sagt síðasta orðið

Ráðamenn voru yfirleitt varkárir í ummælum sínum um rannsókn, saksókn og meðferð málsins fyrir dómstólum. Margir gátu þó ekki orða bundist þegar Hæstiréttur vísaði endanlega frá 32 af 40 ákærum hinn 10. október síðastliðinn. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði á vefsíðu sinni þann sama dag að réttarkerfið hefði ekki sagt sitt síðasta orð í málinu. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra tók nokkru síðar undir harða gagnrýni á vinnubrögð Ríkislögreglustjóra sem sögð voru ámælisverð í ljósi afdrifa málsins í dómskerfinu. Davíð Oddsson líkti Samfylkingunni við „tiltölulega léttvægt dótturfélag auðhrings" í kveðjuræðu sinni á formannsstóli við upphaf landsfundar Sjálfstæðisflokksins 13. október síðastliðinn. Engum blandaðist hugur um að þar talaði fráfarandi formaður flokksins um Baug, eitt mesta viðskiptaveldi Íslandssögunnar.

40 ákærur - 8 dómtækar

Þann 1. júlí síðastliðinn birti Ríkislögreglustjóri sex einstaklingum ákærur í 40 liðum í Baugsmálinu.

JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR Tölvupóstar Jónínu vörpuðu nýju ljósi á tilurð Baugsmálsins og urðu tilefni enn frekari réttarhalda sem ekki sér fyrir endann á.

JÓN GERALD SULLENBERGER Maðurinn sem hratt Baugsmálinu af stað og naut til þess liðsinnis ritstjóra Morgunblaðsins og áhrifamanna í Sjálfstæðisflokknum.

HARALDUR JOHANNESSEN RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI OG JÓN H. SNORRASON SAKSÓKNARI Mikið hefur mætt á embætti ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra vegna Baugsmálsins.

Rannsókn málsins hafði þá staðið hartnær þrjú ár, frá þeim tíma að efnahagsbrotadeild embættisins gerði húsleit í höfuðstöðvum Baugs í Reykjavík 28. ágúst 2002. Auk Jóhannesar Jónssonar í Bónus og barna hans Jóns Ásgeirs og Kristínar voru Tryggvi Jónsson forstjóri og endurskoðendurnir Anna Þórðardóttir og Stefán Hilmar Hilmarsson ákærð.

Sjálfar ákærurnar komu þó ekki fyrir sjónir almennings fyrr en 13. ágúst, fáeinum dögum áður en málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur. Lundúnablaðið The Guardian birti frétt um málið 12. ágúst og degi síðar birti Fréttablaðið ákærurnar í heild ásamt skýringum verjenda sakborninga. Alvarlegustu ákærurnar lutu að fjárdrætti og umboðssvikum en einnig brotum gegn lögum um bókhald, tolla, hlutafélög og fleira.

Fimm vikum síðar vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur málinu frá, einkum á þeim forsendum að verknaðarlýsing brotanna væri ófullnægjandi.

Hver er bær og hæfur?

Málið fór fyrir Hæstarétt sem staðfesti niðurstöðu undirréttar um 32 ákæruliði en átta liðir skyldu fara til efnislegrar meðferðar á ný.

Þegar hér var komið sögu sagði embætti ríkislögreglustjóra sig frá saksókn í málinu og Bogi Nilsson ríkissaksóknari tók málið í sínar hendur. Fáeinum dögum síðar lýsti hann sig vanhæfan. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setti Sigurð Tómas Magnússon sérstakan saksóknara í málinu þann 21. október.

Með setningu Sigurðar hófst málarekstur þar sem verjendur sakborninga véfengdu að Sigurður hefði verið formlega rétt settur saksóknari. Hæstiréttur á enn eftir að segja sitt síðasta orð í þessu efni sem og um hæfi Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra til afskipta af málinu.

Í sérstakri úttekt Fjölmiðlavaktarinnar kom fram að dómsmálaráðherra hafði tjáð sig oftast um Baugsmálið næst á eftir málsaðilum.

Tölvupóstar

Í lok september birti Fréttablaðið tölvupósta sem leiddu í ljós að í júní 2002 höfðu Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, og Jón Steinar Gunnlaugsson, núverandi hæstaréttardómari, haldið fund um mál Jóns Geralds Sullenbergers og undirbúning málshöfðunar hans gegn forsvarsmönnum Baugs.

Birting efnisins vakti mikla athygli og deilur og fór svo að Jónína Benediktsdóttir, eigandi gagnanna, fékk því framgengt að lögbann var sett á frekari birtingu og höfðaði mál gegn Fréttablaðinu sem útkljáð verður í Hæstarétti.

Ekki sér enn fyrir endann í Baugsmálinu í lok ársins 2005. Óhætt er að segja að ekkert eitt mál hafi gegnumsýrt íslenskt þjóðlíf jafn mikið á síðari árum og Baugsmálið. johannh@frettabladid.is

FRÁBÆRAR VÖRUR Í

gjafasafnið

NÚ ER AÐ GERA KLÁRT
FYRIR BARNAAFMÆLI ÁRSINS!

EKKERT BRUÐL

50% afsláttur

gjafavara
leikföng
jólaskraut
jólapappír

SÉRVÖRUR VERSLANIR

EKKERT BRUÐL

bonus.is

BÓNUS

HELSTU FRÉTTIR ÁRSINS > 2005

Karl og Camilla loks í hjónaband

Karl Bretaprins gekk að eiga heitkonu sína Camillu Parker Bowles í borgaralegri hjónavígslu í ráðhúsi Windsor-bæjar vestur af Lundúnum þann 9. apríl. Þar með var kórónað áratugalangt samband þeirra, sem hefur staðið af sér ansi margt, svo sem aðgangsharða hnýsni gulu pressunnar, hneykslismál og hjónaband Karls og Díönu prinsessu.

Brúðhjónin gengu hönd í hönd út úr ráðhúsinu að vígslunni lokinni en fagnandi mannfjöldinn sem þar var saman kominn fékk ekki að sjá neinn opinberan brúðarkoss. Þá var hinu nýgifta pari ekið í viðhafnarbifreið af Rolls-Royce-gerð í kapellu Windsor-kastala þar rétt hjá. Þar blessaði erkibiskupinn af Kantaraborg, Rowan Williams, brúðhjónin við hátíðlega en hófstillta athöfn. Loks fór fram brúðkaupsveisla í boði Elísabetar Englandsdrottningar í salarkynnum Windsor-kastala.

Við hina kirkjulegu blessunarathöfn játuðu brúðhjónin „syndir og misgjörðir“ sínar og sóru að vera hvort öðru trú í hjónabandinu.

Elísabet drottning var viðstödd athöfnina og 800 boðsgestir, þar á meðal Tony Blair forsætisráðherra.

Við giftinguna tekur Camilla formlega við fyrra hlutverki Díönu sem prinsessan af Wales, en hún hefur lýst því yfir að hún hyggist ekki nota þann titil. Hún hefur þess í stað valið titilinn hertogaynjan af Cornwall.

Sjónvarpað var beint frá blessunarathöfninni, þar á meðal hingað til lands. Ólíku var saman að jafna, hinni látlausu hjónavígslu Karls og Camillu nú eða íburðarmiklu brúðkaupi Karls og Díönu árið 1981. Díana vann hug og hjörtu Breta og almennings víða um heim en missti ást eiginmannsins. Hún lést í bílslysi í París árið 1997.

Hjónin nýgiftu eyddu hveitibrauðsdögunum í veiðihúsi í Skotlandi sem áður tilheyrði langömmu Karls. Þau þurftu þó að gera hlé á þeim til að vera við útför Raniers Mónakófursta. Önnur útför olli því að brúðkaupinu var frestað um einn dag; það átti að fara fram hinn 8. apríl en þar sem Jóhannes Páll II páfi var borinn til grafar þann dag var því frestað til þess níunda.

Í MYRKRI JARÐGANGANNA Farþegar með Piccadilly-lestinni urðu að fikra sig eftir dimmum og djúpum göngunum í átt til King's Cross-stöðvarinnar. Einn þeirra, Alexander Chadwick, tók þessa mynd á farsíma sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

56 létust í hryðjuverka-árásum á Lundúnaborg

Hryðjuverkamenn létu til skarar skríða í Lundúnum í júlíbyrjun en þá dóu 56 í árásum á samgöngukerfi borgarinnar. Hálfum mánuði síðar var gerð önnur tilraun til hermdarverka en hún misheppnaðist. Saklaus maður féll sama dag fyrir byssukúlum lögreglu.

Óhætt er að segja Lundúnir hafi verið í sviðsljósinu dagana fyrir árásirnar 7. júlí. Helgina áður höfðu Live 8 stórtónleikarnir verið haldnir í borginni í tilefni af leiðtogafundi átta helstu iðnríkja heims sem síðan hófst í Skotlandi 6. júlí. Sama dag voru Lundúnir svo valdar til að halda Ólympíuleikana árið 2012. Allir þessir merkisviðburðir hurfu hins vegar í skuggann af þessari fyrstu sjálfsmorðsárás Vestur-Evrópu.

Allt fór úr skorðum

Alls voru árásirnar fjórar þennan örlagaríka júlímorgun. Fyrst sprungu sprengjur í þremur jarðlestum nánast samtímis og klukkustund síðar rifnaði strætisvagn við Tavistock Square í sundur í mikilli sprengingu. Í fyrstu var talið að sprengingarnar hefðu orðið vegna skammhlaups en fljótlega kom í ljós hvers kyns var og greip þá um sig mikið öngþveiti og skelfing í kjölfarið. Um tíma lágu samgöngur og fjarskipti niðri.

56 biðu bana í tilræðunum, þar á meðal tilræðismennirnir fjórir, og yfir 700 slösuðust. Afar erfitt reyndist að ná líkum upp úr hyldjúpum og níðþröngum lestargöngunum og því urðu ættingjar að bíða á milli vonar og ótta af fregnum af ástvinum sínum dagana á eftir. „Mamma hennar átti 78 ára afmæli um síðustu helgi og þá var hún svo glöð. Í gær grét hún hins vegar allan daginn,“ sagði Elena Law, sem hitti blaðamann Fréttablaðsins þegar hún leitaði vinkonu sinnar, Mihaelu Ottou, á sjúkrahúsi nærri Aldgate-stöðinni. Lík Ottou fannst tveimur dögum síðar.

Þaulskipulagt tilræði

Þegar ljóst var að um hermdarverk væri að ræða bárust böndin strax að íslömskum öfgahópum en strax um morguninn höfðu samtök sem sögðust vera tengd al-Kaída lýst yfir ábyrgð sinni. Fimm dögum eftir tilræðin greindi Ian Blair, yfirmaður Lundúnalögreglunnar, frá því að allt benti til að fjórir menn af erlendu bergi brotnir hefðu staðið fyrir tilræðunum og fannst umtalsvert magn sprengiefna á

NÁUNGAKÆRLEIKUR Lundúnabúar sýndu mikla samstöðu í þessum þrengingum. Paul Dadge var á meðal farþega í Piccadilly-lestinni og aðstoðaði hann þá sem slösuðust eftir fremsta megni.

TAVISTOCK SQUARE Strætisvagninn rifnaði nánast í sundur við sprenginguna, svo öflug var hún. Fimmtán farþegar létu lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

TILRÆÐISMAÐUR Eftirlitsmyndavélar í strætisvagni númer 26 náðu myndum af Muktar Said, einum af árásarmönnunum 21. júlí, skömmu áður en hvellhetta í tösku hans sprakk. NORDICPHOTOS/AFP

heimili eins þeirra í Leeds. Síðar kom í ljós að þeir höfðu ferðast til Pakistans misserin á undan og var talið að þar hefðu þeir hlotið þjálfun í hryðjuverkabúðum al-Kaída-samtakanna. Í september birtust svo myndir á al-Jazeera þar sem Mohammed Sidique Khan, meintur höfuðpaur fjórmenninganna, gaf í skyn það sem í vændum var og í sama myndskeiði mátti sjá Ayman al-Zawahiri, einn leiðtoga al-Kaída. Þótt myndirnar séu ekki óyggjandi sönnun þess að samtökin, eða hópar þeim tengdir, hafi skipulagt tilræðin svipar þeim mjög til annarra verka sem al-Kaída á að hafa staðið fyrir, til dæmis í Madríd í mars árið 2004.

Ólíkt því sem búist hafði verið við urðu múslimar í Bretlandi fyrir furðu litlu aðkasti í kjölfar árásanna enda lögðu talsmenn þeirra sig í líma við að fordæma þær. Sú staðreynd að tilræðismennirnir voru af annarri og þriðju kynslóð innflytjenda var hins vegar talin til marks um þá gjá sem talin er skilja innflytjendur, einkum múslima, frá öðrum samfélagshópum Bretlands.

Sagan endurtekur sig

21. júlí, nákvæmlega tveimur vikum eftir tilræðin mannskæðu, var gerð önnur tilraun til hryðjuverka í borginni. Aðfarirnar voru ótrúlega svipaðar hinum fyrri, þrjár sprengingar um borð í jarðlestum og ein til viðbótar í strætisvagni klukkustund síðar. Ólíkt sprengingunum 7. júlí sprungu hins vegar aðeins hvellhettur að þessu sinni og því varð skaðinn nánast enginn.

Eftirlitsmyndavélar náðu myndum af tilræðismönnunum fjórum og í kjölfarið hófst afar umfangsmikil leit að þeim. Viku síðar voru þeir allir komnir á bak við lás og slá og bíða þeirra réttarhöld fyrir tiltækið.

Enn hefur ekki komið í ljós hvað mönnunum gekk til. Sökum þess hve líkar árásirnar voru hefur getum verið að því leitt að ódæðismennirnir væru á snærum sama hóps, en þar sem seinni tilræðin fóru gjörsamlega út um þúfur hefur það líka verið dregið í efa.

Skotið til að drepa

Einn dapurlegasti þáttur alls þessa harmleiks var án efa dráp Lundúnalögreglunnar á Jean Charles de Menezes, brasilískum farandverkamanni sem búsettur var í borginni. Þegar leit stóð sem hæst að fjórmenningunum daginn eftir tilræðin 21. júlí reyndu óeinkennisklæddir lögreglumenn að ná tali af Menezes á Stockwell-jarðlestarstöðinni en að þeirra sögn reyndi hann að taka til fótanna. Talið var að hann hefði sprengju innanklæða og því mátu þeir sem svo að í samræmi við stefnu lögreglunnar yrði að taka manninn af lífi áður en hann gæti kveikt á henni. Í ljós kom að Menezes var algerlega vopnlaus og hafði engin tengsl við árásarmennina.

Lögreglan, og sér í lagi Ian Blair lögreglustjóri, sættu afar mikilli gagnrýni, bæði fjölmiðla og almennings en einnig brasilískra stjórnvalda og fjölskyldu Menezes. Í kjölfarið hófst óháð rannsókn sem enn sér ekki fyrir endann á. Í ágúst kom svo í ljós að Blair hafði róið að því öllum árum að stöðva rannsóknina og varð það síst til að styrkja stöðu hans.

Árásirnar 7. júlí verða hins vegar ekki rannsakaðar frekar því fyrr í þessum mánuði skýrði breska ríkisstjórnin frá því að látið yrði nægja að safna fyrirliggjandi gögnum um málið, sjálfstæð og óháð rannsókn færi ekki fram. Sýnist sitt hverjum um það.

sveinng@frettabladid.is

ÚTSALAN

HEFST Í DAG KL. 12

ALLSAINTS

30% AFSLÁTTUR

KRINGLUNNI • S. 517 3890

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Lífsbaráttan við Djúp

Vestfirðingar hafa löngum þurft að berjast fyrir tilveru sinni á norðvesturhorni landsins og þar hafa skipst á skin og skúrir varðandi byggðamál. Fólki hefur fækkað mjög mikið í sveitahreppum þar á síðustu árum, að ekki sé talað um heilu byggðarlögin sem fóru í eyði á Hornströndum og á norðanverðum Ströndum um og upp úr miðri síðustu öld. Þar verður varla föst búseta aftur.

Samgöngumálin hafa lengi verið erfið Vestfirðingum og þeim sem leggja leið sína þangað en bylting varð þó í þeim málum þegar Djúpvegurinn var opnaður, því fram að því urðu Vestfirðingar að mestu að treysta á samgöngur í lofti og á sjó yfir vetrartímann. Þrátt fyrir veginn um Ísafjarðardjúp og margs konar áætlanir um eflingu byggðar þar er það þó staðreynd að sífellt fækkar þar byggðum bólum. Jafnframt minnkar þjónustan eins og dæmin sanna. Lengi vel hélt Djúpbáturinn uppi mikilvægri þjónustu við bæi og byggðakjarna beggja megin Ísafjarðardjúps en nú er sá tími liðinn.

Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að skilja póst eftir í gámi á víðavangi á afskekktum stöðum og spurning hvort það varðar ekki við lög, því oft geta verið ýmiss konar verðmæti í póstinum, að ekki sé talað um venjulegan póst, sem á ekki að vera í gámi á víðavangi við Ísafjarðardjúp frekar en annars staðar á landinu.

Íbúar við Ísafjarðardjúp máttu því ekki við því að þjónusta við þá yrði skert eins og nú eru horfur á varðandi starfsemi Íslandspósts við Djúpmenn. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa tilkynnt að breytingar verði á starfsemi þess á svæðinu sem valda því að íbúarnir fá ekki þá þjónustu sem þeir fengu áður, þótt Íslandspóstur standi eftir sem áður við að dreifa pósti þar. Það er önnur og persónulegri þjónusta sem fellur niður samhliða þessum breytingum, sem ekki fellur beint undir Póstinn, en bæði sveitarfélagið og önnur yfirvöld á svæðinu hljóta að bregðast við og sjá til þess að þeir fáu íbúar sem enn eru þarna fái sömu þjónustu og áður. Málið snýst um að koma pósti og öðrum nauðsynjum til innan við tuttugu sveitabæja, sem ekki ætti að vera ofverkið hjá samfélaginu við þessa dreifðu og afskekktu byggð. Í dag eru veittir alls konar styrkir til flutninga- og byggðamála og því ætti það að vera útlátalítið að tryggja að fólkið á þessum fáu bæjum fái nauðsynjar heim til sín nokkrum sinnum í viku og búi þar við svipaðar aðstæður og aðrir íbúar á landsbyggðinni.

Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að skilja póst eftir í gámi á víðavangi á afskekktum stöðum og spurning hvort það varðar ekki við lög, því oft geta verið ýmiss konar verðmæti í póstinum, að ekki sé talað um venjulegan póst, sem á ekki að vera í gámi á víðavangi við Ísafjarðardjúp frekar en annars staðar á landinu.

Hlutafélagavæðing ríkisfyrirtækja eins og Póstsins og Símans og sala þess síðarnefnda hefur óneitanlega komið illa við marga á Vestfjörðum sem máttu síst við skerðingu á þjónustu eða að störfum fækkaði í þessum landsfjórðungi. Peningahyggjan og baráttan við afkomutölurnar má ekki ná yfirhöndinni og stjórna öllu í landinu, þar verða líka að koma til sanngjörn samfélagsleg sjónarmið. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Friðaðir dómarar

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sendi Kjaradómi bréf í gær og bað dóminn vinsamlegast um að endurskoða úrskurð sinn um launahækkanir þjóðkjörinna fulltrúa. Bréfið snýst sem sagt um að lækka laun ráðherra, þingmanna og forseta Íslands, sem Kjaradómur hækkaði 19. desember með úrskurði sínum.
Athygli vakti að eftir fund forsætisráðherra og Geirs H. Haarde utanríkisráðherra í gær með forystumönnum samtaka á vinnumarkaði þvertóku þeir fyrir að hrófla við launum dómara, sem fengu einnig ríflega launahækkun í sama úrskurði. Ekki væri viðeigandi að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið skiptu sér af kjörum dómara og varðveita yrði sjálfstæði dómsvaldsins.
Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, tók hins vegar af þeim ómakið og sagði fullum hálsi eftir fundinn að auðvitað ætti að endurskoða - í merkingunni lækka - laun dómaranna einnig.
Varla verður sagt að ráðherrar hafi skipt sér af kjörum dómaranna sama hvað Kjaradómur gerir.

Framsóknarmönnum fagnað

Heldur virðist vera að lifna yfir framboðsmálum framsóknarmanna í Reykjavík en í prófkjöri í lok janúar verður kosið bindandi um sex efstu sæti listans.
Þrír hafa tilkynnt framboð í efsta sætið og stefnir þar í harðan slag, bæði um grasrótarfylgi og fylgi harðra stuðningsmanna flokksforystunnar.
Framboðsfrestur rennur út á morgun og eftir því sem næst verður komist hafa alls sex tilkynnt eða lýst áhuga á framboði nú þegar, þar af tvær konur.
Óskar Bergsson höfðar til grasrótarfylgis í borginni líkt og Anna Kristinsdóttir en bæði bjóða sig fram í efsta sæti listans. Björn Ingi Hrafnsson hefur engar yfirlýsingar gefið í þessu efni en vitað er að Gestur Guðjónsson, sem býður sig fram í þriðja sæti listans, og Matthías Imsland, formaður Félags ungra framsóknarmanna, styðja Björn Inga til forystu.

johannh@frettabladid.is

Dóri fisksali

Í DAG
BERNSKUMINNINGAR AF GRÍMSSTAÐAHOLTI

ÞORVALDUR GYLFASON

Það eru forréttindi að fá að kynnast svona fólki. Það gefur lífinu lit og dregur úr lönguninni til að andvarpa með skáldinu: Hvar hafa dagar lífs míns lit sínum glatað? En forréttindi eru yfirleitt þannig vaxin, að þau endast ekki lengi.

Það var ekkert sældarbrauð að sækja mjólk upp á Holt. Þetta var fyrir 1960, Hermann og Eysteinn voru enn í ríkisstjórn, og Harry Belafonte söng Mærin frá Mexíkó í óskalögum sjúklinga alla laugardaga, gott ef pabbi átti ekki líka plötuna. Hannibal fantur syngur bara vel, sagði Vimmi. Nema við bræðurnir slitum barnsskónum við rætur Grímsstaðaholtsins í Reykjavík, og strákarnir í Grimsby áttu það til að stytta sér stundir við að lúskra á væsklunum úr hverfunum í kringum Holtið, ef við áttum erindi þangað, eða svo var sagt. Maður var með lífið í lúkunum. Ætli þeim líði ekki einhvern veginn svona, sebradýrunum í Serengeti? Og þó, nei, það er of mikið sagt. Þetta var háspenna, ekki lífshætta. Eftir á að hyggja man ég ekki til þess, að strákarnir á Holtinu hafi nokkurn tímann skert hár á höfði mínu, eða Vimma, sem var eldri og kaldari en ég. Þeir kveiktu stundum í brennunum okkar daginn fyrir gamlársdag og komu á vettvang á undan slökkviliðinu til að votta okkur innilega samúð, en það var eiginlega allt og sumt.

Þarna uppi á Holtinu bjó fólk af ýmsu tagi, einkum erfiðisfólk: verkamenn, kennarar, kristniboði, sælúnir sjómenn. Og Jósefína í Nauthól. Hún stendur mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum með gauðrifna nælonsokkana hangandi á hælunum, sígarettuna neglda við neðri vörina (Chesterfield, minnir mig, nema það hafi verið Lucky Strike) og ískrandi viskírödd af rámustu gerð. Þegar ég kom til Albaníu þrjátíu árum síðar, sá ég fullan sjó af sígaunakerlingum, en engin þeirra komst í hálfkvisti við Jósefínu.

Dóra þekkti ég betur, manninn hennar, því að hann var þjálfarinn minn í fimmta flokki í Þrótti. Við æfðum annað veifið á háskólavellinum, þar sem drullupollarnir voru svo djúpir, að maður fór stundum á kaf. Fótboltinn heimtaði sitt. Dóri bar það með sér, að hann hafði séð og lifað sitt af hverju. Við vissum, að hann átti í basli með Bóbó, dótturson Jósefínu, og þá hina. Bóbó var miklu eldri en við, og augun í honum voru sokkin á víxl, stundum bæði í einu. Þess á milli lá hann í sólbaði, en sú iðja hafði ekki áður sézt til íslenzkra karlmanna, a.m.k. ekki á Grímsstaðaholtinu. Dóri var hlýr og geðslegur maður. Ef honum gramdist, sagði hann hilvítis hilvíti, lágt, eins og við sjálfan sig, svo að engum stafaði ógn af bældri gremjunni. Einu sinni fórum við upp að Sjómannaskóla að keppa við Fram, og þá kom meðhjálpari Dóra með stranga af myndum af berum stelpum og lofaði okkur einni mynd hverjum, ef við ynnum leikinn. Við skíttöpuðum, við voru bara ellefu ára. Myndirnar voru í reyndinni sakleysið sjálft, því að stúlkurnar voru kappklæddar miðað við margt annað, ég sé það núna. Mér finnst líklegt, að Dóri hafi húðskammað meðhjálparann: hilvítis hilvíti.

Það eru forréttindi að fá að kynnast svona fólki. Það gefur lífinu lit og dregur úr lönguninni til að andvarpa með skáldinu: Hvar hafa dagar lífs míns lit sínum glatað? En forréttindi eru yfirleitt þannig vaxin, að þau endast ekki lengi. Þess vegna hlaut að koma að því, að einhver snjall rithöfundur kæmist í sögurnar af Jósefínu og Dóra og deildi þeim með öðrum, og það gerði Einar Kárason með miklum brag. Djöflaeyjan er saga þessa fólks, heimildasaga, raunsönn og rétt í öllum aðalatriðum, eða svo sýnist mér, úr nokkurri fjarlægð. Leikfélag Reykjavíkur setti söguna á svið fyrir mörgum árum - í bragga vestur í bæ, nema hvað. Þar leiddu þeir saman hesta sína Einar Kárason og leikstjórinn góði, Kjartan Ragnarsson, og Guðmundur Pálsson og Karl Guðmundsson léku Dóra svo vel, að mér fannst ég aftur vera kominn í Þrótt. Kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar eftir sögunni var einnig fyrsta flokks. Bók, sviðsverk, bíómynd: þetta er þrenna í lagi.
Og þegar sagnameistarinn Einar Kárason hafði skrifað sig svo kyrfilega inn í vitund þjóðarinnar með Djöflaeyjunni, hvar á byggðu bóli gat hann þá leitað fanga í aðra eins bók? - að öðrum verkum hans ólöstuðum. Hvar gat hann fundið söguefni, sem fær hárin til að rísa á höfðum lesendanna og opnar þeim mörgum um leið nýja sýn á samtíð sína? Af hvaða mönnum treysti hann sér til að segja svo krassandi sögur? Jónsbók Einars Kárasonar er heimildasaga, raunsönn og rétt í öllum aðalatriðum, eða svo sýnist mér, úr nokkurri fjarlægð. ■



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

SPRENGJA

Sprengjan er byrjuð • Fyrstir koma fyrstir fá

OPIÐ Í DAG 9-19

0% VEXTIR

ÞÚ VELUR 3-18 MÁNUÐI VAXTALAUST*

ALLT Á FULLU

SPRENGJAN ER Á FULLU, SJÓÐHEIT TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI. FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

SJÁUMST

Öll verð og tilboð gilda aðeins 27-31 des. 2005 eða meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

* Vaxtalaus tilboð gilda eingöngu á völvum keyptar dagana 27-31 des. 2005

OPNUNARTÍMAR
28-30 DES. 9-19
31 DES. 9-12

MasterCard VISA

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Slysalaus áramót, já takk!

UMRÆÐAN
FLUGELDAR

SIGRÚN A. ÞORSTEINSDÓTTIR

Því miður sýnir reynslan okkur að um hver áramót verða slys í tengslum við flugeldavörur. Ástæður þessara slysa eru langoftast þær að hvorki er farið eftir grundvallarreglum um notkun flugelda né þeim leiðbeiningum sem eru gefnar upp fyrir hverja og eina vöru.

Um hver áramót er skotið upp ógrynnum af flugeldum, með tilheyrandi ljósadýrð og gleði. Þetta getur þó breyst í harmleik ef ekki er farið eftir öllum leiðbeiningum og fyllsta öryggis gætt.

Því miður sýnir reynslan okkur að um hver áramót verða slys í tengslum við flugeldavörur. Ástæður þessara slysa eru langoftast þær að hvorki er farið eftir grundvallarreglum um notkun flugelda né þeim leiðbeiningum sem eru gefnar upp fyrir hverja og eina vöru.

Með vaxandi notkun flugeldagleraugna hefur augnslysum fækkað. Þrátt fyrir það urðu níu augnslys um síðustu áramót, öll hjá strákum. Fikt með flugelda er allt of algengt meðal þessa hóps. Forráðamenn verða að vera meðvitaðir um hvað börnin þeirra eru að gera á þessum tíma, ræða við þau um það hversu hættulegar flugeldavörur geta verið ef þær eru ekki meðhöndlaðar rétt og ef þeir ætla að leyfa börnunum að meðhöndla flugeldavörur að það sé tryggt að það sé undir eftirliti þeirra.

Geyma þarf flugelda á þurrum stað, sem börn hafa ekki aðgang að. Skjóta skal upp á opnu svæði, láta þá sem eru að horfa á standa vindmegin við skotstað og geyma flugeldavörurnar sem skjóta á upp fjarri skotstaðnum. Tryggja verður að vörurnar séu vel skorðaðar og að undirlag köku sé slétt áður en skotið er upp. Kveikja í með útréttri hendi, ekki halla sér yfir flugeldinn og víkja vel frá um leið og logi er kominn í kveikiþráðinn. Flugeldagleraugu eiga allir að nota, líka þeir sem eru að horfa á. Þeir sem eru að skjóta upp eða halda á blysi hlífa höndum sínum best með því að nota skinn- eða ullarhanska. Leiðbeiningar fylgja hverri flugeldavöru þar sem kemur fram hvernig eigi að skjóta henni upp á öruggan hátt og þeim leiðbeiningum verður að fara eftir. Ef eldur hefur verið borinn að kveikiþræði flugeldavörunnar en hún ekki tekið við sér skal ekki reyna að kveikja aftur í henni heldur hella vatni yfir hana. Glóð getur leynst í marga klukkutíma og skoteldurinn farið upp án nokkurs fyrirvara. Gætið vel að börnum, þau þekkja hætturnar ekki eins vel og fullorðnir. Áfengi hefur áhrif á dómgreind fólks, það verður kærulausara og liggur í augum uppi að flugeldar og áfengi eiga aldrei samleið. Ef dýr eru á heimilinu þarf að huga að þeim, sérstaklega hundum, hestum og köttum, þau geta orðið hrædd þegar verið er að skjóta upp og best er að gera ráðstafanir í tengslum við þau fyrirfram. Nánari upplýsingar um þær er hægt að sjá á slóðinni http://landsbjorg.is/slysavarnir/flugeldaslys/flugeldaslys.htm.

Megið þið eiga ánægjuleg og slysalaus áramót.

Höfundur starfar á Slysavarnasviði Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

LJÓSADÝRÐ Fikt með flugelda er allt of algengt meðal ungra drengja segir greinarhöfundur.

AF NETINU

Blýlaust takk

Gott skipulag og tímaáætlanir við að skipta yfir í blýlaust bensín um allan heim hafa staðist sem sýnir að auðvelt er að lyfta grettistaki í umhverfismálum ef viljinn er fyrir hendi. Hér skiptir auðvitað máli að öflug iðnríki hafa átt frumkvæðið að þessu átaki í stað þess að spilla fyrir, eins og oft er raunin. Þá hafa helstu fyrirtæki í bílaiðnaðinum fyrir löngu hafið framleiðslu á bílum með efnahvörfum sem ganga fyrir blýlausu bensíni.

Sverrir Jakobsson á murinn.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

LEIÐRÉTTING

Fyrir handvömm var séra Karl Sigurbjörnsson biskup sagður heita Karl Pétur í myndatexta í blaðinu á aðfangadag. Biskup og lesendur blaðsins eru beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

Garðabær - senn vorar

UMRÆÐAN
GARÐABÆR

EYJÓLFUR BRAGASON

Víst er Garðabær í blóma og friðsæll til búsetu. Umhverfið fagurt og náttúruperlur innan seilingar. Blómi bæjarins hefur orðið til fyrst og fremst fyrir framtak íbúanna sjálfra, en því miður of sjaldan vegna frumkvæðis og framtíðarsýnar forystufólks. Þar skortir mikið á.

Frá upphafi hefur Garðabæ verið stjórnað af Sjálfstæðisflokknum. Mörgum þykir nú nóg komið. Það er komin veruleg þreyta í meirihlutann. Í nágrannabyggðarlögunum hafa flokkar skipst á um að stjórna og má þar sjá mun meiri grósku og uppbyggingu en hjá okkur. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á frjálsa samkeppni. Það stefnumið sefur vært í Garðabæ.

Bær í blóma en blómin fölna ef vanrækt eru

Meirihluta sjálfstæðismanna hefur tekist að varpa þeim ljóma á Garðabæ að hér sé allt í blóma og best að búa. Fjölmiðlar hafa tekið gagnrýnislaust við málflutningi þeirra og og fulltrúar minnihlutans sjaldan eða aldrei kallaðir til viðtals eða í umræðuþætti um málefni bæjarins, en nógu er af að taka. Í bænum er gefið út blað, Garðapósturinn. Daufum eyrum hlusta þeir á aðra rödd en hins bláa blóma og mjög erfitt er að fá birtar greinar sem ganga gegn meirihluta í bæjarstjórn. Það verður ekki kallað óháð málgagn og kemur að litlum notum sem vettvangur ólíkra sjónarmiða.

Víst er Garðabær í blóma og friðsæll til búsetu. Umhverfið fagurt og náttúruperlur innan seilingar. Blómi bæjarins hefur orðið til fyrst og fremst fyrir framtak íbúanna sjálfra, en því miður of sjaldan vegna frumkvæðis og framtíðarsýnar forystufólks. Þar skortir mikið á. Svo virðist sem valdþrjóska og vanastjórnun slævi sjónir manna á heildarheill.

Ég vil með þessari grein varpa nokkru ljósi á það sem ekki blasir við í blóma Garðabæjar en þarf þó að skoða nánar, því að slík atriði eru orsökin að óánægju bæjarbúa, sem víða gerir vart við sig.

Ég flutti ungur í Garðahrepp árið 1959. Þá hófst senn nýbyggðin hér. Sveitarstjórnin lét skipuleggja hverfi af framsýni og þeirri nýbreytni að athygli vakti. Snemma völdu menn miðbænum stað. Hann reis í áföngum án heildarsýnar og varð loks að hreinum glundroða. Ég man vart kosningar, svo að draumsýn um miðbæ hafi ekki verið borin fram. Fyrir síðustu kosningar var efnt til samkeppni um miðbæ. Verðlaun voru veitt og verkið kynnt með tilheyrandi grafíkmyndum og fögrum teikningum. Síðan hurfu menn inn í draumaheima sína að nýju og vöknuðu aldrei til þess að láta þá rætast. En sagan hefur tilhneigingu til að endurtaka sig. Nú rumskar meirihlutinn og birtir grafíkmyndir og teikningar af nýjum miðbæ, nýrri draumsýn og hún er sterk. Það skal rífa helstu stórhýsi bæjarins. Ætli draumurinn endi ekki með martröð sem fyrr?

Sjáumst í Kópavogi. Hittumst í Hafnarfirði.

Hvers vegna er komið svo að orði? Jú, vegna þess að hér er aðeins einn opinber staður sem býður upp á veitingar, bakaríið Gullkornið. Ég hef margoft bent á hversu eðlilegt er að byggja íþróttamiðstöð þar sem til staðar er veitingastaður þar sem yngri og eldri íbúar geta hist og átt notalega stund eftir sundsprett eða aðrar æfingar. Slíkir samverustaðir reynast hvarvetna mjög félagslega mikilvægir. Í dag er algengast að hitta fyrir Garðbæinga í Sundlaug Hafnfirðinga og hinni glæsilegu sundlaug í Salahverfi í Kópavogi.

Sjálandsskóli er falleg bygging en það sem verra er, að þessi listasmíð er staðsett á ótrúlega skökkum stað. Börn finnast varla í nágrenni skólans. Skólinn er settur annars vegar við eina mestu umferðargötu bæjarins og hins vegar við Arnarnesvog og allir vita að fjara eða ísilagður sjórinn freistar barna og í því er mikil hætta fólgin. Er það skynsamlegt að nota þurfi skólabíl til að aka börnum í hverfisskólann sinn. Íbúar Ásahverfis hafa ekki gleymt grafíkmyndunum af skóla á Héðinslóðinni fyrir síðustu kosningar. Þar var enn ein blekkingin sem stungið var undir stól eftir að talið var upp úr kössunum. Staðreyndin er sú að í flýtinum við að skipuleggja Ásahverfið gleymdist að gera ráð fyrir skóla. Mikil er ábyrgð þeirra sem taka slíka ákvörðun.

Eins og svo oft áður reynir meirihluti sjálfstæðismanna að slá pólitískar keilur. Fyrir síðustu kosningar var áttaþúsund manna hverfi á Garðaholti skipulagt, en ekkert hefur verið aðhafst þar. Nú hefur það verið þekkingarþorp í Urðarholti með Háskólann í Reykjavík sem miðpúnkt. Það vissu allir sem vita vildu að HR myndi seint verða háskóli í Garðabæ. Ég tel að kjósendur eigi rétt á að vita hvað þetta ævintýri kostaði. Það er óþolandi að skattfé bæjarbúa sé notað sí og æ til að búa til skrautteikningar og grafíkmyndir til að skreyta sig fyrir bæjarbúum.

Þar, hér eða bara burt

Garðabær fór að vaxa um 1960. Það kom þó að því að ungt fólk kvartaði mjög yfir því að ekki var hugsað nægjanlega fyrir skipulagningu hverfa fyrir ungt fólk. Unga fólkið flutti því mjög gjarnan til nágrannabyggðarlaganna. Ekki hefur þetta batnað. Það má nærri ætla að tilviljun ein ráði hvar eða hvernig ný hverfi eru hönnuð. Verktakar stinga upp á bryggjuhverfi og íbúðir þar eru langt yfir því verði sem ungt fólk ræður við og aðeins efnameira fólk hefur kost á að minnka við sig og flytja í hverfið. Frægt var þegar Jón Ólafsson keypti Arnarneslandið vegna klaufaskapar meirihlutans og kaupendur lóða þar þurfa að greiða á þriðja tug milljóna fyrir lóðir þar. Aðeins örfáum lóðum hefur verið úthlutað af bænum. Hvaða verktaki verður næst á ferðinni? Það er sárt að sjá rótgróna Garðbæinga flytja í hópum í nýju hverfin í Kópavogi vegna þess að bærinn býður þeim ekki lóðir við hæfi.

Flestir bæir landsins eiga sér fagran garð, sameiginlegan gróðurreit og samverustað. Nefna má Laugardalinn, Lystigarðinn á Akureyri, Víðistaðatúnið í Hafnarfirði og Garðalund á Akranesi. Mér finnst það dapurlegt að ekki sé löngu búið að leggja drög að slíkum garði hér í bæ. Við Garðbæingar eigum skilið betra umhverfi en bílastæðin við Ásgarð til hátíðarhalda vegna 17. júní.

Ég hef hér nefnt nokkur atriði sem mér finnst máli skipta að við Garðbæingar ræðum á komandi kosningavetri. Getur verið að við séum ánægð með stöðu mála. Ég er þeirrar skoðunar að flokkspólitík eigi ekki að ráða svo mjög í afstöðu manna í bæjarpólitík. Til dæmis má benda á að gagnrýni sjálfstæðismanna á R-listann í Reykjavík hittir félaga þeirra í Garðabæ fyrir. Ég skora á Garðbæinga að taka virkan þátt í umræðum vetrarins og þá er ég viss um að flokkurinn sem stjórnað hefur hér í hálfa öld fái frí.

Höfundur er áfangastjóri Fjölbrautaskólans við Ármúla.

mazda

Mazda6 MPS
Verð 3.390.000 kr.

Við erum Mazda

Í 80 ár hefur Mazda framleitt bíla. Japönsk nákvæmni, auðmýkt og virðing fyrir mannfólkinu og umhverfi þess hefur leitt hönnun og framleiðslu Mazda frá upphafi. Þarfir viðskiptavina Mazda liggja til grundvallar hönnun Mazda. Engin málamiðlun er leyfð í þeim efnum. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og betra öryggi. Ný sköpun verður til. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Við erum Mazda.

Mazda2
Væntanlegur

Mazda3
Verð frá 1.690.000 kr.

Við erum Mazda á Íslandi.

Mazda er á öruggum stað. Brimborg er nú eini viðurkenndi söluaðili Mazda á Íslandi. Við byggjum upp orðspor þjónustu Mazda á Íslandi. Þessa stundina erum við að byggja nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda sem verður tilbúinn innan tíðar auk varahlutaverslunar, hraðþjónustu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Spáðu í Mazda.

Mazda5
Verð 2.190.000 kr.

Mazda6
Verð frá 2.190.000 kr.

Við seljum Mazda nú þegar.

Þér er velkomið að heimsækja okkur í Brimborg, Bíldshöfða 6, þrátt fyrir að sýningarsalurinn er ekki tilbúinn. Vegna fjölda fyrirspurna seljum við Mazda fyrr en áætlað var. Til að sinna eftirspurninni hafa starfsmenn Mazda komið sér fyrir í húsakynnum Brimborgar við Bíldshöfða 6, annarri hæð. Komdu. Vertu Mazda.

Mazda MX-5
Væntanlegur

Veldu annan stíl. Vertu Mazda.

Brimborg mun bjóða upp á fjölbreyttara úrval af Mazda. Samkeppnin er hafin. Annar stíll í boði. Bílar eins og Mazda2, Mazda3, Mazda5, Mazda6, Mazda MX-5 og Mazda RX-8 eru í boði fyrir nútímafólk sem vill annan japanskan stíl. Og örugga þjónustu. Við leggjum sérstaka áherslu á aukinn staðalbúnað á mjög hagstæðu verði. Nýttu þér kynningartilboðin. Spurðu um greiðslukjörin. Fáðu þér Mazda.

Mazda RX-8
Verð 3.290.000 kr.

Vertu Mazda.
Mazda er á öruggum stað.
Komdu í Brimborg.

Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt japönsk gæði og gott umboð. Ætlar kannski að fá þér Toyota? Nú er annar kostur í boði. Veldu öruggan stað. Komdu í Brimborg. Skoðaðu Mazda.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
– skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

*Greitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.mazdabrimborg.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Kínverjar brjóta sér leið inn á orkumarkaðinn

Hinn 23. júní bauð kínverska ríkisolíufyrirtækið CNOOC 18,5 milljaðra dollara fyrir bandaríska olíufyrirtækið UNOCAL og yfirbauð þar með tilboð keppinauta sinna í Chevron. Óttinn við að Kínverjar eignuðust bandarískt olíufélag eggjaði áfram pólitísk mótmæli í Washingon þar til CNOOC féll frá tilboði sínu 2. ágúst. Nóbelsverðlaunahafinn ***Joseph E. Stiglitz*** efast um viðbrögð Bandaríkjamanna.

BORAÐ FYRIR OLÍU VIÐ TAÍLANDSSTRENDUR Flestir borpallar UNOCAL eru utan lögsögu Bandaríkjanna. Þegar Kínverjar gerðu tilboð í olífufyrirtækið varð Kína ekki lengur aðeins framleiðandi ódýrra leikfanga og textílvara, heldur einnig keppinautur um mikilvægar fjárfestingar.

MYND/UNOCAL

VENDIPUNKTAR 2005

Það kom flestum Bandaríkjamönnum á óvart þegar sögur bárust af því að kínverska ríkisolíufélagið gæti farið að bjóða í bandaríska olíufélagið UNOCAL, en tilboðið kom hinn 23. júní. Þetta hefði ekki átt að koma Bandaríkjamönnum á óvart, þar sem tilboð Kínverja var mjög skiljanlegt í ljósi orkuþarfar þeirra, en þetta hefði ekki heldur átt að valda neinni ólgu.

Það var óumflýjanlegt að Kínverjar, sem sátu á um 700 milljarða dala gjaldeyrisforða, myndu að lokum ákveða að það væru betri fjárfestingar til en að eiga þessa 700 milljarða dala í lítt arðbærum bandarískum ríkisvíxlum. Þegar sá tími leið undir lok að dollarinn væri sterkur gjaldmiðill urðu ríkisvíxlarnir að áhættu án umbunar. Það er raunar svo að Kínverjar hefðu átt milljörðum meira í gjaldeyrisforða hefðu þeir fjárfest aðeins meira í evrum.

Að fjárfesta í evrum hefði þó valdið einu vandamáli fyrir Kínverjana. Þeir vildu halda gengi gjaldmiðils síns samkeppnishæfu, sem væri gott fyrir útflutningsvörur þeirra. Aukinn útflutningur myndi hjálpa til að efla hagkerfi landsins. Hagkerfið þyrfti að stækka fljótlega til að skapa ný störf fyrir þær milljónir Kínverja sem bætast við vinnuaflið árlega.

Fyrr höfðu Kínverjar dregið að sér nokkra athygli með því að kaupa hlut af IBM, þann hlut sem framleiðir einkatölvur. Á þeim kaupum og tilboðinu á olíufyrirtækinu UNOCAL er þó mikill munur. Í fyrra tilfellinu voru Kínverjar einfaldlega að taka yfir stjórnina á eigin fyrirtækjum og sýna fram á að ekki væri þörf á erlendum stjórnendum. Nokkuð sem kínversk fyrirtæki höfðu þegar sýnt fram á á skilmerkilegan hátt.

Í seinna tilfellinu voru Kínverjar að keppa við bandarískt fyrirtæki um olíu, og buðu betur. Ókyrrðin vegna þessa var meiri en ella vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs á olíu.

Hins vegar hefði mátt búast við þessu tilboði Kínverja. Kína er enn háðara innflutningi á olíu en Bandaríkin, þar sem innlendur forði er mun minni. En í heimi alþjóðamarkaða geta ríki stjórnað áhættunni vegna breytilegs olíuverðs, og orkuverðs almennt, þrátt fyrir að eiga ekki olíulindir. Það er gert með því að kaupa olíufyrirtæki. Ef orkuverð hækkar er ríkið að minnsta kosti varið að hluta, því verðið á olíubirgðum þess hækkar einnig. Að kaupa bandarískt olíufyrirtæki var sérstaklega skynsamlegt, þar sem það skapar þessa tryggingu án þess að hækka gengið, líkt og fjárfesting í evrum myndi gera.

Tilboð Kínverja í UNOCAL, lítið fyrirtæki sem aðallega á eignir utan Bandaríkjanna, hafði að hluta sama táknræna mikilvægi og þegar japanskt fyrirtæki keypti Rockefeller Center árið 1989. Kaup sem fóru illa fyrir Japan. Allt í einu var Kína ekki lengur aðeins framleiðandi ódýrra leikfanga og textílvara, heldur einnig keppinautur um mikilvægar fjárfestingar.

Viðbrögð Bandaríkjanna stjórnuðust af pólitískum sýningaleik sem nýtti sér órökrænan ótta. Ákvörðunin var hvorki í þágu alþjóðavæðingar né öryggis ríkisins. Í það minnsta hefðu menn átt að roðna vegna stefnu Bandaríkjamanna, það er að segja ef þeir hefðu gert minnstu tilraun til að vera samkvæmir sjálfum sér. Ef Bandaríkjamenn mótmæltu því að útlendingar ættu í olíufyrirtækjum í Bandaríkjunum, þá gætu aðrar þjóðir mótmælt því, eða ættu, að Bandaríkjamenn ættu olíulindir þeirra. Enn fremur þarf að hafa í huga að ef UNOCAL ætti ekkert í erlendum olíulindum væri þetta örlítið fyrirtæki. Auðvitað getur svo verið að einhvers staðar í huga kínversku leiðtoganna hafi tilboðið stjórnast af fleiru en eðlilegri dreifingu á áhættu. Markaðir virka vel á friðartímum en þegar friðurinn er úti geta markaðsskekkjurnar komið í ljós. Kannski munum við aftur upplifa skömmtun, eins og eftir olíuverðshækkunina miklu á áttunda áratugnum, þegar Bandaríkin einfaldlega gátu ekki fengið eins mikla olíu og þau vildu, sama hvaða verð var í boði. Að stjórna olíunni þýddi þá að geta ákveðið hver fengi olíu og hver ekki. Það lá meira undir en einungis trygging fyrir verðhækkunum á olíu. Í stað þess að reyna að sannfæra Kínverja um að þeir þyrftu ekki að óttast olíuskort í framtíðinni brugðust Bandaríkjamennn of hart við. Afstaða þeirra var sú að hætta væri á að þeir væru að missa stjórn á olíulindum sínum, þrátt fyrir að mjög lítill hluti af olíu UNOCAL væri í landinu. Vegna viðbragða þingsins var það í raun ómögulegt fyrir Kínverja að ganga í gegn með kaupin, þrátt fyrir að hafa boðið töluvert hærra verð í fyrirtækið en Chevron.

Bandaríkjamenn breiða út boðskapinn um mikilvægi frjálsra markaða. En með því að hafna tilboði Kínverja sýndu þeir fram á að trúin á boðskapinn væri ekki staðföst. Án þess að það hafi verið viljinn sýndu Bandaríkjamenn fram á að hagsmunir þjóðar voru þyngri á metunum en markaðslögmálin. Með þessu voru sett fram önnur skýr skilaboð. Það er engin ástæða fyrir Kínverja, eða nokkra aðra, að trúa því að markaðslögmálin muni gilda ef orkuskortur verður. Þess í stað gæti lærdómur Kínverja verið að þeir verði að ná stjórn yfir þeim auðlindum sem þeir þurfa á að halda, ekki bara vegna hagsmuna fjármálastjórnunnar, heldur einnig til að tryggja nægt framboð í framtíðinni.

Bandaríska ríkisstjórnin gæti hafa komið í veg fyrir að Kínverjar kauptu olíu í Bandaríkjunum, en hún getur ekki komið í veg fyrir að þeir kaupi olíu annars staðar í heiminum. Þess í stað hefur ríkisstjórnin rennt stoðum undir þá trú að Kínverjar þurfi að eignast eins mikla olíu og þeir geta.

Tilboð Kínverja í UNOCAL markaði tímamót í alþjóða efnahagslífi. Í hálfan annan áratug eftir að Berlínarmúrinn féll ríktu Bandaríkin án áskoranda sem eina efnahagslega risaveldið. Í samvinnu við Evrópu voru reglurnar endurskrifaðar til að stuðla að alþjóðakapítalisma. Bandaríkin kepptu við Evrópu, en það var ljóst að þessi tvö voru sammála í nánast öllu sem skiptir máli.

Efnahagskerfi Kína er mun minna en bæði Bandaríkjanna og Evrópu og í fyrirsjáanlegri framtíð verður Kína fátækari líka. En þar sem Kínverjar eru fjórum sinnum fleiri en Bandaríkjamenn er efnahagskerfið í Kína þegar stórt og ef vöxtur efnahagsins heldur áfram verður þetta mjög stórt efnahagskerfi. Kínverjar munu keppa við bandarísk og evrópsk fyrirtæki á öllum sviðum og hafa þegar sýnt fram á að þeir standa betur á mörgum sviðum framleiðslu.

Með innlánsvexti nálægt fimmtíu prósentum, í samanburði við fjórtán prósent í Bandaríkjunum þar sem sparnaður heimilanna er nánast enginn, eru Kínverjar auk þess að sanka að sér miklum fjármunum. Þeir geta og munu nota þá fjármuni til fjárfestinga, til að mynda í takmörkuðum auðlindum, líkt og olíu. Þetta er hinn nýi raunveruleiki og við verðum að sættast við hann.

Þessi nýi raunveruleiki hefur margt í för með sér. Í fyrsta lagi getur þetta torveldað efnahagslegar refsiaðgerðir, einnig til að styrkja stöðu mannréttinda. Nú fer til dæmis fram þjóðarmorð í Darfur í Súdan og líklega verða flest vestræn olíufyrirtæki að ákvarða hvernig samskipti þeirra verða við ógnarstjórn í Súdan. En ef Kínverjar vilja eiga samskipti við stjórnina verður það ómögulegt að nota efnahagslegan þrýsting til að fá kínversk stjórnvöld ofan af þeirri ákvörðun.

Í öðru lagi verða Vesturlönd viðkvæm fyrir áhættu vegna þess hve háð olíu þau eru. Við getum ekki komið í veg fyrir það ósjálfstæði, en við getum minnkað það með því að draga úr orkunotkun og þróa aðra möguleika, eins og lífræna orkugjafa. Sú stefna Bush-stjórnarinnar að fjölga borholum innan Bandaríkjanna er ekki lausn, heldur er það „tæmum auðlindir Bandaríkjanna fyrst“ leið, sem mun leiða til þess að kynslóðir framtíðarinnar verða enn háðari innflutningi á olíu.

Mikilvægast er að breyta því hvernig við hugsum um Kína. Við búum ekki í veröld þar sem tap Kínverja er okkar hagur.

Forgangsatriði Kínverja er nú í meiri mæli að tryggja hag borgara sinna. Þeir vita að hver dollari sem eytt er í hernað fer ekki í bætta hagþróun. Því hafa þeir takmarkað hernaðarútgjöld. Jafnvel útreiknað sem hlutfall af GDP eyða þeir helmingi minna í hernað en Bandaríkin og ef reiknað er í dollurum eru hernaðarútgjöld þeirra aðeins lítill hluta af útgjöldum Bandaríkjanna.

Ef haldið er áfram að haga sér gagnvart Kínverjum eins og þeir séu óvinurinn gæti það leitt til þess að þeir svöruðu í sömu mynt. En ef við tökum alvarlega lærdóm markaðskerfisins, að viðskipti og fjárfestingar, bæti hag allra viðkomandi, eru Kínverjar líklegri til að bregðast eins við. ■

JOSEPH STIGLITZ
Höfundur er prófessor við Columbia-háskólann. Hann var áður aðalhagfræðingur Alþjóðabankans og hlaut Nóbelsverðlaunin í hagfræði árið 2001. Síðasta bók höfundar er „The Roaring Nineties: A New History of the World's Most Prosperous Decade“ sem gefin var út af W.W. Norton árið 2003.

25 ára afmælistilboð

Þetta er Invita

20" LCD
flatskjársjónvarp

Áramótaskaupið á eldhúsflatskjánum

Gerum okkur glaðan dag og meðan birgðir endast
gefum við 20" Toshiba LCD flatskjái með Invita eldhúsinnréttingum.

Á www.invita.com sérðu enn fleiri innréttingalausnir.

INVITA
- persónulega eldhúsið

Eldaskálinn | Brautarholti 3 | 105 Reykjavík
sími: 562 1420 | eldaskalinn@eldaskalinn.is | www.invita.com

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.22	13.29	15.37
Akureyri	11.36	13.14	14.52

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagurinn 28. desember 362. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

Þorgeir Axel segir það hafa verið erfiðara að vera að heiman á áramótunum þegar hann átti ung börn. Nú togi barnabörnin í og hann hringir alltaf heim á gamlárskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hringir alltaf heim á gamlárskvöld

Þorgeir Axel Örlygsson, yfirstýrimaður á Goðafossi, lítur á gamlársdag sem hvern annan vinnudag. Hann býst við að vera að ferma og afferma í Færeyjum þann 31. desember en gerir ekki ráð fyrir að fara í land. Til þess sé enginn tími.

„Ég hef oft verið úti yfir áramótin áður. Núorðið skiptist þetta á milli ára. Ég var heima í fyrra og fer því í túr núna. Þetta var erfiðara þegar maður átti ung börn. Það er nú samt alltaf skemmtilegra að vera heima, sérstaklega eftir að barnabörnin fæddust. Ég hringi alltaf heim ef ég er á sjó á gamlársdag," segir Þorgeir. Hann hefur verið á sjó síðan 1967 þegar hann byrjaði sem messagutti á Esjunni.

Goðafoss leggur úr höfn 28. desember og er 14 daga úti. Á gamlárskvöld er boðið upp á veislukost um borð. „Menn mæta sparibúnir í matinn. Við erum tólf um borð og eftir mat er stundum komið saman í setustofunni. Þar spilum við eða horfum á góða mynd. Ef við erum í höfn fáum við stundum leyfi til að skjóta upp flugeldum sem eru komnir úr notkun. Svo er síður í flestum höfnum heims að öll skip þeyti flautur sínar á miðnætti. Þannig er árið flautað inn," segir Þorgeir að lokum.

einareli@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[BÍLAR FERÐIR ÁRAMÓT]

Brasilíska fyrirtækið Obvio er komið með bíl á markað sem er knúinn þrenns konar orku. Bíllinn er þriggja sæta og gengur fyrir etanóli, bensíni og rafmagni. Hann vegur aðeins 750-800 kíló þar sem hann er byggður úr heilli burðargrind klæddri koltrefjaplötum. Bíllinn er þó sterkur og sagður verja þá sem í honum eru á við öruggustu fimm stjörnu bíla.

Blysför verður farin í Öskjuhlíð í dag. Ferðin er á vegum Ferðafélags Íslands og Útivistar en lagt verður af stað frá Skógræktinni í Fossvogsdal klukkan 18.30. Gengið verður með blys í skógi Öskjuhlíðar þar sem stansað verður og jólalög sungin. Enn fremur heimsækja jólasveinar og álfar göngumenn en áfangastaðurinn er Perlan þar sem fylgst verður með flugeldasýningu Landsbjargar.

Iceland Express býður börnum undir 13 ára að fljúga fyrir eina krónu að frátöldum sköttum og gjöldum. Tilboðið gildir til 8. janúar 2006 og verða börnin að vera í fylgd með fullorðnum. Það kostar því 2.751 krónu með sköttum fyrir barn að fljúga frá Keflavík, 3.141 krónu frá London, 3.351 krónu frá Kaupmannahöfn og 1.701 krónu frá Frankfurt Hahn.

Ný verðlistaverð á www.landrover.is

B&L, Grjóthálsi 1, umboðs- og þjónustuaði LAND ROVER á Íslandi
Allir bílar með 3 ára ábyrgð – Öruggur umboðsðili – Örugg þjónusta

LAND-ROVER
GO BEYOND™

HLÝ TEPPI geta komið sér vel ef keyrðar eru langar vegalengdir í miklum kulda. Börnum finnst líka oft gott að breiða yfir sig teppi og leggja sig ef ferðin tekur langan tíma.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU Þjónusta HONDA Þjónusta NISSAN Þjónusta

Full búð af aukahlutum
á bílinn þinn
lexusljós, angeleyes,
neonljós, græjur,
spoilerar, lækkunargormar,
kraftsíur, racekútar, o.fl.
AG Mótorsport - Kletthálsi 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.agmotorsport.is

PRAMAC GROUP
Staflarar
einnig úrval af pallettutjökkum
Sturlaugur Jónsson & Co ehf.
• Lágmúli 9 / 108 Reykjavík
• Sími: 533 2845 / GSM: 896 0515
• www.sturlaugur.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

Ekkert blað í morgun?
Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.
FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

Í grunninn til snjótroðari en með breyttum drifbúnaði og viðbættum sjúkra- og fjarskiptabúnaði er nýi snjóbíllinn orðinn að öflugu og fjölhæfu björgunartæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hentar jafnt í harðfenni og djúpum púðursnjó

Nýr snjóbíll Hjálparsveitar skáta í Reykjavík flýtur vel á snjó vegna fjögurra metra breiðra belta.

Þó að margur útlendingurinn gæti haldið annað eru snjóbílar ekki svo algeng sjón á Íslandi. Hvað þá snjóbílar á fjögurra metra breiðum beltum, sérútbúnir til björgunarstarfa, sem geta hringt sjálfvirkt inn staðsetningu sína eins oft og óskað er. Hjálparsveit skáta í Reykjavík tók nýlega í notkun slíkt tæki sem upphaflega var hannað sem snjótroðari.

„Hann er sömu gerðar og troðararnir sem eru notaðir í Bláfjöllum, Hlíðarfjalli og víðar. Í staðinn fyrir snjóvinnslutæki er aftan á honum öflugt dráttarbeisli og til viðbótar við stiglausa skiptingu eru í þessum bæði hátt og lágt drif," segir Hlynur Skagfjörð Pálsson, formaður tækjaflokks hjálparsveitarinnar. Með þessum drifbúnaði er hámarkshraði snjóbílsins 25 km á klukkustund í stað 19. „Þetta lítur kannski ekki út fyrir að vera mikill hraði en 6 km á klukkustund geta skipt miklu máli. Sérstaklega í miklum vegalengdum í þungu færi," segir Hlynur. „Við erfiðar aðstæður getur ferðahraði breyttra jeppa farið niður fyrir 2 km á klukkustund. Þá munar öllu að hafa svona tæki. Það fer nánast jafnhratt í 2 metra djúpri lausamjöll og svellhörðu harðfenni."

Í snjóbílnum er allur sá búnaður sem talinn er nauðsynlegur í björgunartæki. GPS-tækið er með auka aflestrarskjá til að ökumaðurinn geti keyrt eftir tækinu þó að aðstoðarmaður hans sé að slá inn í það upplýsingar. Við tækið er tengd myndavél sem er aftan á bílnum og er mikið öryggistæki á svo stóru farartæki. Þá er í bílnum fartölva með kortagrunni og við hana er tengdur GPS-áttaviti. Hann gerir GPS-tækinu kleift að skynja hvernig snjóbíllinn snýr, meira að segja í kyrrstöðu, en það er nokkuð sem fæst GPS tæki ráða við.

Í björgunarbíl þarf að sjálfsögðu fjarskiptatæki. Auk NMT-farsíma er í bílnum VHF-talstöð sem notar endurvarpskerfi björgunarsveita og hefur aðgang að rásum vélsleðamanna og Ferðaklúbbsins 4x4 svo unnt sé að notast við fjarskiptakerfi þeirra sem verið er að aðstoða.

Til að tryggja samband á öllu landinu er svo í bílnum gervihnattasími. „Við vitum að meira að segja í innan við 60 km fjarlægð frá Reykjavík eru blettir þar sem önnur símkerfi nást ekki," segir Hlynur. Síminn er búinn mótaldi og línutengi sem gerir honum kleift að senda út upplýsingar um staðsetningu snjóbílsins á fyrirfram ákveðnum fresti. Einnig er hægt að hringja eftir þeim upplýsingum án þess að mannshöndin þurfi að koma nærri. „Þetta opnar til dæmis fyrir þann möguleika að hægt er að sjá staðsetningu tækja á landinu öllu á tölvuskjá. Það kemur sér vel við stórar björgunaraðgerðir eða þegar komast þarf að því hvaða tæki eru nálægt slysstað. Það er líka hægt að senda GPS-leið til bílsins og auka þannig viðbragð, spara tíma og fækka mistökum þegar mest á reynir."

Snjóbíllinn er skráður fyrir átta farþega en í neyð getur hann borið sextán. Í honum er sjúkrabúnaður, fjallabjörgunarbúnaður, hryggbretti og súrefnistæki. Andvirði bílsins er á við þrjár litlar jarðýtur og augljóst að slík fjárfesting getur verið stór biti fyrir björgunarsveit sem byggir allt sitt á sjálfboðaliðastarfi og flugeldasölu.

„Það hefur sýnt sig að það er þörf fyrir svona bíla. Þegar snjóflóðin urðu fyrir vestan voru þrír snjóbílar sendir með varðskipi vestur. Þessi bíll er ekki bara hugsaður fyrir Reykjavíkursvæðið heldur allt landið," segir Hlynur að lokum.

Naglarnir í beltum snjóbílsins eru mitt á milli nagla í bíldekkjum og nagla í sleðabeltum. Á þeim getur hann klifrað upp ísilagðar brekkur eins og ekkert sé.

Snjóbíllinn kemst á 25 km hraða og getur borið allt að sextán farþega í neyð.

Við val á tækjabúnaði var þess gætt að hafa sem fæst tæki og skjái svo að vinnusvæði og útsýni skerðist sem minnst.

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar

Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Fjögur þúsund notaðir bílar seldir hjá Heklu

Árið hefur verið gott hjá Bílaþingi Heklu. Í desembermánuði afhentu sölumenn Bílaþings 4.000. notaða bílinn.

Jón Trausti Ólafsson, markaðsstjóri Heklu, segir árið hafa verið gott bæði í notuðum og nýjum bílum og að mikill uppgangur sé í fyrirtækinu. „Þetta er búið að ganga ótrúlega vel. Við opnuðum nýtt útibú á Kletthálsi og nú vinna tíu sölumenn hjá okkur á Bílaþingi,“ segir Jón.

2005 er metár hjá Bílaþingi en aldrei áður hafa 4.000 notaðir bílar selst á einu ári. Nú selur Hekla fleiri notaða bíla en nýja á ársgrundvelli en hver sölumaður Bílaþings selur tæplega átta bíla á viku.

Desembermánuður er almennt lakasti bílasölumánuður ársins en Jón er ánægður með jólasölluna. „Salan er nokkuð jöfn hjá okkur yfir árið og desembermánuður hefur verið góður. Sérstaklega vikan fyrir jól,“ segir Jón.

Þá vaknar spurningin klassíska hvort mikið sé um að fólk leysi út bíla á Þorláksmessu og aðfangadag til gjafa. „Við afgreiddum 15-20 bíla á Bílaþingi og 31 nýjan bíl á Þorláksmessu,“ segir Jón. „Fólk er að kaupa sér dýrari bíla, ekki síst jeppa og lúxusbíla, en ég veit ekki til þess að þessir bílar séu sérstakar jólagjafir. Fólk er einfaldlega að endurnýja bíla og jú, kannski að gefa sjálfum sér og heimilinu góða jólagjöf.“ ■

Tveir af sölumönnum Bílaþings Heklu, Sólveig Ásta Gautadóttir og Stefán Fannar Sigurjónsson. FRETTABLAÐIÐ/HEIÐA

NÝÁRSHEITIN OKKAR

Að bjóða áfram lægri verð á nýjum bílum

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og þökkum viðskiptin á liðnu ári.

www.sparibill.is

Skúlagötu 17 - Sími: 577 3344

NOTUÐ TÆKI

Hyundai 170
árg.2004 Vst.2.440

JCB JS330 Beltavél
árg.1999 Vst.7.600

MAN TG-A 26-510
Með ADR búnaði og tvöfaldri vökvadælu
árg.2003

JCB 3CX
árg.1999 Vst.5.100

JCB 8018
árg. 1999 Vst.2.400

VÉLAVER HF

Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is

Áramótaglingur og skraut gefa góða stemningu á gamlárskvöld. Þeir sem hafa hug á að fela sig bak við grímu eða prýða höfuð með hatti ættu að drífa sig af stað svo að enginn kaupi áramótaglingrið sem þér var ætlað að bera.

KOLAPORTIÐ

Gleðilegt nýtt ár

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Kolaportið opnar aftur á nýju ári helgina 7-8 janúar

Glæsilegur áramótafatnaður

Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að **hringja í síma 550 5000** til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Ómótstæðilegir réttir í áramótafagnaðinn

Góða veislu gjöra skal þegar gamla árið er kvatt. Ingibjörg Pétursdóttir í Veisluþjónustu Mensu gefur hér nokkrar prýðis hugmyndir að fljótlegum og ljúffengum réttum sem duga fyrir sex manns hver.

Humar í hvítlauk. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

FORRÉTTIR

Humar í hvítlauk

1 1/2 kg humarhalar eða 3-4 humrar á mann
200 g smjör
3 hvítlauksgeirar
6 kvistir steinselja
salt

Klippið með skærum í bakið eftir endilangri humarskelinni, lyftið humrinum upp úr skelinni en hafið hann þó fastan við sporðinn. Takið sandæðina úr humrinum.

Hrærið smjörið, steinseljuna, saltið og hvítlaukinn í matvinnsluvél og smyrjið þessu kryddsmjöri ofan á humarinn. Bakið humarinn í 200° heitum ofni á grillstillingu í 5 mínútur og berið strax fram.

Ristað brauð og smjör er borið með.

Grafið hreindýrakjöt með piparrótarsósu:

300 g hreindýrakjöt, fitu-og sinuhreinsað (t.d. biti af innra læri)
1 hnefi gróft salt

Kjötið er hulið salti og látið liggja í því á meðan kryddblandan er löguð en ekki lengur en í klukkutíma.

Grafið hreindýrakjöt með piparrótarsósu.

Kryddblanda

1/2 tsk. svartur pipar
2 msk. þurrkað timian
1 msk. þurrkað rósmarín
1 msk. mulin einiber
1 mulið lárviðarlauf
1/2 msk. hrásykur

Saltið er dustað af hreindýrakjötinu. Kjötið er þurrkað með eldhúspappír, sett í skál og hulið kryddblöndunni í bak og fyrir. Látið matarfilmu yfir skálina og geymið í ísskáp í 2-3 daga. Snúið kjötinu daglega. Síðan er það tekið, pakkað inn í matarfilmu og sett í frysti. Kjötið er skorið frosið í þunnar sneiðar og borðað sem forréttur ásamt piparrótarsósu og ef til vill blönduðu salati.

Piparrótarsósa

1 lítil dós sýrður rjómi
2 tsk. rifin fersk piparrót
1/4 tsk. jurtasalt

Allt hrært saman með písk eða gaffli.

AÐALRÉTTUR

Andabringur með gljáðum perlulauk:

1.4 kg andabringur
300 g steinlaus vínber
salt og svartur pipar
andasoð eða kraftur
2 msk. smjör
1-2 msk. maisenamjöl
jurtasalt

Óskum nemendum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári, þökkum viðskiptin á árinu.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurð, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta, frábært, markvisst, hnitmiðað.
(sjá umsagnir nemenda á www.h.is)

Erum byrjuð að bóka á fyrstu námskeið 2006:
Hraðlestrarnámskeið 10. janúar 2006 (nokkur sæti laus)
Hraðlestrarnámskeið 30. janúar 2006 (skráning hafin)
Skráning fer fram á www.h.is eða í síma 586-9400.

HRAÐLESTRARSKÓLINN

Ef maginn fer í ólag þá getur Silicol hjálpað.

Silicol bindur bakteríur og önnur skaðleg efni í maga og gerir óvirk.

Silicol fæst í apótekum um allt land.

birta

Ingibjörg Pétursdóttir og sonur hennar Nicolas Pétur Blin í Veisluþjónustunni Mensu.

Andabringurnar eru snyrtar og fjaðurstafir pillaðir úr þeim. Skerið jafnar rendur ofan í fituna, þétt og alveg niður í kjöt svo hún hverfi að mestu við steikingu. Bringurnar eru síðan steiktar á fituhliðinni í 3 mínútur og fitunni hellt af. Steikið í 1/2 mínútu á hinni hliðinni líka.

Bringunum er raðað í ofnskúffu með fituhliðina upp og þær steiktar áfram í 17 mínútur í vel heitum ofni. (200°) Saltið og piprið eftir steikingu. Bíðið í 3-4 mínútur áður en þær eru skornar í þunnar sneiðar og þeim raðað á fat eða á diska.

Vínberin eru þvegin og þau steikt í smjöri á pönnu eða í potti í 4-5 mínútur.

Sósa er búin til úr andasoði, vínberjum og safanum af þeim, maisenamjöli og jurtasalti.

Nýjar, soðnar kartöflur eru góðar sem meðlæti. Hasselback-kartöflur eru einnig frambærilegar með andabringum. Skerið ofan í meðalstórar kartöflur, án þess að þær losni í sundur, penslið yfir þær með bræddu smöri, parmesan-osti er stráð yfir kartöflurnar og þær ofnbakaðar með smjörklípu í klukkutíma við 190° hita í miðjum ofni.

Gljáður perlulaukur með furuhnetum og kastaníusveppum

1 net perlulaukur (250 g)
1 askja kastaníusveppir
3 msk. furuhnetur
1 msk. hrásykur
1/2 tsk. maldonsalt
1 msk. balsamikedik
2 msk. smjör

Afhýðið perlulaukinn og steikið hann í smjörinu við frekar lágan hita í 10 mínútur. Hreinsið sveppina, skerið þá í tvennt og bætið þeim út í laukinn. Saltið og steikið lauk og sveppi saman í 3 mínútur.

Brúnið sykurinn á pönnunni, hrærið öllu saman og bragðbætið með balsamikedikinu.

Að lokum er furuhnetum stráð yfir laukinn og sveppina. Borið fram heitt sem meðlæti með andabringum, rjúpum og allri annarri villibráð.

EFTIRRÉTTIR

Créme Brúlée

5 dl rjómi
1 vanillustöng
5 eggjarauður
2 msk. sykur
6 tesk. sykur til að brenna ofan á eggjahlaupinu 2-3 tímum fyrir mat.

Hitið ofninn í 200° Skerið vanillustöngina langsum og sjóðið hana ásamt rjómanum í nokkrar mínútur. Þeytið eggjarauðurnar lítillega ásamt 2 matskeiðum af sykri. Takið vanillustöngina úr rjómanum og geymið hana þar sem hægt er að nota hana aftur seinna. Hrærið heitum rjómanum í eggjablönduna og sigtið í könnu. Hellið blöndunni í sex skálar.

Volgt vatn er sett í ofnskúffu, skálarnar ofan í vatnsbaðið upp að rúmlega miðju skálanna og bakað í 15-16 mínútur í miðjum ofni eða þar til skán myndast ofan á eggjahlaupinu. Vatnið má ekki bullsjóða heldur þarf að opna ofninn tvisvar til þrisvar til að kæla hann eða bæta smá köldu vatni í skúffuna til að halda hitastiginu réttu.

Kælið skálarnar í minnst fjóra klukkutíma.

Stráið tæpl. teskeið af sykri yfir hverja skál og brennið með gastæki eða undir grillinu ofarlega í ofninum, 2-3 tímum áður en créme brúlée er borið fram. Skánin á að vera þunn og stökk.

(Hægt er að gera þennan rétt með allt að tveggja daga fyrirvara en sykurskánin þarf að koma rétt fyrir notkun.)

Andabringur með gljáðum perlulauk.

Charlotte með jarðaberjafrómas

4 stór egg
4 msk. sykur
1/2 l rjómi
9 blöð matarlím
3 msk. sítrónusafi
1-2 öskjur jarðaber
1 granatepli
2 dl berjasósa
15-18 Lange Vingers kökur (líka nefndar Lady fingers)

Hátt form er klætt innan með matarfilmu. Kökunum er raðað í formið, hlið við hlið og sykurhúðin látin snúa að forminu. Brjótið af kökunum til að raða þeim í botninn. Frómasinu er síðan hellt ofan á kökurnar.

Frómas

Leggið matarímið í kalt vatn í 7-10 mínútur og hitið það með sítrónusafanum í vatnsbaði. Þeytið egg og sykur saman. Þeytið rjómann sér. Blandið varlega saman eggjaþeytingnum, rjómanum og matarlíminu með sítrónusafanum. Bætið helmingnum af jarðaberjunum, niðurskornum út í frómasinn. Skerið granatepli í tvennt og sláið kornin úr með sleif í lófann, bætið rúmlega helmingi kornanna út í frómasinn og hrærið léttilega með sleif eða sleikju.

Hellið frómasnum í formið, yfir kökurnar, lokið með matarfilmu og kælið í a.m.k. fjóra tíma. Gott er að gera þennan eftirrétt daginn áður en hann á að borðast.

Hvolfið frómasnum á disk og skreytið með berjum og granateplum. Það má hella örlitlu af sósunni yfir í lokin, afgangurinn er borinn fram í skál.

Créme Brúlée.

Charlotte með jarðaberjafrómas.

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Versins

VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is

Nýtt símanúmer

hjá dreifingu:

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

NOTAÐAR VÉLAR

O&K L45,5
árg. '01
notkun 6.000 vst.

Hyundai W95
árg. '03
notkun 2.372 vst.

O&K RH 12,5
árg. '03
notkun 3.900 vst.

Komatsu PC 210
árg. '03
notkun 3.300 vst.

Hyundai 290LC
árg. '02
notkun 3.900 vst.

O&K MH Plus
árg. '90
notkun ca. 11.000 vst.

Sturlaugur Jónsson & Co
Lágmúla 9, 108 Reykjavík
S: 899 5549 / 892 3996.

allt heimili
Alla fimmtudaga

Sveinbjörn Hjálmarsson formaður Sportkafarafélags Íslands. SVEINBJÖRN HJÁLMARSSON

Jólaball í bólakafi

Hið árlega jólaball Sportkafarafélags Íslands var haldið á dögunum. Það sem gerir þetta jólaball frábrugðið öðrum er að það fer fram á tíu metra dýpi í Silfru við Þingvallavatn.

Fyrir um sjö árum tóku nokkrir kafarar sig saman og héldu jólaball í Kleifarvatni. Það þótti heppnast svo vel að ákveðið var að gera það að árlegum viðburði. 18. desember héldu þrjátíu kafarar þessari hefð við og dansað var í kringum jólatré á tíu metra dýpi. „Síðastliðin ár höfum við haldið jólaballið í Þingvallagjánni Silfru en hún er algjör kafaraparadís," segir Sveinbjörn Hjálmarsson formaður Sportkafarafélags Íslands. „Við sökkvum jólatré með seríu og skrauti og svo höfum við verið með neðansjávarhátalara svo við getum hlustað á jólatónlist."

Í ár var brugðið út af vananum og notast við týrustauta (glowsticks) í stað rafmagnsljósa því kuldinn hefur hrellt ballgesti. „Í fyrra og árið á undan var 18-20°C frost þannig að það fraus allt og við lentum í bölvuðu basli með tækin," segir Sveinbjörn.

Þá liggur beinast við að spyrja hvort ballgestum verði ekki kalt? Á þessum tíma árs er vatnið í gjánni vart meira en 2°C og ekki er hægt að kafa í lopapeysu. „Nei þetta er ekkert kalt," segir Sveinbjörn. „Búnaðurinn er orðinn svo góður að maður finnur ekki fyrir neinum kulda nema aðeins í andlitinu. Þegar menn koma upp eftir rúmar fjörutíu mínútur er þeim kannski aðeins farið að kólna en versti parturinn er að hýrast upp á bakkanum. Vatnið er eiginlega heitt miðað við það."

Þar sem jólasveinninn hefur ekki kafararéttindi er Sveinbjörn sérlegur sendisveinn hans á ballinu. Sveinbjörn skartar myndar skeggi og jólasveinahúfu á ballinu og leiðir hópinn í dans en sökum tæknilegra örðugleika er söngnum sleppt. Næsta blautball Sportkafarafélagsins verður haldið í Silfru 8. janúar en þá mæta allir í grímubúningum. Áhugasömum er bennt á www.kofun.is.

tryggvi@frettabladid.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 28. desember 2005 – 39. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VÍSIR

MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa



Björgólfur Thor Björgólfsson

Maður ársins

GOTT FÓLK McCANN

9,3%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember–1. desember 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON
Árið var Björgólfi Thor gjöfult í viðskiptum jafnt sem einkalífi. Hann er viðskiptamaður ársins hjá Markaðinum

Björgólfur Thor viðskiptamaður ársins

Senn rennur sitt skeið ár mikilla landvinninga í íslensku viðskiptalífi. Þar hafa margir náð markverðum árangri. Niðurstaða í vali Markaðarins er að þetta árið hafi Björgólfur Thor Björgólfsson verið fremstur meðal íslenskra athafnamanna. *Hafliði Helgason* fór yfir þetta viðburðaríka ár með Björgólfi Thor.

Það var ekki langt liðið á þetta ár þegar ljóst varð að Íslendingar höfðu eignast fyrsta fulltrúa sinn í hópi ríkustu manna heims á lista Forbes. Björgólfur Thor Björgólfsson er klárlega einn þeirra sem ryðja brautina og fyrstur til að komast í slíkan hóp. Hann hefur byggt upp mikið viðskiptaveldi og nýtt vel þann stofn sem varð til þegar afrakstur erfiðis Björgólfsfeðga og Magnúsar Þorsteinssonar í Pétursborg var innleystur.

Alls nemur markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll Íslands sem Björgólfur Thor er stór hluthafi í sexhundruð milljörðum króna. Auk þess hefur Björgólfur Thor leitt fjárfestingar í fjarskiptafyrirtækjum víða um Evrópu. Þær stærstu í Búlgaríu, en auk þess í Grikklandi, Tékklandi, Póllandi og Finnlandi.

GOTT AÐ VINNA Í NÆÐI

„Mér finnst gaman og vænt um þetta val," segir Björgólfur Thor um val dómnefndar sem skipuð var hópi sérfræðinga sem fylgjast með viðskiptalífinu. „Þetta er búið að vera mjög gott ár og margir skemmtilegir hlutir sem hafa komið óvænt."

Umfang Björgólfs og árangur þeirra fyrirtækja sem skráð eru á innanlandsmarkaði eru flestum ljós, en á árinu hefur Björgólfur Thor unnið hörðum höndum að því að plægja og sá til framtíðar í fjárfestingum í fjarskiptafélögum. „Mér finnst gott að vinna þessa vinnu í næði og koma svo með allt tilbúið. Ég er ennþá í mikilli undirbúningsvinnu í þessum símaviðskiptum. Búinn að vera í eitt og hálft ár að safna hráefni. Nú er þetta orðið dálítið safn af hráefni og því hægt að fara að kokka upp eitthvað verulega spennandi."

REFSAÐ FYRIR VELGENGNI

Actavis hefur á þessu ári undir stjórnarformennsku Björgólfs Thors keypt mörg fyrirtæki og nú síðast Alpharma, en með þeim kaupum er félagið komið í hóp stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims. „Það var óþægilegt fyri Actavis að félagið tók í raunninni út hækkun tveggja ára á einu ári. Það er í raun aldrei gott fyrir fyrirtæki að lenda í því. Það er engum greiði gerður með því að taka út svo miklar væntingar í einu og þurfa svo að sitja uppi með stöðnun. Markaðurinn er nú bara svona og við getum ekkert kvartað. Nú er fyrirtækið að aðlagast raunveruleikanum." Björgólfur segir framundan spennandi tímabil hjá Actavis við að vinna úr kaupunum á Alpharma. „Róbert Wessman hefur staðið sig ótrúlega vel og safnað í kringum sig góðum hópi stjónenda. Ég er mjög bjartsýnn á framhaldið og það hefur tekist vel að koma saman sterkum hópi til að takast á við þetta spennandi verkefni. Fyrir mig sem fjárfesti er Actavis þroskaðasta verkefnið. Ég hef verið í þessu verkefni í sex ár. Það hefur allt sinn tíma. Rússland tók tíu ár. Actavis hefur þroskast vel og gaman að sjá það blómstra. Þetta byggist á því að hafa rósalega góðan hóp af stjórnendum og veita þeim þann stuðning sem þeir þurfa."

Björgólfur hefur skilgreint sig sem fjárfesti sem horfi á verkefnin í þriggja til fimm ára tímabilum. „Það hefur alltaf verið ákveðin fílósófía hjá mér að í upphafi skyldi endinn skoða. Hugsa um það hvernig maður ætli að fara út úr verkefnunum, en ekki bara að kaupa og hanga inni. Ég reyni að halda í að sjá endapunktinn fyrir."

ÞURFUM AÐ DREIFA ÁHÆTTU

Björgólfur beindi kröftum sínum talsvert innanlands þegar Samson keypti kjölfestuhlut í Landsbankanum. Undanfarið hefur hann beint sjónum sínum og orku meir að erlendum fjárfestingum. „Ég sé ekki íslenska hagkerfið og íslenska markaðinn sem endapunkt, heldur sem hluta af ferlinu." Athafnalífið og efnahagsumhverfið hefur tekið miklum breytingum frá kaupunum á Landsbankanum. „Það er ótrúleg breyting sem varð við einkavæðinguna og það er frábært að sjá árangurinn. Það er gegnumgangandi bjartsýni og þor sem einkenna fyrirtækin núna. Ég talaði við íslenska fjárfesta þegar ég var með bjórfyrirtækið í Rússlandi fyrir mörgum árum. Þá þorðu þeir köldustu ekki að koma nálægt því. Nú er kannski ástæða frekar til að hafa áhyggjur af því að menn verði of kaldir. Það sem ég hef mestar áhyggjur af er ef menn hanga allir á sama flekanum. Ef það kemur gat á flekann, þá er ekki hægt að stökkva á annan fleka. Það er mjög heppilegt fyrir íslenska fjárfesta ef þeir tækju í meira mæli upp samstarf við erlenda fjárfesta og erlendar fjármálastofnanir. Það er það sem ég hef verið að reyna að gera og finnst að fleiri ættu að gera. Það er gott fyrir alla að dreifa áhættu. Það býður hættunni heim ef sömu aðilar fjárfesta alltaf saman og með sömu fjármálastofnanir á bak við sig. Við megum heldur ekki gleyma því að Ísland hefur vakið mikla athygli og við erum undir smásjá erlendra fjölmiðla. Í umfjöllninni gætir mikilla alhæfinga sem ég held að myndi minnka mikið ef menn næðu að mynda fleiri tengsl." Erlendar bankastofnanir hafa komið að fjármögnun stórra verkefna íslenskra fjárfesta. „Maður sér ákveðin þroska og greinir bæði hættumerki og batamerki á sama tíma."

DAVOS OPNAR VÍDD

Á einu og sama árinu komst Björgólfur Thor á lista Forbes, var valinn í hóp ungra leiðtoga í heiminum sem þingaði í Davos í Sviss, stóð í miklum fjárfestingum, þróun og sameiningu Burðarás við Straum og mikil fyrirtækjakaup Actavis sem einnig skilaði sínu besta uppgjöri á þriðja ársfjórðungi. Björgólfur segir erfitt að taka eitt út úr þegar horft sé yfir viðskipti hans og starf á árinu. „Árið byrjaði með hvelli. Það var heiður og skemmtileg tilfinning að komast á lista Forbes. Ég neita því ekki að ég hafði gaman af því. Ég segi nú ekki að maður hafi stefnt að því. Eins var með leiðtogaþingið í Davos. Það opnaði svolítið nýja vídd. Hér heima stendur kannski upp úr vinnan við að koma að Eimskipafélaginu sem stjórnarformaður. Við breyttum nafninu í Burðarás og höfum náð að gera það sem við ætluðum okkur á tiltölulega skömmum tíma. Við höfum selt sjávarútveginn og skipafélagið kemur nú til fjölda hluthafa í gegnum skráningu Avion þegar gengið hefur verið frá arðgreiðslu Straums-Burðaráss til hluthafanna og fjárfestingarstarfsemin er komin í öflugt félag."

NÝJAR HUGMYNDIR Í FRAMKVÆMD

Burðarás sameinaðist að hluta til

Framhald á síðu 4

UMSVIF OG AÐKOMA BJÖRGÓLFS THORS:

Fjármálafyrirtæki:

Ísland: Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki – stjórnarformaður

Ísland: Samson eignarhaldsfélag – stjórnarformaður

Svíþjóð: Carnegie, norrænn fjárfestingarbanki – stjórnarmaður

Búlgaría: EI Bank – félag Björgólfs Thors, Novator, keypti á árinu 34% hlut í þessum áttunda stærsta banka í Búlgaríu.

Lyfjafyrirtæki:

Ísland: Actavis, alþjóðlegur lyfjarisi – stjórnarformaður

Fjarskiptafyrirtæki:

Finnland: Elisa – Novator, félag undir forystu Björgólfs Thors, er langstærsti einstaki hluthafinn með nærri 11% eignarhlut.

Póland: Netia – Novator hefur þegar eignast yfir 10% hlut í þessu fastlínusímafélagi og hefur auk þess gert tilboð í önnur 13% í félaginu.

Póland: P4 – Novator ásamt pólska símafélaginu Netia undirbúa rekstur þessa farsímafélags sem þegar hefur hlotið leyfi fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Tékkland: CRa – Björgólfur Thor er stærsti einstaki eigandi þessa fastlínusímafélags sem á einnig 40% i farsímafélaginu T-Mobile Czecka.

Búlgaría: BTC – Novator hefur eignast 75% hlut í búlgarska landssímanum.

Grikkland: Forthnet – Novator hefur eignast 29% í þessu vaxandi gríska fjarskiptafyrirtæki.

Ég er ennþá í mikilli undirbúningsvinnu í þessum símaviðskiptum. Búinn að vera í eitt og hálft ár að safna hráefni. Nú er þetta orðið dálítið safn af hráefni og því hægt að fara að kokka upp eitthvað verulega spennandi."

„Ef við byrjum saman í dag verðum við komin með 15.961.867 kr. eftir 35 ár.*"
Mótframlagið þitt
Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
Lífeyrissparnaður Landsbankans
*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 240.000 kr. í mánaðarlaun.
GOTT FÓLK McCANN

Innkaupakort Íslandsbanka

– kreditkort fyrir fyrirtæki til notkunar við daglegan rekstur

VISSIR ÞÚ AÐ ...

... u.þ.b. helmingur allra reikninga fyrirtækja eru smáreikningar sem hljóða samanlagt upp á 2 – 4% af heildarútgjöldum?

... algengt er að umsýsla hvers reiknings kosti á bilinu 2.000 – 5.000 kr. – hvort sem hann er upp á 500 kr. eða 5 milljónir?

... með notkun Innkaupakorts Íslandsbanka má spara allt að 75% umsýslukostnaðar reiknings?

Innkaupakort Íslandsbanka eykur hagræði í rekstri fyrirtækja því innkaupaferlar einfaldast til muna með tilheyrandi **tíma- og vinnusparnaði**. Á Netinu er auðvelt að nálgast allar færslur og flytja þær **rafrænt yfir í bókhald.** Þannig fæst góð **yfirsýn yfir útgjöld** fyrirtækisins, sem hægt er að greina niður á korthafa, deildir eða söluaðila. Einnig er auðvelt að ákvarða úttektarheimild fyrir hvert kort og hverja deild.

Hafðu samband við fyrirtækjafulltrúa í síma 440 4000 eða sendu fyrirspurn á fyrirtaeki@isb.is.

ÍSLANDSBANKI | 100%

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4684

Fremstir í flokki viðskiptanna

Margir voru kallaðir í vali dómnefndar Markaðarins á viðskiptamönnum ársins, enda árið það stærsta í íslenskri viðskiptasögu. Pálmi Haraldsson, bræðurnir í Bakkavör og Jón Ásgeir Jóhannesson komu í þessari röð á eftir Björgólfi Thor Björgólfssyni í valinu á manni ársins.

Pálmi Haraldsson kom fast á hæla Björgólfs Thors Björgólfssonar í vali dómnefndar Markaðarins á manni ársins í viðskiptalífinu. Pálmi hefur um langt skeið verið áberandi í viðskiptalífinu og lengi vel kunnur þeim sem fylgjast með viðskiptum.

Þetta ár var stórt hjá Pálma og hann komst í sviðsljósið og má segja að hann hafi komið sér með afgerandi hætti í hóp þeirra stóru í viðskiptalífinu.

Það sem kom Pálma á framfæri voru kaupin á danska lággjaldaflugfélaginu Sterling og síðan á samkeppnisaðilanum Maersk sem Pálmi ásamt sínum mönnum sameinaði og seldi til FL Group. Þessi viðskipti voru viðskipti ársins að mati dómnefndar sem valdi mann ársins.



GOTT ÁR HJÁ PÁLMA Pálmi Haraldsson kom sér rækilega á kortið og að baki er sérlega hagstætt ár í viðskiptum hjá félögum sem Pálmi fer fyrir.

Pálmi komst fyrst á kortið í viðskiptalífinu sem fjárfestir þegar hann keypti hlut í Flugleiðum fyrir nokkrum árum síðan. Þá var trúin á félagið ekki mikil, en fjárfesting Pálma reyndist firnagóð.

Hann hefur fjárfest töluvert með Baugi og gjarnan nefndur í því samhengi, en hefur alltaf meðfram fjárfest á eigin vegum og þá gjarnan í fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum og þurfa styrka stjórn til að snúa af þeirri braut. Flest þau erfiðu rekstrarverkefni sem Pálmi hefur tekist á við hafa gengið upp. Hann hefur verið óhræddur við að kaupa hlut í fyrirtækjum sem aðrir hafa verið ragir að takast á við. Pálmi gerðist stjórnarformaður Icelandkeðjunnar eftir kaup Baugs á Big Food Group en Iceland var fyrirfram talið áhættusamasta fyrirtækið í eigu Big Food. Pálmi hefur, ásamt Malcolm Walker, stofnanda Iceland, tekist á hendur að beina félaginu á farsælli braut. Síðast þegar fréttist var árangurinn af því starfi framar vonum.

BRÆÐUR Á SIGURBRAUT

Fast á hæla Pálma komu svo bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir sem kenndir eru við Bakkavör. Ferill þeirra í viðskiptum er sérlega glæsilegur. Þeir hafa byggt upp fyrirtækið Bakkavör frá grunni í það stórveldi sem það er í dag. Árið sem nú rennur sitt skeið er merkilegt hjá þeim bræðrum fyrir margra hluta sakir. Þeir keyptu matvælafyrirtækið Geest sem hafði verið á matseðli Bakkavarar um skeið. Það sem kom markaðnum mest á óvart við þau kaup var að þrátt fyrir að Geest væri mun stærra fyrirtæki en Bakkavör, þá þurfti ekki að auka hlutafé við kaupin. Ástæðan var sú að stórir erlendir bankar voru tilbúnir að fjármagna þá bræður að fullu sem verður að teljast veruleg traustsyfirlýsing og sýni vel hversu styrkum fótum þeir bræður standa í bresku viðskiptalífi.

Þeir bræður létu ekki þar við sitja, því fjárfestingafélag þeirra, Exista, leiddi þann hóp sem varð hlutskarpastur í keppni fjárfesta um kaup á Símanum. Exista er að stærstum hluta í eigu þeirra bræðra og eru stærstu eignir þess í Bakkavör, KB banka og Símanum, auk kjölfestuhlutar í Flögu sem gengur nú í gegnum endurskipulagningu. Exista jók hlut sinn í KB banka nú í vetur og virðist sú aukning hafa verið vel tímasett og gengi bankans hækkað talsvert á þeim stutta tíma sem liðinn er frá kaupunum.

BLENDIÐ ÁR BAUGS

Jón Ásgeir Jóhannesson lenti í fjórða sæti í vali dómnefndar. Engum blöðum er um það að fletta að Baugur undir forystu Jóns Ásgeirs er á fleygiferð og eftir árið liggja stór viðskipti að baki í Bretlandi og í Danmörku. Baugur lauk kaupum á Big Food Group í upphafi árs sem eru ein stærstu viðskipti Íslandssögunnar. Fjárfesting Baugs í danska fasteignafélaginu Keops var vel heppnuð og spennandi verkefni framundan hjá félaginu á danska fasteignamarkaðnum. Baugur hafði einnig forystu um kaup á danska vöruhúsinu Illum og stýrir nú för í stóru vöruhúsunum í miðborg Kaupmannahafnar.

BLENDIÐ ÁR Viðskiptin gengu vel hjá Baugi undir forystu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Baugsmálið hvíldi á honum og hindraði kaupin á Somerfield.

MIKIL UPPBYGGING Bræðurnir í Bakkavör stóðu í stórræðum, áunnu sér traust breskra banka og urðu hlutskarpastir í kaupum á Símanum.

Árið hlýtur þó að teljast blendið í hugum Baugsmanna. Fyrirtækið varð að yfirgefa samningsborðið við kaup á bresku verslunarkeðjunni Somerfield þegar ákærur voru gefnar út í Baugsmálinu. Þar fóru önnur stórviðskiptin sem fyrirtækið hefur orðið af vegna þessa máls sem hefur hvílt yfir fyrirtækinu eins og skugginn.

Undir þeim kringumstæðum hefur félagið þó unnið marga sigra á árinu og kemur væntanlega til með að skila góðu ársuppgjöri. Verulegur gengishagnaður er þegar orðinn af eignum í skráðum félögum í Kauphöll Íslands, svo sem Mosaic og FL Group, og ekkert sem bendir til annars en að Baugur verði áfram á fleygiferð.

AÐRIR Á TOPPNUM

Stefán segir að eftirminnilegustu afmælin hafi verið þegar hann var ungur strákur á Akureyri. Stefán segist ekki vera mikið afmælisbarn en þegar hann er spurður um eftirminnilega afmælisgjöf kemur strax ein upp í hugann. „Þegar ég varð fimmtugur þá fékk ég fallegt málverk sem mér þykir mjög vænt um. Málverkið er eftir Ragnheiði Riem og var gjöf frá tengdafólki mínu. Ég hélt einmitt smá veislu þegar ég varð fimmtugur, en annars hef ég ekki haldið sérstaklega upp á afmælið svona á efri árum.“

Þeir sem eiga afmæli á milli jóla og nýárs kvarta stundum yfir því að afmælisdagurinn gleymist í hátíðarfögnuðinum. Stefán segir að það hafi aldrei truflað hann að eiga afmæli á þessum tíma. „Að eiga afmæli á þessum tíma gerir það að verkum að það er jafnvel enn minna tilefni til að halda upp á afmælisdaginn en ef hann væri á öðrum árstíma. En ég hef aldrei haft áhyggjur af því að afmælið mitt gleymdist. Þetta var ágætt á mínum skólaárum, en þá spiluðum við félagarnir brids frá því fyrir jól og fram yfir áramót og afmæli mitt féll þar inn í.“

Þrátt fyrir að vera kominn á áttræðisaldur gegnir Stefán nú stöðu framkvæmdastjóra hjá fyrirtækinu Austurhöfn-TR sem er í eigu ríkis og borgar. Fyrirtækið var stofnað til að vinna að uppbyggingu tónlistarhúss

STEFÁN HERMANNSSON Ætlar að fagna sjötugsafmælinu með fjölskyldunni á Kanaríeyjum. Hér sést hann við módelið af tónlistarhúsinu sem mun rísa innan skamms.

og ráðstefnumiðstöðvar á austurbakka Reykjavíkurhafnar. „Verkefninu miðar vel, við vinnum núna hörðum höndum að því að klára samninga við fyrirtækið sem sér um sérfræðiráðgjöf við byggingu tónlistarhússins,“ segir hann. Spurður um viðbrögð almennings við byggingu hússins segir Stefán að hann haldi að fólk muni ekki sjá á eftir peningunum sem fara í byggingu hússins. „Eins og eðlilegt er hefur almenningur mestar áhyggjur af því að peningunum sé ekki eytt að óþörfu, og að skattinum sem það borgar sé vel varið.“ Hann bendir þó á að fólk sem sér á eftir peningunum geti huggað sig við það að ekki verði borgað meira fyrir byggingu hússins heldur en ákveðið var í upphafi. „Það er óþarfi að sjá á eftir peningunum sem fara í tónlistarhúsið því það er mjög mikilvægt fyrir þjóðina að búa vel að sínu öfluga tónlistarlífi,“ segir Stefán að lokum.

†

Bróðir okkar,

Þorleifur Hólm Gunnarsson

Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, að kvöldi aðfangadags. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirku miðvikudaginn 4. janúar 2006 kl. 13.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

Jón Gunnarsson
Guðrún Gunnarsdóttir.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurpáll Ísfjörð Aðalsteinsson

áður til heimilis að Kópavogsbraut 1a,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 11.00.

Ólafur Sigurpálsson	**Arndís Þorsteinsdóttir**
Aðalsteinn Ísfjörð	**Unnur Sigfúsdóttir**
Gylfi Þ. Sigurpálsson	**Fríða Björk Pálsdóttir**
Árni Arnar Sigurpálsson	**Aðalheiður Inga Mikaelsdóttir**
Hólmfríður Sigurpálsdóttir	**Styrmir Gíslason**
Símon Sigurpálsson	**Karítas Pétursdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

Helgistund á Biskupsstofu

Biskup Íslands bauð fulltrúum nokkurra hópa sem lögðu sitt af mörkum til hjálparstarfs á aðventunni til helgistundar fyrir jól. Eftir ritningarlestur og söng var boðið upp á súkkulaði og smákökur. Með þessu vildi biskup þakka fólki gott starf í aðdraganda jólahátíðarinnar. Meðal þeirra hópa sem sóttu biskup heim voru aðstandendur endurútgáfu lagsins Hjálpum þeim, hópur ungs fólks sem hóf söfnun fyrir brunni í Afríku með aðstoð netsíðna sinna, Mæðrastyrksnefnd, starfsfólk SPRON í miðbænum, starfsfólk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og starfsfólk Alþjóðahúss.

MÆÐRASTYRKSNEFND Biskup Íslands, framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins og þrír stjórnarmenn í Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.

HJÁLPUM ÞEIM Vignir Snær Vigfússon, Einar Bárðarson, Helga Lilja Gunnarsdóttir, Karl Sigurbjörnsson, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, Þórunn Geirsdóttir og Jónas Þórisson.

BRUNNUR Í AFRÍKU Linda Heiðarsdóttir, Andri Fannar Ottósson, Bjarni Þór Pétursson, Haukur Snær Hauksson, Hendrik Geir Garcia, Karl Sigurbjörnsson, Baldur Knútsson, Arna Ólafsdóttir og Jónas Þórisson.

SURTSEY Augu alheimsins beindust að Surtsey þegar gos hófst fyrst í nóvember 1963.

MYND/BORGÞÓR MAGNÚSSON

Jólnir rís úr sæ

Það var 28. desember árið 1965 sem lítil eyja reis úr sæ suðvestur af Surtsey. Varð hún til við neðansjávargos en Surtsey varð fyrst vart við svipað gos rúmum tveimur árum áður. Litla eyjan var nefnd Jólnir þar sem hún varð til um jól. Gosið var nokkuð kröftugt í fyrstu og stóð fram í ágúst 1966. Mest náði eyjan um sjötíu metra hæð en líftími hennar var skammur, hún hvar sjónum manna í október 1966.

ÁRAMÓTA BOMBUR

30% afsláttur

69.995

Verð áður 99.995

CAMBRIDGE AUDIO DVD 87
DiVX DVD spilari. Spilar: DVD-A/DVD-V/MP-3/CD-R/CD/Mynddiska 5.1 Audio. Coaxial tengi. Optical tengi. Composite tengi S-Video tengi. RGB Scart tengi. Component Video tengi. Dolby Digital

CAMBRIDGE AUDIO AZUR 540R
6.1 Heimabíómagnari. 6 X 80 Wött RMS. 6 Rása aðskilin mögnun. Dolby Digital 5.1 DTS 5.1. Dolby Digital 6.1. DTS ES 6.1. Component tengi. S-Video tengi Composite tengi. 6.1 inngangar. og útgangar. Stafrænt RDS útvarp

ELTAX Symphony heimabíópakki
Framhátalarar 170 wött. Bakhátalarar 120 wött
Miðjuhátalari 130 wött. Bassahátalari með innbyggðum 150 watta magnara

13% afsláttur

42" PLASMA

Verð áður 149.995

129.995

ROADSTAR PDT4200
Mynd í mynd. Split Screen hægt er að horfa á tvær myndir í einu Birta 1000 Cd/m2. Skerpa 3.000:1. 2 Scart tengi. S-Video tengi RCA A/V inn og útgangur. Mini DIN tengi. PC tengi. Tónjafnari Timer. Nicam stereo. Textavarp. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring

75% afsláttur

3.995

AIWA XPER-800R Verð áður 15.995
Ferðageislaspilari með útvarpi, 45 SEK hristivörn og fjarstýringu

50% afsláttur

1.995

SCOTT XP-9B Verð áður 4.995
Ferðageislaspilari með 45 SEK hristivörn og fjarstýringu

24% afsláttur

189.995

Verð áður 249.995

H&B PL-4286 HD
42" HIGH DEFINITION PLASMA sjónvarp. Mynd í mynd. Split Screen hægt er að horfa á tvær myndir í einu. Birta 1000 Cd/m2. Skerpa 3.000:1. 2 Scart tengi S-Video tengi. RCA A/V inn og útgangur. DVI tengi. Mini DIN tengi. PC tengi Textavarp. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring

37% afsláttur

4.995

ROADSTAR EC-9015 Verð áður 7.995
Espresso kaffivél 15 bar þrýstingur

37% afsláttur

2.495

ROADSTAR SB-2205S Verð áður 3.995
Stálblandari með glerkönnu

17% afsláttur

99.995

Verð áður 119.995

ELFUNK LT-3008
30" LCD sjónvarp. Breiðtjaldssjónvarp. Upplausn 1280X768. Nicam stereo AV inngangur. PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi

5.995

ELTAX DV-150
DiVX DVD spilari - spilar allt

44% afsláttur

2.495

MORPHY RICHARDS 73154
1400 Watta ryksuga

www.radio.is

RADÍÓBÆR

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

STUÐ MILLI STRÍÐA Stráskrattar og stjörnuljós

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR HLAKKAR EKKI TIL FLUGELDAMÓTANNA.

Þá eru jólin þotin hjá á ógnarhraða, þau fóru hjá á báti. Gaf einhver jólagjöf sem nýttist vel? Regnhlíf einhver? Pollagalla? Vöðlur? Ég var búin að heyra af þessum gróðurhúsaáhrifum en fyrr má nú vera. Átti það ekki að taka lengri tíma? Ég man þá tíð þegar snjótittlingarnir rétt svo náðu að éta kornið áður en það fennti yfir. Hvar eru þeir annars? Það eina sem ég hef séð er starrar og auðnutittlingar sem flykkjast í garðana til að borða kornið áður en það verður að slepjulegum graut sem ekki einu sinni svöngum smáfuglum hugnast að sleikja upp. Það er kannski hægt að sætta sig við rauð jól en jól á floti?

Það eina góða sem gæti mögulega fylgt þessum hlandvotu jólum er að allir flugeldarnir væru svo blautir að vitleysingunum tækist ekki að kveikja í þeim. Sprengjur. Vei. Ég væri sáttari við flugeldana ef fólk myndi bara kveikja í þeim á gamlárskvöld. Nei, nei. Fimm dögum fyrir áramót og fram að þrettánda er hver einasti 8-15 ára stráskskratti sem vettlingi getur valdið úti með flugeldana sína. Þetta virðist vera eini tími ársins sem þeir nenna ekki að vera inni að spila tölvuleikina sína.

Ég hef sennilega ekki kveikt í fleiri en tíu flugeldum um ævina. Þeir geta verið fallegir, ég viðurkenni það, en ekki man ég eftir að hafa haft gaman af því að taka þátt í þessu. Kveikti kannski í blysi og stóð með pírð augu og beið eftir að það kláraðist, vonaði að það spryngi ekki framan í mig. Fór skjálfandi inn og sótti mér stjörnuljós. Oft fylgja eintóm vonbrigði flugeldunum. Stóra „klukkan tólf“-sprengjan er oft bara svona: „Mjíííííííííííí-plaff!“ Ég hvet alla sniðuga til að sleppa því að kaupa sér dýra flugelda og fjárfesta frekar í stjörnuljósum. Þau eru traust og valda ekki vonbrigðum, gera bara það sem ætlast er til af þeim. Svo er bara hægt að horfa á flugeldasýninguna hjá vitleysingunum í næstu húsum.



myndasögur

Pondus

Eftir Frode Överli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pú og Pa

Eftir SÖB



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

1	4				7			
3					6			4
		6			4		1	
9	5		7			2	3	
	3	7			8		9	6
	2		6			5		
7			9					3
			1				6	7

Lausn á gátu gærdagsins

9	3	4	2	6	8	7	1	5
7	2	5	3	1	9	8	4	6
6	8	1	5	4	7	2	3	9
8	7	9	1	5	6	4	2	3
1	6	3	8	2	4	9	5	7
5	4	2	7	9	3	1	6	8
2	1	7	6	8	5	3	9	4
3	9	6	4	7	1	5	8	2
4	5	8	9	3	2	6	7	1

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

THE SHOE STUDIO



ÚTSALAN

HEFST Í DAG KL. 12

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

KRINGLUNNI • S. 517 3190

Kl. 20.00
Önnur sýning verður í Þjóðleikhúsinu á ***Túskildingsóperunni*** *eftir þá Bertolt Brecht og Kurt Weill.*

menning

menning@frettabladid.is

Brátt er úti Jólaævintýri

Hugleikur er nú að ljúka sýningum á söngleik sínum Jólaævintýri Hugleiks í Tjarnarbíói. Þetta er viðamesta uppfærsla félagsins síðan fjölskyldusöngleikurinn Kolrassa sló í gegn árið 2002.

Eins og nafnið bendir til er Jólaævintýri Hugleiks byggt á sígildri jólasögu Charles Dickens, A Christmas Carol, en eins og við mátti búast hafa Hugleiksmenn snúið efninu upp á íslenskan veruleika, breytt fjármálamanninum Scrooge í óðalsbóndann Ebenezer, skrifaranum Cratchitt í vinnumanninn Kristján og draugunum í alþekkta íslenska móra og skottur.

Tónlist setur sterkan svip á sýninguna, eins og jafnan í sýningum Hugleiks, og hefur hún nú verið gefin út á geisladisk. Um undirleik sér hljómsveitin Forynjur og draugar, en þar eru meðal annars innanborðs félagar úr hljómsveitunum Ampop, Hraun og Innvortis, auk þss sem velflestir leikaranna grípa í hljóðfæri þegar mikið liggur við.

Þetta er fyrsta íslenska leikgerðin á þessari sögu, sem hefur verið vinsælt viðfangsefni leikhúsfólks frá því hún kom út árið 1843.

Aðsókn hefur verið afbragðsgóð og nú eru síðustu forvöð að meðtaka jólaboðskapinn um samhjálp og gleðina að gefa í gegnum sprellfjöruga sýningu Hugleiks. Síðustu sýningar verða 29. og 30. desember, og síðan lýkur ævintýrinu endanlega á þrettándanum, 6. janúar, eins og vera ber.

> Ekki missa af ...

... sýningu Vesturports á **Woyzeck** í Borgarleikhúsinu, sem frumsýnd var í október, fyrst í London og síðan í Reykjavík.

... tónleikum til styrktar krabbameinssjúkum börnum sem haldnir verða í Háskólabíói síðdegis á morgun. Meðal fjölmargra tónlistarmanna sem koma fram eru **Bubbi Morthens, Sálin hans Jóns míns, Jónsi, Nylon, Heiða, Hildur Vala** og **Paparnir**.

... styrktartónleikum fyrir fórnarlömb jarðskjálftans í Pakistan sem verða haldnir í Austurbæ annað kvöld. Fram koma **Jagúar, Milljónamæringarnir** ásamt **Bogomil Font** og **Páli Óskari, Ragnheiður Gröndal** og fjölmargir aðrir tónlistarmenn.

Benni Hemm Hemm á Sirkus

Hljómsveitin Benni Hemm Hemm treður upp á skemmtistaðnum Sirkus í kvöld klukkan 21.30. Eftir tónleikana mun Benedikt Hermann Hermannsson, forsprakki sveitarinnar, þeyta skífum. Verður hann í rokkgírnum og fær Elvis Presley væntanlega að hljóma töluvert.

Páll Banine, sem var áður í hljómsveitinni Bubbleflies, mun einnig koma fram sem plötusnúður. Aðgangseyrir á Sirkus er enginn.

Hryllingssögur úr hversdagslífinu

Vala Þórsdóttir hefur samið leikrit upp úr fimm smásögum Svövu Jakobsdóttur. Eldhús eftir máli heitir verkið og verður frumsýnt annað kvöld á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins.

„Þegar ósk um ástina og fegurðina í lífinu snýst upp í andhverfu sínu, það er kannski helsta temað í þessari sýningu," segir Vala Þórsdóttir um Eldhús eftir máli - hversdagslegar hryllingssögur, leikverk sem frumsýnt verður annað kvöld á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins.

Þjóðleikhúsið vill með þessari sýningu heiðra minningu Svövu, sem hefði orðið 75 ára í ár.

„Mér finnst mikill heiður að því að fá þetta verkefni," segir Vala. „Ég var búin að lesa flest allt eftir Svövu fyrir og hef síðan lesið það allt saman mörgum sinnum."

Verkið er unnið upp úr fimm af smásögum Svövu, Saga handa börnum, Krabbadýr, brúðkaup, andlát, Veisla undir grjótvegg, Gefið hvort öðru og Eldhús eftir máli.

Vala hefur engan veginn látið sér nægja að semja leikgerð upp úr þessum sögum heldur er um sjálfstætt leikverk að ræða, innblásið af smásögum Svövu. Vala hófst handa í febrúar síðastliðnum og lauk verkinu í nóvember.

Texti verksins er allur frá Völu kominn, en hún hún lætur söguþráðinn úr öllum sögunum halda sér og sú sérkennilega veröld sem sögurnar gerast í er að öllu leyti frá Svövu kominn.

„Ég fylgi söguþráðunum nokkuð nákvæmlega en hef svo bætt við sums staðar og tekið úr annars staðar. Ég flétta sögurnar saman þannig að persónurnar úr sögunum þvælast á milli, þær hittast í öðrum sögum."

Sem dæmi nefnir hún vinahópinn í Veislu undir grjótvegg.

„Þær mæta allar í brúðkaupsveislu hjá dauðvona konunni í „Krabbadýr, brúðkaup, andlát" og allar mæta þær í saumaklúbbinn hjá móður heilalausu mömmunnar í „Sögu handa börnum". Þær flakka svona á milli og út úr því kemur skemnmtilega sérkennilegur vinahópur."

Hryllingurinn býr jafnan undir niðri í þessum sögum, „en samt er

SVAVA JAKOBSDÓTTIR

ALLT SVO ÓSKAPLEGA VENJULEGT Úr sýningu Þjóðleikhússins, Eldhús eftir máli - hversdagslegar hryllingssögur.

þetta einhvern veginn svo óskaplega venjulegt allt saman, og það er einmitt það sem er svo hrikalegt við þetta. Maður sér hversdagsleikann sem er orðinn svo skrýtinn eitthvað. Við reynum að halda bæði húmornum og furðuveröldinni, bæði hryllingnum og sorginni, blanda þessu saman og snúa svolítið upp á það."

Leikarar í sýningunni eru Aino Freyja Järvelä, sem leikur nú í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu, Kjartan Guðjónsson, Margrét Vilhjálmsdóttir, María Pálsdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Þórunn Lárusdóttir.

„Kjartan leikur alla karlana, hann er því með flesta karakterana, er svolítið á hlaupum og við leikum aðeins okkur með það. Stelpurnar skipta síðan hinum hlutverkunum nokkuð jafnt á milli sín, eru allar með stóran karaker og svo líka röð af minni karakterum."

Björn Thorarensen kemur nú til starfa við Þjóðleikhúsið í fyrsta sinn sem höfundur tónlistar. Lýsingu hannar Hörður Ágústsson, búninga gerir Katrín Þorvaldsdóttir, höfundur leikmyndar er Stígur Steinþórsson og leikstjóri er Ágústa Skúladóttir. ■

STÓR HUMAR
aðeins 3900 kr/kg.
GLÆNÝ ÝSUFLÖK
LÚÐUSNEIÐAR,
LÚÐUFLÖK
TÚNFISKUR OG LAX.
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

NJÁLL
Á BERGÞÓRSHVOLI

Terta í sérflokki. Hún skiptist í 4 hluta, með ýlum milli hvers kafla. Kúlur, þyrlur, halar og blóm - þessi hefur það allt og endar með dúndrandi hvelli. Þú verður ekki svikinn af þessum kappa.
Þyngd: 9,5 kg Tími: 53 sek
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

allt matur
Alla föstudaga



GAMLA LOFTNETIÐ HEFUR ÖÐLAST NÝTT LÍF

NÚ ÞARFT ÞÚ EKKI LENGUR ÖRBYLGJULOFTNET TIL AÐ NÁ 7 ÍSLENSKUM SJÓNVARPSSTÖÐVUM Í STAFRÆNUM GÆÐUM. MEÐ TILKOMU NÝRRAR TÆKNI GETUR GAMLA GÓÐA UHF LOFTNETIÐ NÚ FÆRT ÞÉR ÞÆR STÖÐVAR SEM ÞÚ HEFUR EKKI ÁÐUR NÁÐ.

FÁÐU ÞÉR NÝJAN DIGITAL MYNDLYKIL OG BYRJAÐU AÐ HORFA Á STAFRÆNT SJÓNVARP, ÞAÐ HEFUR ALDREI VERIÐ AUÐVELDARA.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

SHADY OWENS Í góðu glensi með Hljómum.

Shady Owens og Jónas R. rokka á nýársnótt

Nú geta blómabörn '68-kynslóðarinnar tekið gleði sína á ný þar sem nýársfagnaður Hótels Sögu verður einstakur í sinni röð þetta árið. Þar munu landsþekktir tónlistarmenn troða upp og söngvararnir eru ekki af verri endanum, þau Shady Owens og Jónas R. Jónsson. Er þetta í fyrsta skipti í um þrjátíu ár sem Jónas R. syngur á dansleik. Einnig er töluvert síðan Shady kom fram síðast á Íslandi þannig að þetta er einstakt tækifæri fyrir aðdáendur þeirra að sjá þau saman á sviði. Munu þau syngja helstu lög tímabilsins frá 1963-1970 fyrir gesti Súlnasalarins. Þar að auki munu þau Diddú og Valgeir Guðjónsson hita mannskapinn upp áður en Jónas og Shady trylla lýðinn með bestu lögum þessara ára. Þegar Jónas er inntur eftir því hvort erfitt hafi verið að fá hann til að syngja aftur segir hann að sér hafi ekki litist neitt sérstaklega vel á það til að byrja með. „Þegar Sögumenn komu að máli við mig og báðu mig um að vera með var ég nú ekki alveg tilkippilegur í fyrstu. Ég hugsaði sem svo að ég hefði ekkert í þetta að gera og þetta væri bara liðin tíð. En svo þegar ég fór að velta þessu meira fyrir mér ákvað ég bara að slá til og hafa gaman af. Þetta er nú bara eitt kvöld."

Landsliðsúrval tónlistarmanna mun spila með þeim Jónasi og Shady að þessu sinni. „Með okkur verða meðal annarra þeir Arnar Sigurbjörnsson, Ásgeir Óskarsson og Björgvin Gíslason ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni og Guðmundi Benediktssyni."

Aðspurður um hvort aðdragandinn hafi verið langur segir Jónas svo ekki hafa verið. „Þetta gerðist nú allt fremur fljótt. Við höfum hist nokkrum sinnum og rennt í gegnum lög frá þessum tíma. Ég segi þó ekki að við séum búnir að æfa stíft en þó ágætlega. Við ætlum að rokka og njóta þess. Það verða að mestu leyti jafnaldrar okkar sem sækja þennan dansleik og fólk sem maður spilaði mikið fyrir í gamla daga. Maður á fullt af vinum og kunningjum sem hafa sótt tónleika í gegnum tíðina. Það má því segja að þetta sé eins og ein stór fjölskylda hvað það snertir."

Að sögn Jónasar hafa hann og Shady verið í góðu sambandi frá því þetta var allt ákveðið. „Við höfum æft með Shady meðal annars í gegnum Skype á netinu þar sem hún býr í Bretlandi og það hefur gengið mjög vel. Hún kemur til landsins 29. desember til að syngja á þessum tónleikum" segir Jónas að lokum.

Það er því ljóst að dansinn mun duna í Súlnasalnum á nýársnótt og blómabörnin fá svo sannarlega eitthvað fyrir sig.

tomas@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

25 26 27 28 29 30 31

Miðvikudagur

TÓNLEIKAR

☐ 21.30 Hljómsveit **Benna Hemm Hemm** á Sirkus. Benni spilar sem plötusnúður á eftir ásamt **Páli Banine**.

SAMKOMUR

☐ 17.00 Hið árlega **jólaball Hannesarættarinnar** úr Keflavík er haldið í Haukahúsinu í Hafnarfirði.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

MANNTAFL
Í BORGARLEIKHÚSINU
Einleikur með Þór Tulinius
SPENNANDI
FRÁ UPPHAFI
...TIL ENDA!!
Miðvikudaginn 28.12 kl. 20.00
Sunnudaginn 08.01.2006. kl. 20.00
Síðustu sýningar!
Miðasala Borgarleikhússins: 568 8000

BORGARLEIKHÚSIÐ ÞÍBILJA



MEÐALLESTUR UNDIR 50 ÁRA

TÖLUR SKV. GALLUPKÖNNUN Í OKTÓBER 2005

Varanlegt forskot

SAMKVÆMT GLÆNÝRRI KÖNNUN GALLUP HELDUR FRÉTTABLAÐIÐ YFIRBURÐUM SÍNUM Í LESTRI!

Íslenska þjóðin velur Fréttablaðið og er bilið langbreiðast meðal fólks undir 50 ára. Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur fyrir um 85% af einka-neyslu auk þess að vera líklegra til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín.

Fréttablaðið er áhrifaríkasti auglýsingamiðillinn!

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn!

Fíton/SÍA

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

BATMAN Á ÍSLANDI
Atriðin sem tekin voru upp hér landi í myndinni voru nánast öll notuð.

Kvikmyndahátíðir björguðu stórmyndaári

Það var heilmikið fjör í kvikmyndahúsum á Íslandi árið 2005. Freyr Gígja Gunnarsson og Þórarinn B. Þórarinsson, kvikmyndagagnrýnendur Fréttablaðsins, litu um öxl og völdu tíu bestu myndir ársins.

Fokdýrar risastórmyndir settu svip sinn á bíóárið 2005. Stjörustríðshringnum var lokað með miklum látum og dramatík í vor og í kjölfarið reis svo Batman upp með miklum glæsibrag í Batman Begins. Myndasögur héldu áfram að nýtast kvikmyndagerðarmönnum sem efniviður og yfirfærsla Roberts Rodriguez á Sin City-myndasögum Fransk Millers var tvímælalaust einn af hápunktum bíóarsins. Stórmyndirnar héldu svo áfram að detta inn fram eftir árinu. Harry Potter tók gelgjuskeiðið með trompi í The Goblet of Fire en gamla Narníuævintýri C.S. Lewis veitti honum verðuga samkeppni. Árinu lauk svo með geðveikum hamförum þegar Peter Jackson sleppti risaapanum King Kong lausum og tók af öll tvímæli um að hann væri arftaki þeirra Lucasar og Spielbergs þegar það kemur að því að hrista fram skotheldar risamyndir.

Þrátt fyrir allar þessar kræsingar virðist bíóárið hafa verið frekar rýrt í roðinu þegar litið er framhjá þessum stóru metaðsóknarmyndum og ef ekki hefðu verið haldnar þrjár veglegar kvikmyndahátíðir í Reykjavík á árinu hefði gagnrýnendum Fréttablaðsins reynst það þrautin þyngri að fylla lista yfir tíu bestu myndir ársins 2005.

FREYR GÍGJA GUNNARSSON

NR. 1 BATMAN BEGINS LEIKSTJÓRI CHRISTOPHER NOLAN
Frábær kvikmynd um upphaf Leðurblökumannsins. Loksins, loksins sögðu aðdáendur hetjunnar en hún hafði lent í klónum á Hollywood sem vildi breyta henni í einhverja barnastjörnu. Leðurblökumaðurinn varð aftur riddari næturinnar.

NR. 2 SIN CITY LEIKSTJÓRAR FRANK MILLER OG ROBERT RODRIGUEZ
Hasarblaðahöfundurinn Frank Miller hafði miklar efasemdir um að það tækist að festa Sin City á filmu. Rodriguez sannaði svo ekki varð um villst að það var vel gerlegt. Sin City reyndist vera svalasta mynd ársins.

NR. 3 STAR WARS: REVENGE OF THE SITH LEIKSTJÓRI GEORGE LUCAS
Loksins, loksins. Jar Jar Binks fékk ekki að segja eitt einasta orð og George Lucas gerði sér grein fyrir því að aðdáendur Stjörnustríðs voru fullorðnir karlmenn. Myndin var dökk yfirlitum og var bönnuð innan tólf. Frábær lokahnykkur.

NR. 4 KING KONG LEIKSTJÓRI PETER JACKSON
Þrátt fyrir þrjá tíma hefur Peter Jackson tekist að gera það sem fáum er gefið, að skemmta áhorfendanum frá upphafi til enda. Frábærar tæknibrellur og hugljúf saga uppskáru klapp í Háskólabíói. Loðna skrímslið hafði aldrei litið svona vel út.

NR. 5 CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY LEIKSTJÓRI TIM BURTON
Hin sérvitri og hæfileikaríki Tim Burton hafði í nógu að snúast á árinu sem senn er að líða. Kalli og súkkulaðiverksmiðjan var frábær þar sem litir og tónlist fengu að njóta sín. Johnny Depp brást ekki vini sínum og var mjög eftirminnilegur í hlutverki Willy Wonka.

NR. 6 HARRY POTTER AND THE GOBLET OF FIRE LEIKSTJÓRI MIKE NEWELL
Nú þýddi ekkert að vera einhver krakki. Harry Potter var ekki lengur töfrastrákur heldur var smám saman að skríða á táningsaldurinn. Unglingarnir voru látnir bera uppi myndina, sem reyndist vera frábær skemmtun.

NR. 7 MOTORCYCLE DIARIES LEIKSTJÓRI WALTER SALLES
Ungstirnið Gael Garcia Bernal sló í gegn þegar hann túlkaði Che Guevara á eftirminnilegan hátt en myndin fjallaði um ferð frelsishetjunnar um Suður-Ameríku. Bæði leikstjórinn og aðalleikarinn sóttu landið heim í tilefni frumsýningarinnar, sem dró ekki úr vinsældum hennar.

NR. 8 HOTEL RWANDA LEIKSTJÓRI TERRY GEORGE
Hin skelfilegu þjóðarmorð í Rúanda voru rifjuð upp á óþægilegan hátt í þessari kvikmynd um hótelstjórann Paul Rusesabagina sem reyndi að vernda ættmenni sín fyrir hörmungunum í landi sínu. Myndin hreppti Jökul, fyrstu verðlaun á IiFF-hátíðinni, sem besta myndin.

NR. 9 DER UNTERGANG LEIKSTJÓRI OLIVER HIRSCHBIEGEL
Myndin var sú besta á IIFF-hátíðinni. Bruno Ganz var stórkostlegur í hlutverki Hitlers en Der Untergang veitt innsýn í síðustu daga Þriðja ríkisins út frá augum Traudl Jung, einkaritara einræðisherrans.

NR. 10 A HISTORY OF VIOLENCE LEIKSTJÓRI DAVID CRONENBERG
Ofbeldið var allt að því yfirgengilegt í þessari mynd en var þó notað á mjög óhefðbundinn hátt. Eins og tónlist. Cronenberg sýndi það að hann er algjörlega óháður þessari Hollywoodframleiðslu og Viggo Mortensen kom skemmtilega á óvart.

ÞÓRARINN B. ÞÓRARINSSON

NR. 1 SIN CITY
Langbesta og skemmtilegasta mynd ársins þótt lengra aftur í tímann væri leitað. Myndasögu hafa aldrei verið gerð jafn góð skil á hvíta tjaldinu. Teikningar Franks Miller lifna við í þessu tækniundri og leikararnir skila kaldhömruðum texta hans fullkomlega. Sin City er film noir í sinni tærustu mynd og ekki spillir fyrir að Mickey Rourke gerir magnaðasta „comeback" allra tíma.

NR. 2 KING KONG
Alvörurisamynd sem rígheldur þrátt fyrir mikla lengd. Peter Jackson er orðinn það sem Spielberg og George Lucas voru fyrir tuttugu árum. Afgreiðsla hans á Lord of The Rings og King Kong gerir hann að krýndum konungi ævintýranna.

NR. 3 STAR WARS: REVENGE OF THE SITH
Það eru einungis tilfinningarök sem koma þessari mynd svona ofarlega á listann en fyrir gamla Star Wars-áhorfendur sem Lucas hafði brugðist í tvígang með Episode I og II er þessi magnaði lokakafli himnasending. Drama sem jafnast á við The Empire Strikes Back.

NR. 4 BATMAN BEGINS
Flestir töldu að Joel Schumacher hefði tekist að drepa Batman með hinni skelfilegu Batman & Robin.

NR. 5 DER UNTERGANG
Ógleymanleg stríðsmynd þar sem Bruno Ganz breyttist í Hitler með undraverðum hætti.

NR. 6 THE DESCENT
Það var sem betur fer mikið um hryllingsmyndir í bíó í ár en þessi stendur upp úr. Hér er spilað á innilokunarkennd og myrkfælni með glæsibrag. Þar fyrir utan er myndin þrælspennandi og mátulega ógeðsleg.

NR. 7 SHI MIAN MAI FU (THE HOUSE OF FLYING DAGGERS)
Þessi stílfærða kínverska bardagamynd hverfist um einfalda og sígilda ástarsögu um elskendur sem fá ekki að njótast. Myndin, sem er frá árinu 2004 en rataði ekki í bíó hér fyrr en á IIFF-hátíðinni, er samt fyrst og fremst veisla fyrir augað þar sem litadýrð og ótrúlegar æfingar með tökuvélina dáleiða áhorfendur.

8. SIDEWAYS
Sérstaklega vel skrifuð, látlaus og skemmtileg mynd um vínsmökkunarferðalag tveggja lúsera. Leikurinn er frábær og rauðvínslegin heimspeki myndarinnar hittir beint í mark.

9. OLDBOY
Þetta meistarastykki frá Suður-Kóreu er elsta myndin á listanum, framleidd árið 2003, en er svo mögnuð að það er ekki hægt að sleppa henni. Sagan er átakanleg og ofbeldið yfirgengilegt þannig að maður verður ekki samur eftir að hafa tekið virkan þátt í hremmingum Oh Dae-Su sem Minsik Choi leikur með fádæma tilþrifum.

10. HOTEL RWANDA
Önnur mynd frá 2004 sem þakka má IIFF fyrir að hafi komist í bíó á Íslandi. Þetta er alls ekki gallalaus mynd en skilur mikið eftir sig, einna helst samviskubit hjá vestrænum góðborgurum sem lokuðu augunum fyrir þjóðarmorðunum í Rúanda. Don Cheadle er í toppformi að vanda í aðalhlutverkinu.

WAREHOUSE

ÚTSALAN

HEFST Í DAG KL. 12

30% AFSLÁTTUR

KRINGLUNNI • S. 517 3290

Vinir Kiefers hristu upp í liðinu á Nasa

Það var mikið um dýrðir á tónleikum hlómsveitarinnar Rocco and the Burden sem haldnir voru á skemmtistaðnum Nasa á fimmtudagskvöldið. Þar var margt góðra manna og auðvitað var kvikmyndastjarnan Kiefer Sutherland mætt til þess að sjá vin sinn Rocco spila. Það má með sanni segja að Kiefer hafi haldið uppi stuðinu og ekki látið þá miklu athygli sem hann fékk á tónleikunum á sig fá. Lék hans á als oddi og skemmti sér konunglega ásamt flestum þeim sem á Nasa voru mættir. ■

THE BURDEN Hljómsveitarmeðlimir sungu lög sín af miklum krafti enda var það mál manna eftir tónleikana að þeir hefðu verið stórgóðir.

HLJÓMSVEITIN GHOSTIGITAL Fór mikinn á Nasa þegar hún hitaði upp fyrir Rocco and the Burden. Hér er Einar Örn Benediktsson í essinu sínu.

SÓLÓ Hljómsveit Roccos var í góðu stuði á Nasa og spilaði lög sín af miklum sannfæringarkrafti. Hér tekur gítarleikari sveitarinnar sóló af miklum móð.

KRUMMI Í MÍNUS Og félagar voru nokkuð ánægðir með Rocco og hljómsveit hans og gengu sáttir út að tónleikunum loknum.

KIEFER SUTHERLAND Var einstaklega hress í bragði og smellti kossi á þær stöllur Hrafnhildi, Laufeyju og Súsönnu. Voru þær augljóslega í sjöunda himni með Kiefer sem og hljómsveit Roccos.

SÆVAR HELGASON, PÁLL SÆÞÓRSSON, VALTÝR SIGURÐSSON OG EINAR ÓMARSSON Fíluðu Rocco and the Burden í botn á Nasa.

KIEFER Heilsaði upp á Elísabetu Gunnarsdóttir eða Betu Rokk eins og hún er betur þekkt, og Fanneyju Stefánsdóttur. Voru þær greinilega hæstánægðar með að hafa hitt leikarann góðkunna.

Apaspil: Kvikmyndasaga King Kong

Fyrir fólk sem fær ekki nægju sína af stórum og loðnum öpum í bíó þessa dagana (og er búið að gefast upp á skemmtanalífinu) er alltaf hægt að bregða sér út á leigu og finna fleiri myndir um apann geðstirða, King Kong. Fyrst ber að sjálfsögðu að nefna hina upprunalegu King Kong-kvikmynd frá 1933, sem var tímamótaverk í tæknibrellum og segja margir að betri tæknibrellumynd hafi ekki komið út fyrr en með Star Wars rúmum fjörutíu árum seinna. Framhald var gert sama ár og nefndist myndin Son of Kong. Þar er aftur snúið til Höfuðkúpueyju og finna menn þar son Kong. Hver mamman er skal ósagt látið en þar sem sonurinn er albínói er aldrei að vita nema það sé sjálf leikkonan Ann Darrow. Minna var fjallað um ástarmál Kong í hinni japönsku King Kong vs. Godzilla og hann þess í stað látinn gera það sem hann gerir best, berja risaeðlur í spað. Menn sem ekki hafa eigin ástarmál til að huga að deila enn þann dag í dag um hvor þeirra sé sterkari.

Undarlegasta King Kong-myndin er vafalaust King Kong Escapes frá árinu 1967. Myndin er amerísk-japönsk framleiðsla og í þetta sinn er Kong dáleiddur og gerður að námuverkamanni, en sleppur laus og þarf að berjast við vélmennaeftirmynd af sjálfum sér ofan á turni í Tókíó. Einnig reynir skrímslið Gorosaurus að éta kærustu Kong (aðra litla ljósku), sem reynist afar óhollur skyndibiti. Gorosaurus er kjálkabrotinn af apanum en birtist aftur ári síðar ásamt Godzilla í myndinni Destroy All Monsters.

Kong kom ekki aftur til Hollywood fyrr en árið 1976, þegar upprunalega myndin var endurgerð. Breytingarnar voru þó talsverðar, hér er hann ofsóttur af illum olíufyrirtækjum í stað kvikmyndamanna og endar feril sinn ofan á World Trade Center. Sérstaklega er fróðlegt að sjá loftárás á tvíburaturnana í ljósi liðinna atburða og olíufyrirtækin halda víst áfram að misnota hörundsdökka þriðjaheimsbúa enn þann dag í dag. Jessica Lange er hér í sínu fyrsta hlutverki ásamt stórleikurum eins og Jeff Bridges og Charles Grodin.

Verr heppnað var framhaldið, Kong Lives, frá 1986. Hér kemur í ljós að Kong lifði af fallið og hefur verið í dái í tíu ár. Skipt er um hjarta í honum og þegar kvenkynsapi finnst sprettur hann upp á ný, knúinn áfram af gangráðinum og greddunni.

KING KONG Apinn úrilli hefur margoft birst á breiðtjaldinu.

Terminator-mamman Linda Hamilton leikur hér konuna sem keppir um ástir Kong, en fellur í skuggann af kvenapanum.

Sami höfundur og skrifaði hið upprunalega handrit að King Kong, Merian C. Cooper, sneri aftur á kunnulegar slóðir árið 1949 þegar hann gerði aðra mynd um risaapa, Mighty Joe Young. Myndin var endurgerð árið 1998 með þeim Bill Paxton og Charlize Theron, en Jói er hálfgerður kettlingur við hliðina á Kong konungi.

valurg@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngvarinn Michael Jackson hefur samþykkt að taka þátt í gerð raunveruleikaþáttar sem fjalla á um fjölskyldu hans. Mun hann taka stóran þátt í gerð fyrsta þáttarins og koma lítillega við sögu í næstu þáttum. Þættirnir fjalla hins vegar að mestu leyti um bróður Jacksons, Tito og syni hans þrjá og tilraunir þeirra til þess að komast inn í tónlistariðnaðinn. Latoya Jackson og Jermaine Jackson, systkini Michaels, munu einnig koma fram í þáttunum sem verða sýndir vestanhafs í vor.

Knattspyrnumennirnir eru ekki á flæðiskeri staddir fjárhagslega og Wayne Rooney er svo sannarlega einn af þeim launahærri í bransanum. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum götublaðsins The Sun mun hann hafa keypt hest handa kærustu sinni Coleen Mcloughlin, að upphæð um 70.000 punda. Jafngildir það um 8 milljónum íslenskra króna. Vinir fótboltahetjunnar segja ástæður fyrir gjöfinni hina miklu ást Rooneys á unnustu sinni. „Hann er rómantíker og vill bara að henni finnist hún vera sérstök.“

RICKY GERVAIS Í kvöld hefjast sýningar á nýjustu þáttaröð hans, Extras, sem hefur slegið í gegn á Bretlandi.

Extras hefur göngu sína

Loksins, loksins, gætu einhverjir hugsað en í kvöld hefst hjá Ríkissjónvarpinu þáttaröðin Extras sem er úr smiðju Ricky Gervais og Stephen Merchant, þeirra sömu og eiga heiðurinn af The Office. Þættirnir hafa slegið í gegn á Bretlandi en þeir segja frá aukaleikaranum Andy, sem hefur ekki fengið eitt einasta hlutverk í kvikmynd síðan hann hætti hjá bankanum fyrir fimm árum vegna þess að hann ætlaði að „meika“ það í kvikmyndum. Hann hefur nú atvinnu af því að vera bakgrunnsleikari og kemst í kynni við stórstjörnur með grátbroslegum afleiðingum. Fjöldi þekktra leikara kemur við sögu í þáttunum og nægir þar að nefna Samuel L. Jackson og Ben Stiller. ■

MIKE MYERS Leikarinn Mike Myers er skilinn eftir tólf ára hjónaband.

Mike Myers skilinn

Gamanleikarinn Mike Myers og eiginkona hans Robin Ruzan eru að skilja eftir tólf ára hjónaband. Að sögn fjölmiðlafulltrúa þeirra verða þau áfram nánir og góðir vinir.

Myers og Ruzan, sem er rithöfundur og leikkona, giftu sig í maí árið 1993. Þau eru barnlaus. Myers er þekktur fyrir kvikmyndir á borð við Austin Powers, Wayne's World og Dr. Seuss' The Cat in the Hat. Auk þess hefur ljáð tröllinu Shrek rödd sína í tveimur myndum. ■

Kangoo
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

Hagkvæmari rekstrareining

RENAULT Kangoo express, einir vinsælustu atvinnubílar sl. 7 ára

Kangoo Express – 6 dyra – 75 hestöfl – beinskiptur.

Kr.1.140.562 kr. án VSK.

Kr. 17.577

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

* Fjármögnunarleiga á Kangoo Express, 1200, 6 dyra, beinksiptur m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

B&L
ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
Með allt á einum stað

B&L atvinnubílar • Grjótháls 1 • Sími 575 1200 • Söluráðgjafar 575 1224/25 • www.bl.is

SIN CITY Mickey Rourke snýr aftur í Sin City 2 en hann fór á kostum í fyrri myndinni.

Miller vill fimm Sin City-myndir

Frank Miller, handritshöfundur og annar af leikstjórum hinnar ofbeldisfullu Sin City, er að ljúka við handritið að framhaldsmyndinni Sin City 2 sem er væntanleg 18. ágúst á næsta ári.

„Ég get ekki beðið eftir því að setjast í leikstjórastólinn á nýjan leik. Ef ég fæ að ráða verða gerðar fimm myndir en bara ef ég fæ að ráða,“ sagði hann. „Fimm myndir myndu dekka allar myndasögurnar en ég er líka að semja efni fyrir nýju myndina. Ég á örugglega eftir að gefa út aðra myndasögu. Hún fjallar um Nancy Callahan, sem mig hefur lengi langað til að fjalla nánar um,“ sagði hann.

Robert Rodriguez, hinn leikstjóri Sin City, hefur áður látið hafa eftir sér að framhaldsmyndin verði byggð á sögu Miller, A Dame to Kill For. Sömu aðalleikarar verða í nýju myndinni, fyrir utan Bruce Willis sem dó í þeirri fyrri. Auk þess hefur Danny Trejo bæst í leikarahópinn en hann er þekktur skálkur úr myndum á borð við Con Air, Heat og From Dusk Till Dawn, sem var einmitt leikstýrt af Robert Rodriquez og Quentin Tarantino. ■

Mitt á milli Lynch og Mamets

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Einhvers staðar mitt á milli David Lynch og David Mamet er þriðja mynd Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven. Stórleikararnir Forest Whitaker og Peter Coyote leika tryggingasölumenn sem svífast einskis til að forðast að borga út þegar hamfarir dynja yfir kúnna þeirra og minna þannig eilítið á sölumennina í Glengarry Glen Ross. Þegar Forest heldur af stað í litla skrýtna smábæinn norðan við allt og ekkert erum við komin langleiðina inn í Lynchland. En hvorug þessara tilvísana nægir þó til að lýsa myndinni því hún hefur einnig ákveðinn íslenskan brag. Rétt eins og Dagur Kári og Friðrik Þór reynir Baltasar að fanga norðurslóðastemningu sem erfitt er að lýsa með orðum, enda hafa orðin takmarkað gildi þegar komið er norðan við allt og ekkert. Persónur eru skoðaðar utan frá fremur en innan og enginn tjáir sig með fleiri orðum en nauðsynlegt er.

Baltasar tókst einna fyrstum Íslendinga með 101 Reykjavík að gera bíómynd sem hökti ekki heldur rann nokkuð ljúflega í gegn. Hún hafði ekki yfir sér brag yfirfærðs sviðsverks eða runu sketsja lauslega tengdra saman (þó að slíkt þurfi alls ekki að vera slæmt) heldur fullmótaðrar bíómyndar. Hið sama er uppi á teningnum hér, lítið er um mistök eða feilspor, spurningin er frekar hvort áhorfendanum þykir efniviðurinn áhugaverður eða ekki.

Söguþráðurinn vinnur sig ágætlega áfram. Hin óhjákvæmilegu hvörf opinberast í miðri mynd og dularfullir atburðir hafa allir sínar útskýringar. Leyst er úr öllum hnútum, ekki er fallið í þá gryfju að búa til ráðgátu sem ekki er leyst, sem því miður allt of margir hafa gert í kjölfar Lynch, enda á áhorfandinn í raun rétt á því að vita hvernig sagan endar. Endirinn er í senn óvæntur og fullnægjandi þótt nokkrum erfiðleikum sé bundið að átta sig á hvernig Forest komst að þessari niðurstöðu. Hvað nákvæmlega verður til þess að hann gerbreytir um hugsunarhátt? Er hann haldinn samviskubiti? Eða er hann svona hrifinn af Juliu Stiles? Vissulega er hefð fyrir því að menn gefi allt upp á bátinn fyrir dularfullar konur í noir-myndum. A Little Trip er þrátt fyrir allt fremur raunsæisleg en bara enn önnur bíómyndatilvísunin. Maður hefði viljað fá eitthvað haldbærara til að skilja persónuna betur.

Staðleysa og tímaleysa er ósiður sem leikstjórar verða að venja sig af. Hvort sem það eru riddarar syngjandi Queen eða menn étandi Hlöllabáta á sjöunda áratugnum í Reykjavík leiðir sjaldnast gott af slíku. Sögur eru þrátt fyrir allt flestar svipaðar inni við beinið en eigi þær að halda athygli þurfa þær að færa mann inn í einhvern heim. Hvort sem sá heimur er þekktur eða óþekktur þarf hann að lúta innri lögmálum frekar en að henda inn hlutum af handahófi, sem hefur verið allt of áberandi á íslensku sviði undanfarið.

En þrátt fyrir einhvers konar stað- og tímaleysi út á við sleppur A Little Trip vegna þess að hún er ekki handahófskennd. Í raun og veru gæti maður fundið stað og tíma nokkuð nákvæmlega - í Miðvesturríkjum Bandaríkjanna á seinni hluta áttunda áratugarins. Einungis íslenskir áhorfendur myndu hafa eitthvað út á þá túlkun að setja þegar við sjáum Hlemm eða Keflavík í mynd. Hlemmur er vandlega dulbúinn og ekki þarf að gera mikið við Keflavík til að gera hana að amerískum smábæ. Líklega tengja fæstir aðrir þessi atriði við Ísland, jafnvel þótt þeir hafi komið hingað. Það er helst þegar tekið er utandyra að manni finnst sem hin íslenska náttúra gæti varla verið neins staðar annars staðar.

Leikararnir standa sig með prýði, skila sínu án þess að neinn þeirra steli senunni, ekki einu sinni Forest. Enda ekki til þess ætlast. Ekki er boðið upp á harmþrungnar óskarsræður. Tilfinningarnar eru lágstemmdar í hráslagalegu umhverfinu, barátt-an er háð innan frá.

A LITTLE TRIP TO HEAVEN
LEIKSTJÓRI: BALTASAR KORMÁKUR.
HANDRIT: BALTASAR KORMÁKUR OG EDWARD WEINMAN.

Niðurstaða: Mynd sem stendur fyllilega fyrir sínu. Baltasar á líklega enn eftir að gera sínar bestu myndir en A Little Trip sýnir mann sem hefur náð fullum tökum á list sinni.

Ekki er myndin þó með öllu laus við aksjónatriði. Fleiri bílar eru laskaðir en í nokkurri íslenskri mynd síðan Löggulíf kom út. Það flottasta af þessum atriðum er einnig hið ósennilegasta, en ekki er neitt út á þau að setja tæknilega. Þó að kvikmyndaheimurinn sé fullur af bílslysum eru þessi með þeim ofsafengnari sem sést hafa.

Eitt burðaratriði myndarinnar birtist þó ekki á skjánum heldur ómar í gegnum hátalarana og stundum virðist sem myndin hafi verið gerð í kringum tónlist Mugison frekar en öfugt. Lagið Rush á til dæmis jafn stóran þátt í að vekja upp óhug fyrir fyrsta slysið og nokkuð sem gerist á skjánum. Baltasar æðir ekki af stað með góðar en ófullmótaðar hugmyndir eins og svo margir. Hann kann að gera bíómyndir og þarf því enga forgjöf eða klapp á bakið fyrir að reyna þegar hann getur. Baltasar hefur hingað til verið að læra en hann getur nú talist fullútskrifaður. Því verður afar spennandi að sjá hvað hann gerir næst.

Valur Gunnarsson

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þúsund eintök af nýjustu plötu Sigur Rósar, Takk, verða gefin út í Bretlandi og í Bandaríkjunum á næstunni á vínyl. Búast má við því að safnarar eigi eftir að sitja um eintökin. Vínylplatan þykir sérstaklega eiguleg vegna þess að Takk var tekin upp í hliðrænuformi, eða analog, en ekki á stafrænan hátt eins og síðasta plata Sigur Rósar, ().

Vincent Schiavelli fallinn frá

Hinn ítalskættaði leikari Vincent Schiavelli andaðist á heimili sínu á Sikiley annan í jólum eftir erfiða baráttu við lungnakrabbamein. Schiavelli, sem var 57 ára, var árið 1997 útnefndur einn besti skapgerðarleikari sögunnar af tímaritinu Vanity Fair en hann lék í rúmlega 120 kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Vincent Schiavelli ólst upp hjá afa sínum í Brooklyn og ákvað snemma að gefa sig á vald leiklistargyðjunnar. Hann landaði hlutverki geðsjúklingsins Frederickson í Gaukshreiðrinu sem hlaut fimm Óskarsverðlaun á sínum tíma en djúp augu og sérstætt útlit öfluðu honum nokkurrar sérstöðu í kvikmyndaborginni. Leikarinn var oftar en ekki í litlum en minnisstæðum hlutverkum og lék meðal annars leigumorðingja í Bond-myndinni Tomorrow Never Dies. Þá ætti hann einnig að vera mörgum að góðu kunnur í hlutverki draugsins í Ghost sem kenndi Patrick Swayze að hreyfa hluti þrátt fyrir að vera dauður.

Ótvíræðir hæfileikar hans á leiklistarsviðinu voru þó ekki þeir einu sem leikarinn hafði til brunns að bera því Schiavelli skrifaði einnig þrjár matreiðslubækur en hann var mikill smekkmaður á mat og vín. Fyrir átta árum fluttist hann til smábæjarins Polizzi Generosa á Sikiley þaðan sem hann er ættaður en afi hans var kokkur hjá aðalsfólki í bænum. Að sögn bæjarstjórans var Schiavelli hvers manns hugljúfi og honum lýst sem frábærum vini og kokki. „Það var frábært að ræða við hann um allt milli himins og jarðar því hann var þeim hæfileikum gæddur að geta gert allt merkilegt," sagði bæjarstjórinn. „Ég hef misst bróður," bætti hann við.



VINCENT SCHIAVELLI Leikarinn stendur hér við plakat myndarinnar Amadeus þegar hún var sýnd í endurbættri útgáfu en hann lék þjón Antonio Salieri í myndinni.

Miðasala á Ekdahl hafin

Miðasala á tónleika Lisu Ekdahl í Háskólabíói hinn 24. mars næstkomandi hófst í gær. Hin sænska Ekdahl er mörgum kunn á Íslandi enda kom hún hingað til lands og hélt tvenna tónleika fyrir troðfullu húsi í Austurbæ fyrir einu og hálfu ári síðan. Miðar á þá tónleika seldust upp á tveimur klukkutímum og er því ljóst að Ekdahl á marga aðdáendur á Íslandi.

Tónleikarnir í mars eru hluti af tónleikaferð hennar um Norðurlöndin sem hefst í Danmörku 10. febrúar í tilefni af útgáfu plötunnar Pärlor av Glas sem kemur út 18. janúar. ■

LISA EKDAHL Söngkonan heldur tónleika í Háskólabíói 24. mars á næsta ári.

THE STROKES Rokksveitin bandaríska er að gefa út sína þriðju plötu.

The Strokes sleppir fuglinum úr búrinu

Meðlimir New York-sveitarinnar The Strokes eru ánægðir með að nýja platan þeirra sé að koma út á undan áætlun.

Útgáfu plötunnar, sem nefnist First Impressions of Earth, var flýtt eftir að fyrsta smáskífulaginu, Juicebox, var lekið á netið. Kemur hún út 2. janúar, en smáskífulagið var gefið út 5. desember síðastliðinn. „Ég er mjög ánægður með stöðuna eins og hún er," sagði gítarleikarinn Nick Valensi. „Ég er tilbúinn fyrir útgáfu plötunnar. Mér finnst við hafa beðið með hana ansi lengi. Ég vil fara að sleppa henni lausri eins og fugli úr búri," sagði hann.

First Impressions of Earth er þriðja plata The Strokes. Síðasta plata sveitarinnar, Room on Fire, kom út fyrir tveimur árum en sú fyrsta, Is This It, kom út 2001. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hin þokkafulla leikkona Jennifer Garner hefur ákveðið að breyta eftirnafni sínu úr Garner í Affleck eftir að hún giftist leikaranum Ben Affleck í júní síðastliðnum. Ástæðan fyrir breytingunni ku vera sú að hún vill vera með sama eftirnafn og dóttir þeirra hjóna sem fæddist fyrr í þessum mánuði. Fjölmiðlar komust á snoðir um þetta eftir að Jennifer skrifaði eiginhandaritun með eftirnafninu Affleck nú á dögunum.



Bristol látin fara

Bandaríkjamaðurinn Reshea Bristol er farin frá kvennaliði Keflavíkur eftir að hafa ekki náð að standa undir væntingum, að því er Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari liðsins, sagði við Víkurfréttir. Félagið hefur þegar fengið til sín nýjan erlendan leikmann, 23 ára bakvörð sem heitir Lakiste Barkus.

sport

sport@frettabladid.is

GK99 Í GRINDAVÍK: HEFUR SELT STÚKUNA Á KNATTSPYRNUVELLI BÆJARINS

Næst er það bygging knattspyrnuhallar

Grindavíkurbær hefur fest kaup á stúkunni við knattspyrnuvöll bæjarins af hlutafélaginu GK99, sem staðið hefur að hinum ýmsu málum sem tengjast rekstri knattspyrnudeildar Grindavíkur. Með kaupunum hefur bærinn þar með eignast öll mannvirki í kringum völlinn og segir Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, það löngu hafa verið tímabært. „Svona er þetta hjá öllum öðrum bæjarfélögum og eftir á að hyggja er það í raun fásinna að GK99 hafi verið að sýna frumkvæði og safna fyrir byggingu mannvirkis á borð við það sem stúkan er. Nú er bæjarfélagið búið að eignast mannvirkið sem það hefði upphaflega átt að byggja," sagði Jónas en upphaflega var GK99 stofnað sem stoð við knattspyrnudeildina og átti hvergi að koma að byggingu stúkunnar. En vegna tregðu bæjarstjórnar við að ráðast í framkvæmdir á stúku sem myndi uppfylla kröfur alþóða knattspyrnusambandsins tók hlutafélagið af skarið og féllst Grindavíkurbær á að reiða fram krónu á móti hverri krónu sem GK99 myndi ná að safna.

„Kostnaðurinn við framkvæmd stúkunnar hljóp á 80-90 milljónum króna og lagði bærinn 39 milljónir í þær framkvæmdir," segir Jónas en samhliða kaupunum færist rekstur stúkunnar úr höndum knattspyrnudeildarinnar til Grindavíkurbæjar og um leið falla skuldir GK99 niður. Jónas vonast til þess að þessi viðleitni bæjarins sé aðeins byrjunin á því sem koma skuli.

„Fótboltinn í Grindavík er ekki með neina aðstöðu yfir veturinn og það er ekki sæmandi fyrir félag í efstu deild í dag. Ef við ætlum að vera samkeppnishæfir verður bærinn að búa yfir knattspyrnuhöll," segir Jónas og sparar ekki stóru orðin. „Ef bæjarfélög vilja fá fólk til sín eiga þau að sjá sóma sinn í því að byggja upp aðstöðu fyrir fólkið. Bygging knattspyrnuhallar er á borðinu hjá bæjarstjórn og ef ekki verður ráðist í byggingu hennar er ekki lengur grundvöllur fyrir því að vera með efstu deildar félag í Grindavík."

> Ekki alvarlegt hjá Snorra

Axlarmeiðsli landsliðsmannsins Snorra Steins Guðjónssonar eru ekki alvarleg og í samtali við Fréttablaðið í gær kvaðst Snorri Steinn stefna á að taka þátt í leik Minden í þysku úrvalsdeildinni á föstudaginn. Snorri Steinn varð fyrir hnjaski á æfingu á aðfangadag og gat ekki leikið með liði sínu gegn Magdeburg á öðrum degi jóla. „Læknarnir telja að þetta sé eitthvað í sambandi við sinarnar en það er ekkert brotið og ekkert slitið. Ég er í meðferð vegna þessa tvisvar á dag núna og ætti að verða orðinn klar í slaginn fyrr en síðar," segir Snorri Steinn.

SIR ALEX FERGUSON Byrjaður að brosa á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson:

Tekur gleði sína á ný

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, segir að liðið sé búið að leggja Meistaradeildardrauginn á hilluna með fjórum sigrum í fimm leikjum eftir að liðið féll úr keppni í Meistaradeildinni. United er sem stendur níu stigum á eftir toppliði Chelsea.

„Það var skelfilegt að tapa gegn Benifca en við erum búnir að snúa genginu við. Við verðum að halda áfram á sömu braut og ef Chelsea misstígur sig erum við klárir að stökkva í slaginn. Við erum stolt lið sem þarf að halda sínu striki sjálfs okkar vegna sem og fyrir stuðningsmennina," sagði Ferguson.

- hbg

Garcia kemur eftir áramót

HSÍ ætlar að fá Jaliesky Garcia til landsins í byrjun ársins svo læknir landsliðsins, Brynjólfur Jónsson, geti metið hvort hann eigi möguleika að komast á EM.

HANDBOLTI Ekki er enn loku fyrir það skotið að Jaliesky Garcia Padron fari með íslenska landsliðinu á EM í Sviss. Hann tábrotnaði í byrjun nóvember og það leiddi til þess að hann lagðist undir hnífinn rétt fyrir jól. Félag hans, Göppingen, vill meina að hann verði ekki leikhæfur fyrir EM sem hefst 26. janúar en Garcia vill láta á það reyna hvort hann verði ekki búinn að jafna sig fyrir mótið.

HSÍ mun fljúga honum til landsins 5. janúar og hann mun fara strax í skoðun hjá Brynjólfi Jónssyni, lækni landsliðsins. „Garcia vill reyna að sanna sig, sem er gott. Við tökum strax ákvörðun með framhaldið þegar Brynjólfur er búinn að skoða hann. Það verður hans að meta hvaða möguleikar eru í stöðunni," segir Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari, sem mun tilkynna fimmtánda leikmanninn í hópinn væntanlega á föstudag og mun svo halda sæti Garcia aðeins opnu. Þó Viggó kvarti ekki yfir viðhorfi Garcia er hann ekki eins ánægður með félag Garcia, Göppingen.

„Það er dónaskapur hjá þeim að láta okkur ekki vita af því að maðurinn sé að fara í aðgerð. Þeir segja að hann geti ekki spilað og þá er hann að taka sæti í hópnum af öðrum því við fáum ekki að vita af þessu fyrr en við erum búnir að senda inn hópinn," sagði Viggó en Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, staðfesti við Fréttablaðið í gær að HSÍ hefði borist fax frá Göppingen um uppskurðinn eftir að Garcia hafði lagst undir hnífinn og eftir að Einar hafði talað við Garcia persónulega á sjúkrabeðinum.

Einar er sammála Viggó í því að vinnubrögð Göppingen séu ekki til fyrirmyndar og telur slæmt að allar ákvarðanir um málið hafi verið teknar án nokkurs samráðs við HSÍ.

henry@frettabladid.is

JALIESKY GARCIA PADRON Þáttaka hans á EM í Sviss er í miklu uppnámi en það verður læknir íslenska landsliðsins, Brynjólfur Jónsson, sem tekur ákvörðun um framhaldið eftir að hafa skoðað Garcia. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

VINIR OG FÉLAGAR Það ríkir enn ást á milli Owens og Gerrard. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Steven Gerrard:

Svekktur vegna Owens

FÓTBOLTI Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, gerðist svo djarfur að gagnrýna hluta af stuðningsmönnum Liverpool eftir leikinn gegn Newcastle en honum líkaði ekki að heyra baul úr stúkunni hjá þessum fáu einstaklingum þegar Owen var kynntur til leiks.

„Ég er vonsvikinn. Hann á að vera goðsögn hjá félaginu vegna allra markanna sem hann hefur skorað fyrir félagið. Það átti ekki að baula á hann þar sem hann átti skilið að fólk stæði upp fyrir honum," sagði Gerrard en sumir af stuðningsmönnum gerðu grín að Owen í leiknum og spurðu hann að því hvar hann hefði verið í Istanbul og af hverju hann hefði ekki gengið í raðir stórs félags.

- hbg

Larry Bird, forseti Indiana Pacers, opnar sig:

Finnst Ron Artest hafa svikið sig illilega

KÖRFUBOLTI Larry Bird, forseti Indiana Pacers, hefur loksins tjáð sig um beiðni Rons Artest, sem hefur farið fram að verða skipt til annars félags. Bird finnst Artest vera að svíkja sig enda stóð Pacers, og Bird, þétt við bak Artests eftir slagsmálin frægu í Detroit.

„Ég veit ekki hvort það er rétt að segja það en mér finnst ég hafa verið svikinn. Við hjá félaginu erum mjög vonsvikin með þessa hegðun. Mér hefur alltaf líkað vel að vinna með honum og hann er einn af tólf bestu leikmönnum deildarinnar en við verðum að halda áfram. Það er nóg komið. Ronnie mun halda áfram að spjara sig í deildinni en það verður ekki hjá okkur," sagði Bird, sem er nýkominn úr tíu daga „njósnaferðalagi" í Evrópu.

Indiana vill helst senda Artest til félags í Vesturdeildinni en meðal þeirra félaga sem hafa verið nefnd eru Denver, LA Clippers, Minnesota, Golden State, Sacramento, Atlanta og LA Lakers. Það verður erfitt fyrir Bird að finna arftaka Artest enda er hann frekar lágt launaður miðað við getu.

- hbg

EKKI SÁTTUR VIÐ ARTEST Larry Bird gefur lítið fyrir hegðun Rons Artest. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

NUNO MANICHE Aftur á leið til Mourinho? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Chelsea:

Að kaupa Maniche?

FÓTBOLTI Samkvæmt fréttum frá Portúgal bendir flest til þess að portúgalski landsliðsmaðurinn Maniche sé á leið til Chelsea en Atletico Madrid hefur einnig verið á höttunum eftir honum.

Portúgölsk blöð greindu frá því í gær að Chelsea hefði náð samkomulagi við Dinamo Moskvu. Maniche gekk í raðir rússneska liðsins fyrir sex mánuðum síðan en hefur átt erfitt með að aðlagast rússnesku líferni og vill því komast burt hið fyrsta.

Maniche er löglegur til að leika í Evrópukeppni, sem gerir hann mjög fýsilegan kost. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, þekkir vel til kappans, sem var lykilmaður í Evrópumeistaraliði Porto sem Mourinho stýrði. **- hbg**

GRAEME SOUNESS Sár yfir því að Crouch skyldi sleppa með gult. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Graeme Souness:

Crouch hefði átt að fá rautt

FÓTBOLTI Graeme Souness, stjóri Newcastle, var ekki sáttur við að Peter Crouch skyldi sleppa við rautt spjald þegar Lee Bowyer var hent af velli í leik Liverpoool og Newcastle. Bowyer fékk rautt fyrir tæklingu á Xabi Alonso en Crouch slapp með gult fyrir að hrinda Bowyer í kjölfarið.

„Ég sá ekki atvikið sjálfur en þeir sem stóðu næst mér segja að hann hefði átt að fá líka rautt spjald," sagði Souness. „Annars ætla ég ekki að verja Bowyer enda eru menn alltaf komnir í vandræði þegar þeir lyfta báðum fótum af jörðinni." **- hbg**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

25 26 27 **28** 29 30 31

Miðvikudagur

SJÓNVARP

- 11.45 **Heimsbikarinn á skíðum** á Sýn.
- 19.00 **Aflraunir Arnolds** á Sýn.
- 19.30 **Bestu bikarmörkin** á Sýn.
- 20.25 **Meistaradeildin** á Sýn. Leikur Liverpool og AC Milan.
- 22.20 **Landsbankadeildin** á Sýn.

ÞUNGBÆR ATHÖFN Tony Dungy sést hér koma til kistulagningarinnar um helgina en hundruð manna mættu og sýndu honum og fjölskyldu hans stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Þjálfari besta liðs NFL-deildarinnar farinn í frí:

Sonurinn framdi sjálfsmorð

NFL Indianapolis Colts er besta liðið í ameríska fótboltanum í ár og tryggði sér heimaleikjarétt út úrslitakeppnina með því að vinna þrettán fyrstu leiki sína í NFL-deildinni. Liðið hefur í kjölfarið slaka á klónni og byrjað að búa sig undir úrslitakeppnina. Fyrir vikið hafa síðustu tveir leikir tapast.

Aðeins ein umferð er eftir af deildarkeppninni og ekki er búist við því að Tony Dungy, þjálfari Colts, stýri liðinu í lokaleiknum. Ástæðan er sú að átján ára sonur hans lést 22. desember og bráðabirgðakrufning hefur leitt í ljós að hann framdi sjálfsmorð. Dungy-hjónin jarðsettu son sinn í Tampa í gær en ætla síðan saman í frí þar sem þau munu reyna að vinna úr sorginni.

Allt Colts-liðið flaug til Tampa til að vera viðstatt útförina en þar voru einnig fjölmargir aðrir leikmenn úr NFL-deildinni sem og eigendur en margir þeirra stóðu í röð í þrjá tíma til þess að geta vottað hinum látna virðingu sína í kistulagningunni. **- hbg**

Almenningur í Hollandi er óánægður með Van Basten

Marco van Basten og Johan Cruyff, forkálfar hollenska landsliðsins í knattspyrnu, liggja undir mikilli gagnrýni í heimalandi sínu fyrir að reyna að veita tvítugum afríkubúa ríkisborgararétt án þess að hann eigi nokkurt tilkall til hans.

FÓTBOLTI Salomon Kalau er 20 ára vinstri fótar vængmaður hjá Feyenoord í Hollandi og þykir einn besti leikmaður liðsins. Hann er fæddur í bænum Oume á Fílabeinsströndunum en hefur búið og leikið fótbolta í Hollandi síðustu tvö og hálft ár. Hann á ekki hollenska konu, hann á ekki börn með hollenskri konu og það vottar ekki fyrir hollensku blóði í æðum hans. Tengsl hans við Holland eru engin, fyrir utan þau að hann fær sitt lifibrauð af því að spila fótbolta í landinu. Þrátt fyrir þetta er Marco van Basten, þjálfari hollenska landsliðsins, vongóður um að hann nái að koma því í kring að Kalau fái hollenska ríkisborgararétt áður en HM hefst á næsta ári, en þar hefur Van Basten hugsað Kalou sem helsta vængmann liðsins ásamt Arjen Robben.

Van Basten hefur, ásamt Johan Cruyff sem vinnur með honum í þessu verkefni, mátt þola mikla gagnrýni frá almenningi í Hollandi sem eins og gefur að skilja þrífst á eigin þjóðerniskennd og vilja meina að það sé engin þörf á utanaðomandi leikmanni í landsliðið sitt - nóg sé af frambærilegum fótboltamönnum sem engin vafi leikur á að séu hollenskir. Ljái þeim það enginn að hafa þá skoðun.

Umræðan um að veita utanaðkomandi afreksmönnum í íþróttum ríkisborgararétt er ekki ný af nálinni og skýtur upp kollinum með reglulegu millibili. Þekktasta dæmið um slíkt er mál langhlauparans Zolu Budd sem hefði aldri náð að keppa á ÓL í Los Angeles án þess að hafa fengið breskan ríkisborgararétt á mettíma. Þó að veiting ríkisborgararéttarins hafi verið mjög umdeild á sínum tíma gat Zola varið sig á bakvið þá staðreynd að afi hennar var breskur.

Svo er ekki með Kalau. Samkvæmt reglum hollenska ríkisins þurfa innflytjendur að vera búsettir á landinu í lágmark fimm ár til að geta átt möguleika á ríkisborgararétti og vantar honum tvö og hálft ár til að uppfylla það skilyrði. Hins vegar eru Van Basten, Cruyff og félagar í hollenska knattspyrnusambandinu að reyna að fá undanþágu með því að vísa í klásúlu í reglunum sem segir að „menningarleg verðmæti" geti fengið réttinn án þess að uppfylla skilyrðið um fimm ára búsetu. Einhverjir kunna að efast um tenginuna á milli fótbolta og menningar en engu að síður eru rök knattspyrnusambandsins þau að „menningarlegt verðmæti" Kalau felist í hæfileika hans til að spila fótbolta á það háu stigi að hann geti aflað peninga til hollensks samfélgs með því að vera seldur frá Feyenoord. Í því samhengi sé HM besti mögulegi leikmannaglugginn og að evrópskt vegabréf myndi gera stórlöðum Evrópu mun auðveldara fyrir að geta notað hann.

Dómur í máli Kalau mun líklega falla í byrjun nýs árs og telja sérfræðingar að mjög líklegt sé að Kalau fái ríkisborgararéttinn og setji þannig nýja viðmiðun í viðleitni þjóða við að veita ríkisborgararétt. Og fari svo að hann verði valinn í HM-landsliðshópinn hjá Van Basten, eins og reyndar allt bendir til, ræður kaldhæðni örlaganna því að hann mun tengjast blóðböndum á HM því bróðir hans Bonaventure, sem leikur með Paris St. Germain í Frakklandi, er nefnilega fastamaður í landsliði Fílabeinsstrandarinnar. Þeir munu því brjóta blað í sögu HM með því að vera fyrstu bræðurnir til að mætast í lokakeppni HM.

vignir@frettabladid.is

ÓVINSÆLL Líkegt er að Salomon Kalau verði ekki vinsælasti leikmaðurinn í hollenska landsliðinu fari svo að hann fái ríkisborgararétt. Almenningur í Hollandi vill ekki sjá hann í liðinu og vill meina að hann eigi sætið einfaldlega ekki skilið.

MARCO VAN BASTEN Harðlega gagnrýndur í Hollandi.

JOSE MOURINHO Ánægður með Crespo og Drogba.

Jose Mourinho:

Skiptir á milli framherja

FÓTBOLTI Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segir að hann muni leyfa öllum framherjum sínum að spreyta sig nánast jafn mikið yfir jólatörnina. Hernan Crespo var mjög óvænt í byrjunarliðinu gegn Fulham og þakkaði traustið með því að skora sigurmark Chelsea í leiknum. Eftir leikinn gaf Mourinho sterklega í skyn að Didier Drogba, sem kom inn á sem varamaður gegn Fulham, myndi byrja inni á í næsta leik gegn Man. City í kvöld.

„Ég er mjög ánægður með framherjana mína. Crespo og Drogba eru mjög ólíkir framherjar og ég vel þá í liðið eftir því hverjir andstæðingar okkar eru. Hins vegar er mikið álag yfir hátíðarnar og ég tel líklegt að þeir fái tvo leiki hvor," sagði Mourinho en athygli vekur að hann minnist ekkert á okkar mann Eið Smára Guðjohnsen og svo virðist sem að portúgalski stjórinn sé farinn að líta á hann fyrst og fremst sem miðjumann. **- vig**

Diego Armando Maradona:

Spilar hann í 4. deildinni?

FÓTBOLTI Knattspyrnuhetjunni Diego Armando Maradona hefur verið boðið að spila með argentínska 4. deildar liðinu Excursionistas út tímabilið. Forráðamenn félagsins tóku Maradona á orðinu en í nýlegum sjónvarpsþætti lýsti hann yfir áhuga sínum á að spila knattspyrnu opinberlega á ný en að það yrði að vera með neðrideildar liði. „Það er minni pressa þar," sagði Maradona, sem spilaði í góðgerðaleik fyrir Zico, gamlan landsliðsmann Brasilíu, rétt fyrir jól og sýndi að hann kann ennþá sitthvað fyrir sér í íþróttinni.

„Þegar ég sá viðtalið fæddist þessi hugmynd undir eins. Við höfum mikinn áhuga á því að hafa Maradona í okkar liði," segir Armando Mainoli, forseti Excursionistas.

Maradona hefur ekki enn gefið svar en hann spilaði síðasta í alvöru fótboltaleik árið 1997. „Við yrðum mjög stoltir af því að sjá Maradona í treyju Excursionistas og vonum að hann taki tilboði okkar," segir Mainoli. **- vig**



ROBERT PIRES Vill tveggja ára samning við Arsenal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Robert Pires:

Fær kannski 2 ára samning

FÓTBOLTI Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hefur gefið það í skyn að hann muni hugsanlega semja við Robert Pires til tveggja ára en það væri stefnubreyting af hans hálfu þar sem hann hefur alltaf boðið leikmönnum yfir þrítugt eins árs samning.

„Það er alltaf hægt að gera undantekningar. Hann er mjög mikilvægur leikmaður og hefur alltaf verið stór hluti af liðinu," sagði Wenger, sem mun setjast að samningaborðinu með Pires í janúar en Pires getur á þeim tíma einnig rætt við önnur félög enda aðeins sex mánuðir eftir af samningnum hans.

Chris Coleman, stjóri Fulham:

Mjög ánægður með Heiðar

FÓTBOLTI Chris Coleman, knattspyrnustjóri Fulham, greindi frá því í gær að hann hefði verið mjög ánægður með frammistöðu Heiðars Helgusonar í tapleiknum gegn Chelsea á öðrum degi jóla. Heiðar hefur ekki fengið mörg tækifæri hjá Coleman í vetur en var óvænt í byrjunarliðinu gegn Chelsea þar sem hann skoraði annað marka Fulham úr vítaspyrnu.

„Við ákváðum að breyta leikkerfinu örlítið og þess vegna var Heiðar í liðinu. Mér fannst hann og Brian McBride vera framúrskarandi í framlínunni," sagði Coleman.

- vig

TRÖLLIÐ OG HLUNKARNIR Shaq gæti fengið frí frá Alonzo Mourning á næstu æfingum og þess í stað þurft að glíma við litla feita karla með bleyju. SAMSETT MYND/KRISTINN

Shaq látinn æfa sig gegn súmóglímuköppum

Pat Riley, þjálfari Miami Heat, er með nýstárlegar þjálfunaraðferðir fyrir miðherjann sinn, Shaquille O´Neal. Hann ætlar að láta súmókappa berja á tröllinu því Shaq er í slíkum átökum í hverjum einasta leik.

KÖRFUBOLTI Shaquille O´Neal hló í fyrstu þegar hann heyrði af hugmyndinni að láta feita menn með bleyju æfa gegn honum. Hann sá ekki hvernig það ætti að gera hann að betri leikmanni. Hann hlær ekki mikið í dag því svo virðist sem Pat Riley, þjálfari Miami Heat, ætli að láta verða af hugmyndinni og eru eflaust margir til í að borga háar fjárhæðir til að fylgjast með súmóköppunum gegn Shaq á körfuboltavellinum. Mennirnir sem koma til greina í starfið eru í sama þyngdarflokki og Shaq en talsvert lægri.

„Við ætlum að láta þá setja þunga sinn á Shaq og hann mun ekki komast upp með að bakka í gegnum þá. Síðan þarf hann að taka 100 stökkskot og 100 húkkskot," sagði Riley, sem sér lítinn mun á því hvernig súmókapparnir og miðherjar NBA-deildarinnar verjast Shaq.

Súmóglímur taka venjulega 10-15 sekúndur og þá takast á tveir fílefldir karlmenn sem ýta hver öðrum út úr litlum hring. Að verjast Shaq snýst nákvæmlega um það sama. Að henda honum frá körfunni með öllum tiltækum ráðum.

„Eina leiðin sem andstæðingarnir hafa til að verjast Shaq er að komast í góða stöðu eða hreinlega að halda honum eða hrinda," sagði Alonzo Mourning, sem leysir Shaq af hjá Heat og veit manna best við hvað Shaq þarf að glíma á degi hverjum í vinnuni.

Andstæðingar Shaq nota oftast báðar hendur, og jafnvel olnboga, til að halda Shaq frá körfunni. Ef Shaq myndi verjast af álíka kappi myndu andstæðingarnir fjúka upp í stúku og hann myndi horfa á flesta leiki af hliðarlínunni með sex villur á bakinu. Það er talið eitt verst geymda leyndarmál deildarinnar að Shaq kemst ekki upp með það sama og andstæðingarnir.

Miami er orðið þreytt á því að aðrir leikmenn komist upp með hluti sem Shaq gæti aldrei komist upp með en í stað þess að væla stanslaust ætlar Riley að nota þessa nýstárlegu aðferð til að gera Shaq að betri leikmanni. Verður áhugavert að fylgjast með framhaldinu.

henry@frettabladid.is

THIERRY HENRY Fer hann til Barcelona? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Thierry Henry:

Hugsar ekki um Barca

FÓTBOLTI Franski framherjinn Thierry Henry gerði sitt besta til þess í gær að draga úr sögusögnum um að hann væri á leið til Barcelona en sem kunnugt er hefur spænska liðið lýst því yfir að það ætli að gera allt sem það getur til að fá Henry til félagsins næsta sumar.

„Mér líkar að fólk hafi áhuga á mér en eins og staðan er þá er ekkert að gerast. Ég er að spila með Arsenal og við erum að einbeita okkur að Evrópukeppninni," sagði Henry, sem kaupir væntanlega fá prik með þessum yfirlýsingum sem eru loðnar og eftir því var tekið að hann aftekur ekki að ganga í raðir spænska liðsins. Þess vegna hafa þessar yfirlýsingar styrkt marga í trúnni að hann muni fara til Spánar næsta sumar en samningur hans við Arsenal rennur út árið 2007. **- hbg**

John Arne Riise:

Liverpool á litla von

FÓTBOLTI John Arne Riise, norski landsliðsmaðurinn í herbúðum Liverpool, viðurkenndi í samtali við norska fjölmiðla í gær að lið hans ætti litla möguleika á enska meistaratitlinum á meðan Chelsea er í sama formi og af er leiktíðinni. Þrátt fyrir frábært gengi að undanförnu er Liverpool enn fimmtán stigum á eftir Chelsea en á reyndar tvo leiki til góða.

„Það eina sem við getum gert er að halda áfram að vinna og vona að Chelsea skriki fótur. En málið er að liðið tapar varla stigi. Það er erfitt að ná slíkum liðum," segir Riise en Liverpool hefur unnið átta leiki í röð. **- vig**

Stórleikur ársins í þýska handboltanum fór fram í gærkvöldi:

Ótrúlegur hraði Kiel skilaði sigri

HANDBOLTI Kiel er komið í afar góða stöðu í baráttunni um þýska meistaratitilinn í handbolta eftir frækinn 32-34 útisigur á Gummersbach í gærkvöldi fyrir framan tæplega tuttugu þúsund manns í íþróttahöllinni í Köln. Leikurinn var frábær skemmtun frá upphafi til enda þar sem áhorfendur fengu að sjá handbolta eins og hann gerist bestur. Kiel er nú komið með 34 stig á toppi þýsku deildarinnar, þremur stigum meira en Flensburg sem sigraði botnlið Delitzch í gær. Eftir frábæra byrjun á tímabilinu er Gummersbach dottið niður í þriðja sæti og virðist vera búið að missa af lestinni. Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson fengu úr litlu að moða í leiknum í gær en skiluðu báðir sínu og vel það.

Ótrúlegur hraði í sóknarleiknum er það sem einkennir Kiel og í leiknum gegn Gummersbach í gær nýtti liðið sér þann styrkleika til hins ítrasta. Langstærstur hluti þeirra 34 marka kom eftir annað hvort snilldarlega útfærð hraðaupphlaup eða hraða miðju og má nánast telja þær sóknir liðsins í leiknum sem voru yfir fimmtán sekúndna langar á fingrum annarar handar. Kiel bókstaflega keyrði yfir heimamenn í upphafi beggja hálfleika og náði 3-8 forystu eftir rúmlega tíu mínútna leik. Þegar á hægði náði Gummersbach að minnka forskotið niður í 10-9 en þá gaf Kiel í að nýju og náði tveggja marka forystu fyrir hálfleik, 14-16.

RÓBERT GUNNARSSON Var í strangri gæslu allan leikinn í gær en náði engu að síður að skora fjögur góð mörk af línunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gestirnir hófu síðari hálfleikinn með látum, komust í 14-19 og síðan 19-26, en með mikilli baráttu og harðfylgi náði Gummerbach að saxa jafnt og þétt á forskot Kiel. Þegar þrjár mínútur voru eftir minnkaði Daniel Narcisse, franski landsliðsmaðurinn hjá Gummersbach, muninn í 30-31 en reynsla leikmanna Kiel vóg þungt á endanum þar sem Stefan Lövgren fór fremstur í flokki. Lokatölur urðu 32-34 þar sem Róbert skoraði eitt fjögurra marka sinna á síðustu sekúndu leiksins.

Róbert var, rétt eins og Guðjón Valur, í strangri gæslu hjá leikmönnum Kiel allan leikinn en Guðjón náði engu að síður að skora sex mörk, flest úr hraðaupphlaupum og vítaköstum. Narcisse var markahæstur liðsins með tíu mörk en hjá Kiel skoruðu þeir Marcus Ahlm, Viktor Szilagyi og Nikola Karabatic allir sex mörk.

Allur pakkinn

6600GT skjákort

300GB harður diskur

1024MB vinnsluminni

Frábært tilboð

19"

12ms Gamer skjár
500:1 í skerpu

5.118*

MEDION V8

8077IS

MEDION V8 X2
- 19" "gamerskjár"
- Intel Pentium4 Dual Core 820 (2.8GHz)
- nVidia GeForce 6600 256MB PCIX
- 1024MB DDR2 (512MB*2) Vinnsluminni
- 300GB, 7.200rpm, 2MB Cache, S-ATA
- DVD skrifari 16x Dual Layer
- DVD drif 16x
- Medion Media Bay
- Þráðlaust lyklaborð og geislamús
- Microsoft Windows XP home edition
- Power DVD 8-channel
- Nero 6 Burning ROM • Nero Recode
- CA eTrust Antivirus (90 days)
- Windows Movie Maker klippihugbúnaður

POWERED BY DDR MEMORY

DVD R/RW

VERÐLAUNATÖLVUR FRÁ ÞÝSKALANDI

64 BITA
64 bita örgjörvi
Með nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki á mun meiri hraða. Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.

DUAL CORE
Ný bylting í heimilistölvum - Tveir örgjörvar á einum og sama kubbnum. Allt að tvöföld afköst í mörgum forritum. Nú geturðu gert meira á styttri tíma

1024 MB
1024MB DDR2 vinnsluminni
Tölvan er útbúin tveimur 512MB DDR2 minniskubbum sem vinna báðir í einu en það eykur vinnsluhraða tölvunnar svo hún verður mun sprækari.

NVIDIA GeForce 6600 GT 256MB Skjákort
Eitt allra hraðasta skjákortið í leikina. Öll nýjasta tæknin eins og PCI-Express, Direct X 9.0, Shader Model 3.0, CineFX 3.0 og fleira. Hægt að tengja tvo skjái.

VÍS **5.118***
Tölvukaupalán 48 mán.

MasterCard VISA **14.999****
Vaxtalaust 12 mán.

179.988
Staðgreitt

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknir er afgreidd á staðnum.

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Klikkaðir kaupaukar!

Panasonic

MiniDv videóvél NVGS17B

Stafræn tökuvél

DV tengi og USB2
Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar.

2.5" Litaskjár
Hágæða LCD litaskjár sem þú snýrð eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum.

Klipptu myndskeiðin úr Panasonic tökuvélinni þinni í Medion V8 ofurtölvunni þinni og...

...brenndu á DVD disk og sendu t.d. ömmu og afa í jólagjöf...

...algjör snilld

Gleðilegt sítt hár!

FYLGIR 35.988

FYLGIR 2.999

Gjafabréf hjá tónlist.is

FYLGIR 1.999

Fanatastic 4 á DVD

MEDION

Viltu hafa tvo skjái?

1.999 krónur

til viðbótar á mánuði fyrir auka skjá!

19" FLATUR SKJÁR

Tilboð á aukaskjá

FYLGIR*

*fjölskyldupakki fylgir öllum Medion tölvum

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

dagskrá

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„The Jews taught me this great word. „Schmuck“. I was a schmuck, and now I'm not a schmuck.“

Svar:
Frank úr kvikmyndinni Scrooged frá árinu 1988

VIÐ TÆKIÐ SJÓNVARPIÐ BRÁST ÞÓRARNI ÞÓRARINSSYNI UM JÓLIN

Þegar Bourne bjargaði jólunum

Einhvern tíma lögðu sjónvarpsstöðvarnar umtalsverðan metnað í dagskrá sína yfir jólin. Þessi ágæti siður virðist hafa lagst af með aukinni samkeppni þar sem úrvalið á stöðvunum yfir drepleiðinlega hátíðisdagana var með eindæmum slappt. Nú gengur sú saga fjöllum hærra að jólin séu mikil fjölskyldu- og samveruhátíð og því ætti sjónvarpið auðvitað ekki að koma mikið við sögu. Í það minnsta ekki á góðum heimilum hjá alvöru smáborgurum. Meðal lúðinn er sjálfsagt ekkert að láta sjónvarpsdagskrána trufla sig og því ætti að miða dagskrána við þá sem eru einir og hafa ekkert að gera sér til dundurs á meðan kærleikur og vinarþel kaffæra þá sem eyða drjúgum hluta ársins, þar fyrir utan, fyrir framan sjónvarpið.
Ríkissjónvarpið setti nýtt heimsmet í leiðindum á aðfangadagskvöld með aftansöng og endalausu gauli. Þarna hefði verið nær að raða inn eins og þremur til fjórum spennumyndum. Stöð 2 stóð sig litlu betur og bauð upp á Forrest Gump. Mynd sem hefði getað leitt jóladagskrá fyrir tæpum áratug eða svo. Aðrar stöðvar tekur því ekki að minnast á.

RÚV hélt sínu striki á jóladag með meira gauli, lúnu leikriti og sætri, ljúfri breskri jólamynd sem var sýnd við metaðsókn í kvikmyndahúsum fyrir tveimur árum. En rétti úr kútnum um nóttina með The Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Stöð 2 tókst með naumindum að halda andliti með Troy og Road to Perdition en allar eiga þessar myndir það sameiginlegt að geta dúkkað upp á hvaða laugardagskvöldi sem er. Það var því algerlega tíðindalaust á sjónvarpsvígstöðvunum þessi jólin og það segir allt sem segja þarf að miðlungs spennumyndin The Bourne Identity, sem RÚV bauð upp á á öðrum degi jóla, ber höfuð og herðar yfir þær bíómyndir sem voru í boði þessa þrjá daga. Það er ekki mikið spunnið í sjónvarpsjól ef Matt Damon getur bjargað þeim.

JASON BOURNE Þessi utangátta ungi maður bjargaði sjónvarpsjólunum.

▶ **22.20** *Heimildamynd*

BOB DYLAN

▶ **21.15** *Spjall*

OPRAH

▶ **21.00** *Keppni*

SO YOU THINK YOU CAN DANCE

▶ **22.30** *Gaman*

SEX AND THE CITY

▶ **19.00** *Íþróttir*

AFLRAUNIR ARNOLDS

SJÓNVARPIÐ

8.45 Heimsbikarkeppnin á skíðum **11.45** Heimsbikarkeppnin á skíðum

12.45 Hlé **16.25** Mohammed El-Baradei **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Steini (30:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (15:42)

18.31 Líló og Stitch (53:65)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.35 Bráðavaktin (15:22) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.
21.25 Aukaleikarar (1:6) (Extras) Bresk gamanþáttaröð eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda Skrifstofunnar.
22.00 Tíufréttir
▶ **22.20 Bob Dylan (2:2)** (No Direction Home: Bob Dylan) Ný heimildamynd eftir Martin Scorsese um bandaríska söngvaskáldið Bob Dylan og feril hans á árunum 1961-1966.

23.55 Franski skiptineminn **1.25** Kastljós **2.20** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Strong Medicine **11.05** Whose Line is it Anyway **11.30** Night Court **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.55** Í fínu formi 2005 **13.10** Fresh Prince of Bel Air **13.35** Whose Line Is it Anyway? **14.00** Sjálfstætt fólk **14.35** Kevin Hill **15.20** Að hætti Sigga Hall **16.00** Ginger segir frá **16.25** BeyBlade **16.45** Smá skrítnir foreldrar **17.10** Könnuðurinn Dóra **17.35** Tracey McBean **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.35 The Simpsons (10:22) (Simpson-fjölskyldan 11)
20.00 Strákarnir
20.30 Supernanny (8:11) (Ofurfóstran í Bandaríkjunum) Ofurfóstran Jo Frost er kominn til Bandaríkjanna.
▶ **21.15 Oprah (22:145)** Söngkonan Beyoncé ræðir við Opruh um nýjustu ástríðu sína, fatahönnun, en hún setti nýverið á markað sína eigin fatalínu.
22.00 Missing (8:18) (Mannshvörf)(Cop Out) Spennumyndaflokkur.
22.45 Strong Medicine (12:22) (Samkvæmt læknisráði 4)(Jeaneology).

23.30 Footballer's Wives **0.40** Numbers (B. börnum) **1.25** Red Dragon (Str. b. börnum) **3.25** Twenty Four 3 **4.15** Twenty Four 3 **4.55** Fréttir og Ísland í dag **6.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 Fréttir NFS
19.00 Game TV
19.30 Game TV
20.00 Friends 5 (20:23)
20.30 Party at the Palms (6:12)
▶ **21.00 So You Think You Can Dance (12:12)** Lokaþáttur. Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt þar sem þeir leita að besta dansara Bandaríkjanna. Þar fá dansararnir að vinna með bestu danshöfundum landsins þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari. Þættirnir slógu rækilega í gegn í Bandaríkjunum í sumar.
21.50 Rescue Me (13:13) (Justice)
22.35 Laguna Beach (2:17)

23.00 Fabulous Life of (7:20) **23.25** Friends 5 (20:23) (e) **23.50** The Newlyweds (18:30) **0.15** Tru Calling (18:20)

SKJÁREINN

17.20 Cheers – 9. þáttaröð **17.45** 10th Kingdom (3/5) (e)

19.20 Fasteignasjónvarpið (e)
19.20 Fasteignasjónvarpið (e)
19.30 Will & Grace (e)
20.00 10th Kingdom (4/5) Jólasería Skjás eins verður The 10th kingdom, ævintýraþættir fyrir alla fjölskylduna.
21.45 Law & Order: SVU Ný þáttaröð sem segir frá lífi og glæpum í sérdeild í New York-lögreglunni.
▶ **22.30 Sex and the City – 3. þáttaröð** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd fyrir lítið dagblað og á í haltu-mér-slepptu-mér-sambandi við dularfullan herramann sem kallaður er hr. Big. Þegar fjóreykið er samankomið valda þær oft umróti í hverju sem þær taka sér fyrir hendur, einkum Samantha.

23.00 Jay Leno **23.45** Magnum Force **1.20** Cheers – 9. þáttaröð (e) **1.45** NÁTTHRAFNAR **1.45** Everybody loves Raymond **1.50** Da Vinci's Inquest **2.35** Fasteignasjónvarpið (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

SÝN

besta sætið

18.00 Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

18.30 Timeless (Íþróttahetjur)
▶ **19.00 Aflraunir Arnolds** (Arnold Schwarzenegger Classic) Árlega flykkjast bestu keppnismennirnir til Ohio í Bandaríkjunum og taka þátt í móti sem kennt er við Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra í Kaliforníu, sem var mikill íþróttagarpur á árum áður. Keppt er í nær öllum greinum bardagaíþrótta auk fitness, fimleika, lyftinga og vaxtarræktar svo fátt eitt sé nefnt.
19.30 Bestu bikarmörkin (Newcastle United Ultimate Goals)
20.25 UEFA Champions League (Liverpool – AC Milan)
22.20 Landsbankadeildin (Landsbankadeildin 18. umferð).

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Head of State **8.00** The Reunion **10.00** City Slickers **12.00** Stuck On You **14.00** Head of State **16.00** The Reunion **18.00** City Slickers **20.00 Stuck On You** Bob og Walt Tenor gera allt saman enda eiga þeir ekki um annað að velja. Bræðurnir eru samvaxnir . **22.00 The Adventures of Pluto Nash** Smákrimminn Pluto Nash er kominn í feitt. **0.00** Jay and Silent Bob Strike Bac (Str. b. börnum) **2.00** Stiff Upper Lips (Bönnuð börnum) **4.00** The Adventures of Pluto Nash (B. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 Uncut **13.00** E! News **13.30** Celebrity Friends Gone Bad **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **18.00** The E! True Hollywood Story **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Party @ the Palms **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** It's Good To Be **1.00** Party @ the Palms **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

12.00 Chelsea – Fulham frá 26.12 **14.00** Charlton – Arsenal frá 26.12 **16.00** Man. Utd – W.B.A. frá 26.12 **18.00** Þrumuskot (e)
19.30 Man. City – Chelsea (b) Leikir á hliðarrásum kl. **19:45** EB 2 Birmingham – Man. Utd. (b)
EB 3 Arsenal – Portsmouth (b)
EB 4 Newcastle – Charlton (b)
EB 5 Everton – Liverpool (b)

22.00 Birmingham – Man. Utd.

0.00 Arsenal – Portsmouth **2.00** Dagskrárlok

TRÚIR ÞÚ Á KARMA?

EARL ÆTLAR SÉR AÐ BÆTA UPP FYRIR ÖLL ÞESSI ÁR SEM HANN HEFUR EYTT SEM ALGER SKÍTHÆLL. EINN VINSÆLASTI GAMANÞÁTTURINN Í USA.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Extras **RÚV** kl. 21.25

Ný þáttaröð með Ricky Gervais

Aukaleikarar (Extras) er bresk gamanþáttaröð eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda hinnar feikivinsælu þáttaraðar The Office. Hér er fylgst með aukaleikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum en það gengur á ýmsu hjá þeim og þeir hafa sjaldnast erindi sem erfiði. Aðalhlutverk leika Ricky Gervais og Ashley Jensen en auk þess koma þekktir leikarar fram í eigin persónu, þar á meðal Ben Stiller, Kate Winslet og Samuel L. Jackson. Ben Stiller kemur fram í fyrsta þættinum og er þar að leikstýra sinni fyrstu alvarlegu bíómynd sem er um hörmuleg örlög Júgóslavans Gorans í Balkanskagastríðinu. Hver þáttur gerist við upptökur á nýrri kvikmynd. Þar eru Hollywood-stjörnur í sviðsljósinu en það nær ekki að skína á aðalpersónu þáttanna, Andy Millman. Andy er leikari sem hefur ekki fengið nein hlutverk síðan hann sagði upp í bankanum fyrir fimm árum en hann lifir enn í voninni.

TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar **6.45** Veðurfr. **6.50** Bæn **7.05** Morgunv. **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufsk. **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikf. **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit

12.03 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfr **12.50** Dánarfr.r **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpss.**14.30** Miðdegistónar **15.03** Valdabrölt í gegnum tíðina **16.10** Veðurfregnir **16.13** Tónlist á síðdegi **17.03**

Víðsjá **18.00** Kvöldfr. **18.25** Spegillinn **19.00** Vítinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Undir oki áróðurs **23.05** Fallegast á fóninn **0.10**

Útvarpað á samtengdum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jóla hvað.... **20.30** Jóla hvað.... **22.10** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

15.00 Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

23.00 Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

FRONTLINE

▶ **21.10**
Fréttir

7.00 Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

20.00 **Fréttir**
20.10 **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
20.45 **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes**
21.00 **Fréttir**
▶ **21.10** **Frontline** (Juvenile Justice) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
22.00 **Fréttir**
22.30 **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.30 Football: Gooooal ! **13.00** Football: UEFA Champions League **14.30** Football: Foot World Cup Season **16.00** Football: Football World Cup Season Legends **17.00** Football: Football World Cup Season Legends **18.00** Ski Jumping: World Cup Oberstdorf **19.30** Olympic Games: Olympic Torch Relay **19.45** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **20.00** Freestyle Motocross: X-fighters Madrid Arena Spain **21.00** Xtreme Sports: X-games 05 **22.00** Ski Jumping: World Cup Oberstdorf **23.00** Strongest Man: Olympic Team Hungary **0.00** Olympic Games: Olympic Torch Relay **0.15** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006

BBC PRIME

12.00 Keeping up Appearances **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.30** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** Animal Hospital – The Big Story **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** Nap Attack **21.00** The Divine Michelangelo **22.00** Final Demand **23.30** Two Pints of Lager & a Packet of Crisps **0.00** The Private Life of a Masterpiece **1.00** Masterclass **1.45** Personal Passions **2.00** Art and Its Historie

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Air Crash Investigation **13.00** Air Crash Investigation **14.00** Billabong Odyssey **16.00** TBC **17.00** Seconds From Disaster **18.00** Seconds From Disaster **19.00** Seconds From Disaster **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Seconds From Disaster **23.00** Seconds From Disaster **0.00** 2005 – The Earth in Review **1.00** The Day James Dean Died

ANIMAL PLANET

12.00 Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Temple of the Tigers **15.00** The Temple of the Tigers Revisited **15.30** Gelada Baboons **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Temple of the Tigers **21.00** The Temple of the Tigers Revisited **21.30** Gelada Baboons **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Growing Up... **2.00** The Snake Buster

DISCOVERY

12.05 Dangerman **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Mega-Wars **17.00** A 4x4 is Born **17.30** A 4x4 is Born **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Last Mysteries of the Titanic **22.00** Zero Hour **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Europe's Secret Armies

HRÓSIÐ

...fær hópur tónlistarmanna sem hyggst heiðra minningu tónlistarmannsins Elliotts Smith á tónleikum á Gauki á Stöng hinn 29. desember.

ÞRÍR SPURÐIR

Hvernig voru jólin?

Yndisleg jól

Þau voru bara alveg yndisleg. Jóladagur var sérstaklega dásamlegur því þá vorum við öll á náttfötunum allan daginn og gerðum ekkert. Það er ekki svo oft sem það gerist. Við erum búin að eyða tímanum með fjölskyldu og vinum og það er alltaf gott.

Margrét Kristín Sigurðardóttir söngkona.

Borðað, sofið og lesið

Þau voru bara dásamleg. Það var mikið borðað, mikið sofið og mikið lesið. Veðrið truflaði jólin mín ekki neitt þar sem veðrið hefur engin áhrif á svefn, lestur né át.

Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra Unifem.

Enduðu með trompi

Þau voru bara alveg frábær. Við nutum þeirra alveg í botn. Fórum í kirkju, borðuðum góðan mat og eyddum góðum stundum með ættingjum okkar. Svo enduðu jólin með trompi í fyrradag þegar ég söng með Milljónamæringunum á jólaballi.

Ragnar Bjarnason söngvari.

JÓLAGJÖF GARÐARS THÓRS: ÁTJÁN ÞÚSUND EINTÖK SELD

Mokaðist út á sex vikum

Fyrsta plata tenórsins Garðars Thórs Cortes seldist mest allra platna á Íslandi þetta árið, í rúmum átján þúsund eintökum. Árangurinn er sérlega merkilegur fyrir þær sakir að platan var gefin út fyrir aðeins sex vikum. Langt er síðan önnur íslensk plata hefur selst í svona mörgum eintökum á svo skömmum tíma.

„Þetta er framar okkar björtustu vonum og það er mikið þakklæti yfir því hvað Íslendingar tóku þessu vel," segir Einar Bárðarson hjá Plan B sem gefur plötuna út. Hann segir að bjartsýnisspár fyrirtækisins hafi hljómað upp á tíu þúsund seld eintök og því hafi þessi mikla sala komið mjög á óvart. „Það er samt vandað þannig til verks og þetta gert þannig að platan myndi ná árangri, sem hún síðan gerði. Við lögðum mikla vinnu í útsetningar og flugum um víðan völl til að taka upp til að allt yrði sem best á kosið. Ég held að það hafi allt saman skilað sér," segir Einar.

Hann segist ekki gera sér grein fyrir hverjir hafi keypt plötuna umfram aðra. „Þó að þetta sé kannski plata sem flokkast undir klassík og popp er hún samt mjög aðgengileg. Við reyndum að setja ekkert of þung lög inn í þetta og sneiða hjá því að fara yfir strikið í hvora átt."

Einar segir að vinsældir Garðars Thórs byggist fyrst og fremst á frábærum sönghæfileikum hans. „Hann er tenór með fallega og ríka rödd og er líka frábær manneskja. Það segja allir sem hafa hitt hann. Það er sama tilfinningin bæði í röddinni og hjá honum sem karakter og það hefur verið frábært að vinna með honum og pabba hans."

Einar vill ekki viðurkenna að búið sé að ákveða nýja plötu með Garðari Thór. „Við ætlum bara að njóta þess núna að hafa gefið út þessa plötu en það er ekki ólíklegt að hann reki nefið inn í hljóðver aftur," segir hann í léttum dúr. Garðar vill heldur ekkert gefa neitt upp um hvort önnur plata sé á leiðinni. „Það er best að hugsa um þessa fyrst en það koma örugglega fleiri plötur. Það er samt ekkert búið að plana neitt."



GARÐAR THÓR CORTES Tenórinn ungi sló í gegn fyrir þessi jól með sína fyrstu plötu, sem heitir einfaldlega Cortes.

Hann segist ekki hafa átt von á svona góðum viðbrögðum. „Ég er voða ánægður og átti ekki von á þessu. Þetta er skemmtileg jólagjöf," segir Garðar, sem um þessar mundir er að búa sig undir hlutverk prinsins Don Ramiro í Öskubusku sem verður frumsýnd í Íslensku óperunni 5. febrúar. Hann segist ekki mikið vera stöðvaður úti á götu þrátt fyrir vinsældirnar. „Fólk er voðalega pent. En það eru margir sem koma og óska mér til hamingju og ég er þakklátur fyrir það og segi bara takk."

Einar Bárðarson fer í seinni hluta janúar á Midem-tónlistarkaupstefnuna í Frakklandi þar sem hann mun kynna Garðar Thór enn frekar með erlendan markað í huga, rétt eins og hann gerði með stúlknasveitina Nylon á síðustu kaupstefnu með góðum árangri. „Auðvitað hljóta menn að spyrja sig hvort að svona plata eigi ekki erindi annars staðar. Það er augljóst að menn skoði þá fleti alla mjög alvarlega," segir hann og ætlar sér greinilega enn stærri hluti með tenórinn unga.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ensk þýðing nýjustu skáldsögu franska rithöfundarins og vandræðagemlingsins **Michel Houellebecq**, The Possibility of an Island, kom í bókaverslanir á Íslandi fyrir jól. Houellebecq hefur vakið mikla athygli fyrir bersöglar kynlífslýsingar í verkum sínum og er ekki alls staðar jafn vel liðinn enda telja sumir verk hans löðrandi í mannfyrirlitningu almennt auk þess sem hann hefur gert múslimum í Frakklandi lífið leitt með skrifum sínum. Tvær bækur Houellebecqs hafa komið út í íslenskri þýðingu Friðrks Rafnssonar og vakið verðskuldaða athygli. Nýja bókin ætti ekki síður að höfða til Íslendinga, ekki síst fyrir þær sakir að **Björk** okkar **Guðmundsdóttir** kemur þar við sögu. Aðalpersóna bókarinnar, vinsæll trúður og uppistandari, hittir söngkonuna í veislu hjá tímaritaútgefanda þar sem auk þessu eru mætt Tom Cruise og fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld. Björk kemur sögumanni fyrir sjónir sem eðlileg kona sem er fjarri því að vera jafn skrítin og hún vill vera láta. Þá lýsir sögupersóna Houellebecqs því hvernig Björk starir á forundran á Lagerfeld, sem ryður veitingum í sig eins og villimaður. Annars er Houellebecq við sama heygarðshornið og persónur hans úttala sig með klámkjafti og kvenfyrirlitningu.



Óskar Bergsson hefur gefið kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík. Það þykir hins vegar sérkennilegt upplegg hjá honum í byrjun prófkjörsbaráttu að beina spjótum sínum að flokksforystunni eins og hann gerði í Fréttablaðinu í gær. Óskar er þó enginn byrjandi þegar kemur að prófkjörum og ætti að kunna til verka þó hann hafi að vísu ekki riðið feitum hestum úr prófkjörsslag innan flokksins hingað til. Sagan bendir því til þess að Anna Kristinsdóttir standi betur að vígi en Óskar en fátt þykir geta komið í veg fyrir að **Björn Ingi Hrafnsson**, aðstoðarmaður forsætisráðherra, beri sigur úr býum í opnu prófkjörinu sem fer fram í janúar. Þar fyrir utan eru ekki öll kurl komin til grafar og heyrst hefur að fleiri sem geti styrkt listann íhugi að gefa kost á sér. - **þþ**



LÁRÉTT
2 vörumerki **6** sláturfélag **8** mas **9** pota **11** í röð **12** fold **14** óróleg **16** tveir eins **17** efni **18** drulla **20** í röð **21** skjótur.

LÓÐRÉTT
1 innsog **3** hljóm **4** töfrar **5** æst **7** súla **10** umfram **13** gagn **15** drasl **16** kóf **19** slá.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 lóð, **6** ss, **8** mal, **9** ota, **11** lm, **12** grund, **14** ókyrr, **16** kk, **17** tau, **18** aur, **20** rs, **21** fræ.
LÓÐRÉTT: 1 isog, **3** óm, **4** galdrar, **5** ólm, **7** stróður, **10** auk, **13** nýt, **15** rusl, **16** kaf, **19** rá

[VEISTU SVARIÐ]

1. Cicinho
2. Björn Ingi Hrafnsson, Anna Kristinsdóttir og Óskar Bergsson
3. Lech Kaczynski

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
RISARÆKJUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Skjár einn fær ekki Tarantino

Quentin Tarantino kemur til landsins í dag og heldur blaðamannafund á Hótel Nordica. Þar ætlar kappinn að kynna bíópartíið sem hann heldur í Háskólabíó 30. desember en sýndar verða þrjár kung fu-kvikmyndir sem hafa haft mikil áhrif á hann.

Stutt er síðan Tarantino var hér síðast en hann var viðstaddur heimsforsýningu kvikmyndarinnar Hostel sem leikstýrt var af góðvini hans Eli Roth. Tarantino kemur við sögu í sjónvarpi landsmanna en í upphafi næsta árs verður tveggja þátta syrpa í sakamálaþáttaröðinni CSI sýnd á Skjá einum en Tarantino bæði skrifar og leikstýrir þeim. Upphaflega gerðu framleiðendurnir bara ráð fyrir einum þætti en Tarantino hefur sjálfur sagt að hann geti ekki hætt þegar hann sé kominn af stað.

Hjá Skjá einum fengust þær upplýsingar að einhverjar tilraunir hefðu verið gerðar til að fá Tarantino til þess að kynna þættina.

TARANTINO Leikstýrir tveimur CSI-þáttum sem sýndir verða á Skjá einum í byrjun næsta árs.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ísleifur B. Þórhallsson hjá IFF, sem hefur veg og vanda af komu leikstjórans hingað til lands, taldi á hinn bóginn ólíklegt að það tækist. „Okkur hefur borist fjöldi fyrirspurna um hitt og þetta. Allur tíminn gæti farið í eitthvað svona," útskýrði hann en þættirnir verða sýndir 2. og 9. janúar.

Tarantino fer af landi brott 2. janúar og flýgur beint til New York en kvöldið eftir kemur hann fram í spjallþætti Conan O'Brien, sem er einn sá vinsælasti vestan hafs. Þar mun hann væntanlega látin gaminn geisa og segja frá hinni sprengjuóðu þjóð í norðri.

- fgg

OG 58 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR

REC

NÝR MYNDLYKILL SEM GEYMIR DAGSKRÁNA FYRIR ÞIG - STAFRÆNT

MEÐ NÝJUM STAFRÆNUM UPPTÖKULYKLI FRÁ DIGITAL ÍSLANDI GETUR ÞÚ…

- HORFT Á EINA SJÓNVARPSSTÖÐ OG TEKIÐ UPP AÐRA SAMTÍMIS
- ÝTT Á „PÁSU“ ÞEGAR ÞÉR HENTAR
- SPÓLAÐ TIL BAKA EF ÞÚ HEFUR MISST AF EINHVERJU
- NÝTT ÞÉR EINFALT UPPTÖKUVIÐMÓT TENGT DAGSKRÁRVÍSI
- HORFT Á UPPTÖKU FRÁ BYRJUN ÞÓ HÚN SÉ ENN Í GANGI
- VISTAÐ UPPTÖKU INN Á HARÐAN DISK

NJÓTTU ÞESS AÐ HORFA Á DAGSKRÁNA OKKAR – HVENÆR SEM ÞÉR HENTAR. ÞÚ FÆRÐ NÝJA STAFRÆNA UPPTÖKULYKILINN HJÁ VERSLUNUM OG VODAFONE OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚUM Á ÚTSENDINGASVÆÐI DIGITAL ÍSLANDS. VERÐ 7.990 KR. OG MÁNAÐARGJALD 790 KR.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Fáein orð um orður

Á nýársdag eigum við von á því að forsetinn útdeili fálkaorðunni við hátíðlega athöfn. Vonandi á meiri sátt eftir að ríkja um hana en orðuveitinguna á þjóðhátíðardaginn en þá fannst mörgum konur bera skarðan hlut frá borði. Aðeins tvær voru á meðal þeirra tólf sem þá voru heiðruð og það þegar níutíu ár voru liðin frá því íslenskar konur fengu kosningarétt.

SAMKVÆMT upplýsingum á heimasíðu forsetans gáfu konungshjónin Kristján X og Alexandrine út konungsbréf um stofnun fálkaorðunnar árið 1921. Þar segir: „Oss hefur þótt rétt, til þess að geta veitt þeim mönnum og konum, innlendum og útlendum, sem skarað hafa fram úr öðrum í því að efla heiður og hag fósturjarðarinnar að einhverju leyti, opinbera viðurkenningu, að stofna íslenska orðu, sem Vér viljum að sé nefnd „Íslenski fálkinn“.“

ÞRÁTT fyrir óskir um að orðan yrði veitt báðum kynjum fann orðunefndin ekki fleiri konur í sumar sem gert höfðu fósturjörðinni meira gagn en almennt þykir sjálfsagt og lét því þessar tvær duga.

Í kjölfarið kom upp sú hugmynd að konur stofnuðu til sinnar eigin orðu. Í fyrstu fannst mér það ágæt hugmynd en eftir því sem ég hef velt málinu betur fyrir mér sé ég enga ástæða til þess að sérmerkja konum neinar viðurkenningar. Þess í stað ættu þær að gera það sama og karlarnir, efna til verðlauna, láta eins og þau séu fyrir bæði kyn en veita þau samt aðallega eigin kyni.

ÞRÁTT fyrir kvenmannsleysið á Bessastöðum í sumar hef ég síður en svo misst trúna á fálkaorðuna og ætla því að gefa henni annað tækifæri. Í upphafi nýárs ætla ég að setjast niður og skrifa bréf þar sem ég sting upp á verðugum fálkaorðubera við orðunefndina, eins og reyndar öllum er heimilt að gera. Ég veit nefnilega um konu nokkra sem tókst að breyta lífi meðbræðra sinna til hins betra og veit ekki til þess að hún hafi fengið neina opinbera viðurkenningu fyrir störf sín. Hún er komin hátt á áttræðisaldur svo ekki efa ég að nefndin eigi eftir að velta málinu ítarlega fyrir sér, enda alkunna að konur verða að hafa sannað sig almennilega áður en verk þeirra eru metin að verðleikum. Verði ég ekki bænheyrð má vel vera að ég efni til minna eigin verðlauna en þau verða hvorki kennd við lóu, rjúpu né gæs. Nei, þau verða kennd við tófuna, enda harðgert og slóttugt dýr sem svífst einskis til að komast af og vernda ungana sína. ■

Hive Lite

NÚNA FÆRÐU HÁHRAÐA ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990
Á MÁNUÐI?*
*M.v. 12 mánaða samning.

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds fyrir aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



HELKAMA
Vínskápur C165W
Tekur 36 flöskur
Hitastig frá 5°C til 17°C
H: 90,5 x B: 55 x D: 60,2 cm
Kr. 59.900

SOLIS Expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
Kr. 54.900

EISA BEST PRODUCT 2005-2006

SAMSUNG LE40M61BX
40" LCD Háskerpusjónvarp (HDTV)
Valið besta LCD sjónvarpið 2005–2006
Kr. 369.990

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
Heimilistæki, raftæki ofl.
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900
Allt vöruúrvalið
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800
Hljómtæki, sjónvörp ofl.

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Auglýsingastofa Guðrúnar Örnu